












# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

17. júlí 2010 — 166. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000




**Smyglaði biblíum**

*Auður Bjarnadóttir ætlaði að frelsa balletthéiminn.*

viðtal 18

**Forsetahjónin í Hvítá**

*Ólafur Ragnar og Dorrit fóru í flúðasiglingu niður Hvítá á dögunum.*

fólk 42



**Frönsk hönnun**

*Framsækinn Alexis Mabille.*

tíska 30

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Matur | Allt | Allt atvinna






MYND/GÍSLI GÍSLASON

**SUÐUPOTTUR Í EYJAFJALLAJÖKLI** Við gosstöðvarnar á Eyjafjallajökli er nú eitt öflugasta háhitasvæði landsins eins og sjá má á mynd sem Gísli Gíslason þyrluflugmaður tók af Gígjökli í gærmorgun. Í gígnum er nú 40 til 50 gráðu heitt vatn sem ólgar og rýkur. Mikil gufa stígur upp úr jörðinni í kringum gíginn en þar er um að ræða grunnvatn sem komist hefur í snertingu við nýstorknaða kvikuna í gosrásinni, soðið og stigið upp.

# Stjórnvöld vilja rifta kaupum

**Ríkisstjórnin skoðar hvort kaup Magma á hlut í HS orku séu málamyndagjörningur sem hægt sé að rifta. Stjórnvöld eiga ekki fjármuni til að ganga inn í kaupin, segir varaformaður fjárlaganefndar Alþingis.**

**STJÓRNMÁL** Ríkissjóður hefur ekki efni á að ganga inn í samning um kaup Magma Energy á hlut Geysis Green Energy í HS orku, að mati Björns Vals Gíslasonar, þingmanns Vinstri grænna og varaformanns fjárlaganefndar. Aðrar leiðir í málinu eru til skoðunar.

„Mér finnst að við eigum að reyna að grípa inn í með einhverjum hætti, en ríkið með fjármuni, guð hjálpi þér, við erum að skera niður um 100 milljarða á næstu þremur árum og höfum ekki lánstraust, sömu flokkarnir og vilja einkavæða orkuauðlindir landsins og hafa barist fyrir því eru búnir að koma landinu þannig fyrir að við höfum hvorki lánstraust né eigum eigið fé til að leggja fram í þessum tilgangi.

Það getur vel verið að fólki finnist að það sé sú leið sem við eigum að fara og það sé þess virði að verða sér úti um peninga til þess, en þeir þurfa að koma einhvers staðar frá, annaðhvort í auknum niðurskurði eða auknum tekjum, eða auknum lántökum sem ekki eru í boði.“

Björn segir aðrar leiðir til skoðunar, meðal annars hvort hægt sé að rifta samningnum á þeim forsendum að um málamyndagjörning sé að ræða.

- kóp / sjá síðu 2










## SPURNING DAGSINS



*„Alexander, ertu búinn að finna orminn í þér?“*

„Já, það er nóg af ormum í mér.“

Alexander Briem fer með hlutverk Orms Óðinssonar í væntanlegri kvikmynd sem gerð er eftir bókinni Gauragangi eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Varaformaður fjárlaganefnar gagnrýnir samflokksmenn sína:

# Ummæli flokksmanna ómakleg

**STJÓRNMÁL** Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna og varaformaður fjárlaganefndar, segir ummæli ýmissa flokksmanna hans varðandi aðgerðarleysi flokksins þegar kemur að kaupum Magma Energy á hlut í HS orku, vera röng og ómakleg. Flokkurinn hafi reynt að koma í veg fyrir kaupin.

Björn segir að einkavæðingarferlið hafi hafist í ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks og haldið áfram eftir ákvarðanir bæjarstjórna Reykjanesbæjar og Reykjavíkur um sölu í fyrirtækinu. Sömu flokkar hafi verið í meirihluta í höfuðborginni en Sjálfstæðisflokkur einn suður með sjó. Vinstri græn hafi reynt að koma í veg fyrir málið. Málið hafi ekki verið á höndum ríkisstjórnarinnar og það sé fráleitt að kenna Vinstri grænum um það, hvað þá forystu flokksins.



**BJÖRN VALUR** Varaformaður fjárlaganefndar telur að ummæli ýmissa flokksfélaga hans í Vinstri grænum í garð flokksforystunnar séu ómakleg.

„Það er gjörsamlega galið að mínu mati, bæði af mínum flokksmönnum og öðrum, að ætla að kenna VG um málið,“ segir hann, og bendir á að fyrrnefndir flokkar hafi ekki breytt afstöðu sinni varðandi einkavæðingu auðlinda. Björn Valur segir að reynt sé að koma í veg fyrir söluna, en stjórnvöld hafi ekki fjármuni til að ganga inn í samninginn. Því sé annarra leiða leitað og til dæmis sé til skoðunar hvort um málamyndagjörning sé að ræða sem hægt sé að rifta. **- kóp**

Manndráp af gáleysi:

# Ölvaður ökumaður dæmdur

**DÓMSTÓLAR** Maður á fertugsaldri var í gær dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af fjóra skilorðsbundna, fyrir manndráp af gáleysi.

Maðurinn ók ölvaður á röngum vegarhelmingi á Grindavíkurvegi og lenti í árekstri við bíl sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður þess bíls lést en ölvaði ökumaðurinn slasaðist talsvert.

Í dómnum kemur fram að maðurinn gekkst við sök undanbragðalaust og mun hann ekki áfrýja. **- sb**



**GLJÚFRASTEINN** Húsið var reist árið 1945 eftir teikningum Ágústs Pálssonar.

Gott dæmi um höfundarverk:

# Gljúfrasteinn friðaður

**MENNING** Menntamálaráðherra hefur, að tillögu húsafriðunarnefndar, friðað Gljúfrastein í Mosfellsdal.

Gljúfrasteinn, sem var heimili Halldórs og Auðar Laxness, var reistur 1945 eftir teikningum Ágústs Pálssonar arkitekts. Telur húsafriðunarnefnd Gljúfrastein hafa gildi sem dæmi um verk Ágústs og þróun funksjónalismans um miðja síðustu öld. Þá sé húsið athyglisvert vegna samspils þess við náttúru og staðhætti. Nær friðunin til ytra byrðisins.

Rúmlega fjögur hundruð byggingar eru friðaðar á landinu öllu. Af þeim eru um 150 friðaðar með ákvörðun stjórnvalda en hinar vegna aldurs. **- bþs**

Stöðvuðu bíl starfsmanna:

# Talíbanar rændu læknum

**AFGANISTAN, AP Fimm starfsmönnum heilbrigðisráðuneytisins í Afganistan var rænt í Kandahar í gær. Uppreisnarmenn drápu einnig opinberan starfsmann annars staðar í héraðinu.**

**Fólkið sem var rænt er hluti læknateymis sem var á leiðinni til Kandahar í bíl. Um var að ræða tvo lækna, hjúkrunarfræðing, lyfjafræðing og bílstjóra þeirra, en mannræningjarnir neyddu hann til að stöðva bílinn á leiðinni. Talíbanar hafa rænt og myrt fjöldann allan af opinberum starfsmönnum síðustu vikur. - þeb**

# Ísland hefur staðið við framlög til Haítí

**Íslensk stjórnvöld hafa veitt 96 milljónum króna í hjálparstarf á Haítí. Aðeins fjögur erlend ríki sem lofuðu aðstoð á ráðstefnu í mars hafa staðið við sitt. 98 prósent þeirra framlaga hafa enn ekki skilað sér í hjálparstarfið.**

**HAÍTÍ** Íslensk stjórnvöld hafa veitt 96,1 milljón króna í hjálpar- og uppbyggingarstarf á Haítí frá því að jarðskjálfti reið þar yfir fyrir rúmu hálfu ári. Þau hafa því nú þegar staðið við öll þau framlög sem lofað hafði verið, að sögn Auðuns Atlasonar, deildarstjóra í utanríkisráðuneytinu.

Langstærstur hluti þess var kostnaður við ferð rústabjörgunarsveitar á vegum Landsbjargar. Sjö milljónir króna hafa farið til Matvælaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna og 25 milljónir til frjálsra félagasamtaka á borð við Hjálparstarf kirkjunnar og Rauða krossinn.

Fréttastofan CNN hefur greint frá því að innan við tvö prósent af þeim 5,3 milljörðum Bandaríkjadala, sem ríkisstjórnir heims lofuðu til uppbyggingar á vegum Sameinuðu þjóðanna eftir jarðskjálftann, hafi skilað sér. Aðeins fjögur lönd hafi afhent fé til sérstakrar stofnunar Sameinuðu þjóðanna; Noregur, Brasilía, Eistland og Ástralía. Þessu fé var lofað í verkefnið á ráðstefnu í mars. Ríkisstjórn Íslands tilkynnti um öll sín framlög á vettvangi SÞ og er ekki meðal þeirra ríkja sem frétt CNN á við um að sögn Auðuns.

Löndin sem ekki hafa staðið við sitt hafa tíma fram á mitt næsta ár til þess. Bandaríkin lofuðu til dæmis einum milljarði dollara og Venesúela 1,3 milljörðum, en hvorugt landið hefur nokkuð greitt. Venesúela hefur þó afskrifað hluta af skuldum Haítí. Spánn, Frakkland og Kanada eru einnig meðal landa sem eiga eftir að greiða háar fjárhæðir.



**PORT-AU-PRINCE** Enn ríkir mikil neyð á Haítí eftir jarðskjálftann. Þessi stúlka gekk um rústir húsa í höfuðborginni Port-au-prince í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**96,1** milljón króna hefur verið veitt, af íslenskum stjórnvöldum, til hjálpar- og uppbyggingarstarfs á Haítí.

Bill Clinton, fyrrum Bandaríkjaforseti og sérstakur erindreki SÞ fyrir Haítí, ætlar að þrýsta á ríkisstjórnirnar að standa við loforð sitt sem fyrst og veita upplýsingar um hvenær sé von á fé. Hann segist telja að efnahagsástand heimsins beri að hluta til ábyrgð á seinaganginum.

Hjálparstarf hefur þó gengið vel samanborið við aðrar hamfarir, að sögn talsmanns SÞ á Haítí. Fleiri stofnanir starfa á svæðinu, til dæmis Læknar án landamæra og Rauði krossinn, ásamt einkasjóðum sem hafa verið stofnaðir vegna skjálftans. Læknar án landamæra hafa fengið um 112 milljónir dollara í styrki og eytt 65 þeirra nú þegar og Rauði krossinn hefur eytt 148 milljónum af þeim 468 sem hann hefur fengið.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari framlög íslenska ríkisins til hjálparstarfsins en það kemur til greina, að sögn Auðuns. Það yrði þá gert í samvinnu við alþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök eins og SÞ og Rauða krossinn.

thorunn@frettabladid.is

Tilmæli Seðlabanka og FME:

# FME fékk frest frá umboðsmanni Alþingis

**STJÓRNSÝSLA Fjármálaeftirlitið svaraði ekki fyrirspurnum umboðsmanns Alþingis um tilmæli sem FME og Seðlabankinn gáfu út í kjölfar dóms Hæstaréttar um gengistryggð lán áður en frestur sem umboðsmaður setti rann út í gær.**

**Sigurður G. Valgeirsson, upplýsingafulltrúi FME, segir að umboðsmaður hafi veitt umbeðinn frest fram í næstu viku. FME hafi viljað vanda til svarsins og hafi þurft lengri tíma vegna sumarleyfa og anna. Ekki fékkst svar frá Seðlabankanum í gær um hvort Seðlabankinn hefði svarað tilmælum umboðsmanns. - pg**

Forsvarsmenn BP bjartsýnir:

# Stöðvun olíuleka gengur vel

**BANDARÍKIN** Stöðvun olíulekans í Mexíkóflóa gengur vel að sögn forsvarsmanna olíufélagsins BP. Hann var stöðvaður í tilraunaskyni á fimmtudag til þess að kanna ástand olíuborholunnar.

Ef þrýstingur í holunni helst hár gæti það þýtt að engar aðrar skemmdir hafi orðið á henni. Ef hann fellur gæti það þýtt fleiri skemmdir. Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði í gær að þrátt fyrir góðar fréttir væri þessu ekki lokið. Ekki er víst hvað tekur við ef tilraunin gengur vel. Mögulega verður borholunni lokað en líklegra þykir að fyrirtækið muni hefja störf þar á nýjan leik. **- þeb**

## BLÖNDUÓS

### Nýja laugin mjög vinsæl

8.400 gestir hafa komið í nýju sundlaugina á Blönduósi á þeim mánuði sem hún hefur nú verið opin. Það er miklu meiri fjöldi en búist hafði verið við, en laugin verður formlega vígð á Húnavöku í dag.






Eigendanefnd Orkuveitu Reykjavíkur er að taka til starfa:

# OR skipt í tvennt um áramót

**ORKUMÁL** Orkuveitu Reykjavíkur verður skipt upp í tvö fyrirtæki fyrir áramót. Þá rennur út margframlengdur frestur fyrirtækisins til þess að aðskilja samkeppnishluta og einkaleyfishluta fyrirtækisins í samræmi við Evrópureglur.

Slík uppskipting hefur þegar átt sér stað hjá öðrum orkufyrirtækjum í landinu, þar sem orkuframleiðsla hefur verið sett inn í eitt fyrirtæki, svokallaðan samkeppnishluta, en orkudreifing í annan hluta, svokallaðan einkaleyfishluta. Dæmi um slíka uppskiptingu eru HS orka og HS veitur, tvö fyrirtæki sem áður mynduðu Hitaveitu Suðurnesja.

Borgarráð kaus nýlega sérstaka eigendanefnd til að móta eigendastefnu vegna uppskiptingar fyrirtækisins. Sú nefnd á líka að fjalla um hlutverk sveitarfélaganna sem eigenda auðlinda sem tengjast starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og ákveða hvernig staðið verður að eignarhaldi þeirra eftir uppskiptingu fyrirtækisins.



**DAGUR B. EGGERTSSON**

Stjórn OR lauk stefnumótunarvinnu sem tengist þessu á síðasta kjörtímabili en sveitarstjórnirnar sjálfar áttu eftir að taka hana til umfjöllunar. Eigendanefndin mun annast þá umfjöllun.

Dagur B. Eggertsson, formaður eigendanefndarinnar, segir að einnig komi til skoðunar hvernig hlutverkum verði skipt milli stjórnar og stjórnenda orkufyrirtækja borgarinnar. **- pg**



**VIÐ HELLISHEIÐARVIRKJUN** Frestur Orkuveitunnar til að aðskilja samkeppnishluta og einkaleyfishluta fyrirtækisins rennur út um áramótin.



Húsa
Útimálning
10L Hvítt
7207040
10 lítrar
6.990
8.995
Þekur 50m²
í tveimur
umferðum
GORI 44+
ÖLL
SUMARBLÓM
& GARÐPLÖNTUR
50%
AFSLÁTTUR
HÚSASMIÐJAN
ÚTI
MÁLNING
ÖLL
VIÐARVÖRN
25%
AFSLÁTTUR
ÚTSALA ÚTSALA
GARÐÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA
22.490
29.990
SUMAR-
LEIKFÖNG
25%
AFSLÁTTUR
Rafmagnssláttuvél
B&D
35 ltr. safnari, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134
BLACK & DECKER
FRÁBÆRT
VERÐ!
Burny
39.900
49.900
Gæða gasgrill
Burny Sizzler 200
10.0 kW
Grillflötur 44x50 sm.
Hitagrind 44x14 sm
2 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf
yfir brennurum
Postulínsemelerað
lok, grill og grillgrind
sem varnar ryðmyndun.
3000272
ÝMIS
GARÐVERKFÆRI
20-30%
AFSLÁTTUR
RAFMAGNS
SLÁTTUVÉLAR
25%
AFSLÁTTUR
GARÐSETT
19.900
27.990
VEIÐIVÖRUR
20%
AFSLÁTTUR
ÖLL
GRILLÁHÖLD
20%
AFSLÁTTUR
Hi Point
GREINA-&
GARÐKLIPPUR
40%
AFSLÁTTUR
GOLFSETT
20%
AFSLÁTTUR
ÖLL
GARÐHÚSGÖGN
25%
AFSLÁTTUR
Garðsett
80 sm borð með
4 stólum
3899138
Látum
verkin tala!
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
Skútuvogur opið alla daga til 21:00
Grafarholt opið alla daga til 18:00
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
blómaval
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 16.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,888 | 122,46 |
| Sterlingspund | 187,51 | 188,43 |
| Evra | 158,1 | 158,98 |
| Dönsk króna | 21,215 | 21,339 |
| Norsk króna | 19,679 | 19,795 |
| Sænsk króna | 16,705 | 16,803 |
| Japanskt jen | 1,3968 | 1,405 |
| SDR | 184,42 | 185,52 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,1078

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**STRAUMSVÍK** Landsnet mun flytja orku til álvers ISAL en afkastagetan þar verður aukin um 40 þúsund tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samið um flutning raforku:

# Landsnet flytur raforku til ISAL

**IÐNAÐUR** Landsnet mun flytja raforku til álversins í Straumsvík, en áætlað er að hækka strauminn í álverinu og auka þannig afkastagetuna um 40 þúsund tonn.

Í tilkynningu frá Landsneti segir að fyrirtækið muni samkvæmt samningi ráðast í fjárfestingar í flutningskerfinu, en þær helstu eru bygging 220 kílóvatta Búðarhálslínu og nauðsynlegra tengivirkja til að tengja virkjunina við flutningskerfið. Landsnet hefur lokið við mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem ráðast þarf í. Samningurinn var undirritaður á fimmtudag, með fyrirvara um samþykki forstjóra beggja fyrirtækja. - kóp

## LEIÐRÉTTING

### Ekki lokað í ráðuneytinu

Ranglega var sagt frá því í Fréttablaðinu í gær að félagsmálaráðuneytinu hefði verið lokað vegna veðurs. Hið rétta er að starfsfólk ráðuneytisins fékk frí, utan einn starfsmaður sem svaraði símtölum og fyrirspurnum.

Breski Evrópuþingmaðurinn Daniel Hannan staddur hér á landi:

# Óráð að ljúka ekki aðildarviðræðum

**STJÓRNMÁL** Breski Evrópuþingmaðurinn Daniel Hannan segir Íslendinga hafa lítið að sækja í Evrópusambandið. Hann telur jafnframt óráð að ljúka ekki aðildarviðræðunum sem hafnar eru. Hannan er staddur hér á landi og hélt erindi í gær á vegum Heimdallar.

Hannan þykir lýðræði ábótavant í sambandinu og hefur áhyggjur af því að sjávarútvegsstefna ESB henti ekki Íslendingum. „Ég á von á því að á einhverjum tímapunkti í samningsferlinu verði tilkynnt með mikilli viðhöfn að náðst hafi góð niðurstaða um sjávarútvegsmál. Líklega verður viðauka bætt við samninginn þar sem segir að Íslendingar haldi yfirráðum yfir hafsvæði sínu. Það mun hljóma eins og vandinn hafi verið leystur en reynsla annarra ríkja er sú að jafnvel slík yfirlýsing er lítils virði. Þegar spænskur sjómaður kærir hana til Evrópudómstólsins á grundvelli þess að hún brjóti í bága við sameiginlegu fiskveiðistefnuna mun Evrópudómstóllinn dæma sjómanninum í vil," sagði Hannan enn fremur en hann telur einu raunhæfu lausnina fyrir Ísland vera að fiskveiðistefnunni verði einfaldlega breytt.



DANIEL HANNAN

Hannan telur óráð að draga aðildarumsóknina til baka eins og rætt hefur verið um. „Ég styð alltaf þjóðaratkvæðagreiðslur og mér sýnist að það séu gild rök til staðar á þá leið að verði ekki fenginn botn í málið þá muni það hafa slæm áhrif á viðskiptalífið, fjárfesta og aðra." - mþl

37 sóttu um bæjarstjórastarf:

# Steinunn Valdís vill á Skagann

**AKRANES Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sem sagði nýlega af sér þingmennsku fyrir Samfylkinguna og var áður borgarstjóri í Reykjavík, er meðal umsækjenda um starf bæjarstjóra á Akranesi.**

**Þrjátíu og sjö umsóknir bárust, sex þeirra frá konum. Umsóknarfrestur rann út á sunnudag. Á heimasíðu Akranesbæjar segir að gengið verði frá ráðningu í byrjun ágúst en Capacent hefur umsjón með ráðningarferlinu fyrir hönd bæjarins.** - pg

## Umhverfis landið

### Landhelgisgæslan fylgist með umferð

**BLÖNDUÓS** Landhelgisgæslan ætlar að aðstoða lögregluna á Blönduósi við umferðareftirlit á þjóðvegum og hálendi í umdæminu um helgina. Gæslan ætlar að fylgjast með ökuhraða og aksturslagi ökumanna úr lofti. Markmiðið er að efla öryggi og vernda náttúruna fyrir utanvegarakstri. Þá verður einnig haldin björgunaræfing Landhelgisgæslunnar með björgunarsveitum Landsbjargar á Blönduósi í dag. Húnavaka verður einnig haldin hátíðleg í bænum um helgina og verður fjölbreytt dagskrá í boði.

### Hverfisráð stofnað í Grímsey



**GRÍMSEY** Fyrsta hverfisráð Grímseyjar var kosið á íbúafundi í eynni á þriðjudag, en samþykkt um hverfisráð í Hrísey og Grímsey var samþykkt af Akureyrarbæ í apríl. Hverfisráðin eiga fyrst og fremst að vera ráðgefandi um málefni eyjanna gagnvart bæjarstjórninni. Sigurður Bjarnason var kjörinn formaður ráðsins en auk hans sitja Ragnhildur Hjaltadóttir og Sigrún Þorláksdóttir í ráðinu. Á fundinum var einnig rætt um reynsluna af sameiningu Grímseyjar og Akureyrar. Almenn ánægja ríkir með hana meðal íbúa, að því er kemur fram á vef Akureyrarbæjar.



### Vilja nýjan stað fyrir mýrarboltann

**ÍSAFJÖRÐUR** Bæjarráð Ísafjarðar vill að mýrarboltamóti, sem haldið er um verslunarmannahelgina ár hvert, verði fundinn nýr staður á næsta ári. Mýrarboltafélag Íslands hefur haldið mótið undanfarin ár og hefur Ísafjarðarbær veitt afnot af svæði í Tungudal til mótshaldsins. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum á fimmtudag að veita leyfi fyrir því í ár, með því skilyrði að gengið verði sómasamlega um svæðið og gengið verði frá því að móti loknu. Einnig var lögð mikil áhersla á að mótinu yrði fundinn nýr staður á næsta ári.



### Fólk ósátt vegna mengunarslyss

**ESKIFJÖRÐUR** Enn er mælst til þess að Eskfirðingar sjóði neysluvatn sitt, eftir mengunarslys hinn 4. júlí. Austurgluggin, fréttablað Austurlands, segir frá því að margir íbúanna séu ósáttir við hversu lengi hafi verið beðið með að senda út tilkynningu vegna málsins. Gerlar bárust í neysluvatn bæjarins við slysið, því löndunarvatn úr skipinu Hugni VE 55 blandaðist við neysluvatnið. Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, telur þó að rétt hafi verið brugðist við.

### Tuttugu fóru of hratt um Vesturlandsveg

**AKRANES** Tuttugu ökumenn voru stöðvaðir og sektaðir fyrir of hraðan akstur á Vesturlandsvegi í vikunni. Sá sem hraðast ók mældist á 127 kílómetra hraða og fær sjötíu þúsund króna sekt fyrir vikið. Um þessar mundir standa lögregluembættin á Vesturlandi í átaki gegn hraðakstri. Í samtali við Skessuhorn sagði lögreglumaður þó að umferðin væri skikkanlegri en áður og fólk væri farið að stunda sparakstur frekar en hraðakstur.

### Nýr fáni kynntur á Bryggjuhátíð

**STOKKSEYRI** Bryggjuhátíð fer fram á Stokkseyri um helgina og hófst hún á fimmtudaginn. Þá var ný fánastöng vígð í Þuríðargarði í bænum við hátíðlega athöfn. Einnig var nýr fáni og merki Hrútavinafélagsins Örvars kynnt fyrir viðstöddum, en fánanum var fyrst flaggað á gömlu bæjarstönginni en ekki þeirri nýju. Hátíðin heldur áfram alla helgina með ýmsum atburðum, meðal annars stórdansleik á Draugabarnum í kvöld.




FYRIR VANDLÁTA




79.900
FULLT VERÐ
95.000

Frábært grill
fyrir íslenskar aðstæður

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hitadreifarar úr pottjárni
- Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Vönduð og sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 108 x 62 cm

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Opið laugardag til kl. 14

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON -
ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI
GEISLA Í EYJUM


## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

**VEÐURBLÍÐA**
Veðrið leikur við landsmenn á sunnan- og vestanverðu landinu næstu daga en norðan- og austanlands verður hitastig lægra og sólskin minna. Þó kortin sýni bjartviðri sunnan- og vestantil má búast við síðdegisskúrum.







**Á MORGUN**
Hægur eða fremur hægur vindur.

**MÁNUDAGUR**
Hæg breytileg átt víðast hvar á landinu.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 32° |
| Berlín | 31° |
| Billund | 24° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 25° |
| Kaupmannahöfn | 25° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 21° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 35° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 22° |
| París | 24° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 25° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# Viltu hlaupa til góðs?

## www.hlaupastyrkur.is

Skráning er í fullum gangi í Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka sem fer fram þann 21. ágúst. Ef þú vilt hlaupa til góðs getur þú nú fengið vini, vandamenn, fyrirtæki eða bláókunnuga til að heita á þig á vefsíðunni hlaupastyrkur.is





**Þetta er einfalt:**

1 Þú skráir þig í Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka á marathon.is og velur góðgerðafélag til að hlaupa fyrir.

2 Þú ferð á hlaupastyrkur.is og skráir þig inn með því að smella á Nýskráning. Þá færðu þína eigin síðu og getur byrjað að safna áheitum.

3 Þeir sem vilja heita á þig geta annað hvort gert það með **sms-skilaboðum** eða **kreditkorti**.

4 Til að vekja athygli á áheitasöfnun þinni getur þú búið til myndband með andlitsmynd þinni og sent með **tölvupósti**, á **Facebook** eða **Twitter**. Á Facebook og Twitter getur þú einnig deilt með öðrum að þú sért að safna áheitum. Svo getur þú líka sótt barmmerki í næsta útibú Íslandsbanka.

Skráðu þig strax til leiks og byrjaðu að safna áheitum á hlaupastyrkur.is

**Hlauptu til góðs!**




„Ég hleyp fyrir Krabbameinsfélagið"
**Heiðrún Tinna Haraldsdóttir**

Íslandsbanki
*- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997*

HVÍTA HÚSIÐ/SIA 10-0396

Vísindamenn við háskólann í Arizona hafa þróað erfðabreyttar moskítóflugur:

# Flugur ónæmar fyrir malaríu

**VÍSINDI** Vísindamönnum hefur tekist að búa til erfðabreyttar moskítóflugur sem geta ekki smitað fólk af malaríu.

Reynt hefur verið að erfðabreyta flugunum á þennan hátt í mörg ár en hingað til hefur bara tekist að minnka líkurnar á smiti. Nú hefur vísindamönnum í háskólanum í Arizona tekist að rækta flugur sem eru ónæmar fyrir sníkjudýrinu sem veldur malaríu. Vonast er til þess að í framtíðinni verði hægt að skipta þessum moskítóflugum út fyrir þær hefðbundnu. Þegar búið verður að finna út leið til að gera það verður hægt að sleppa þeim, en þangað til eru þær læstar í búrum á rannsóknarstofum.

Vísindamennirnir sprautuðu tilraunaflugur með malaríusmituðu blóði, en allar reyndust þær ónæmar. Rannsóknin hafði miðast að því að ná framförum í málinu og kom það því skemmtilega á óvart hversu vel tókst til. Um 250 milljónir manna smitast af malaríu á hverju ári og af þeim lætur ein milljón lífið. Flestir sem látast úr sjúkdómnum eru börn. Aðeins er hægt að smitast af sjúkdómnum í gegnum moskítóflugurnar. - þeb



**MOSKÍTÓ** Moskítóflugurnar geta borið með sér sníkjudýr sem veldur malaríu.

Fjöldahandtökur í Asíu:

# Handtekin fyrir að veðja um HM

**ASÍA** Yfir fimm þúsund manns voru handteknir í Asíu fyrir að stunda ólögleg veðmál meðan á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu stóð.

Fólkið var handtekið í Kína, Malasíu, Singapúr og Taílandi, að sögn Interpol. Nærri tíu milljónir Bandaríkjadala hafa verið haldlagðar í aðgerðunum. Ráðist var inn í um 800 ólöglega veðbanka í löndunum fjórum og segir lögreglan að í veðbönkunum hafi verið veðjað fyrir um 155 milljónir dala. - þeb

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú sótt kvikmyndahús í sumar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 28,7% |
| NEI | 71,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Drekkur þú sykurlausa gosdrykki á borð við Diet Coke?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

# Þorskkvótinn aukinn og úthafsrækjuveiðar frjálsar

**Sjávarútvegsráðherra fer eftir tillögum Hafró og eykur þorskkvótann. Ýsukvótinn minnkar umtalsvert en er meiri en ráðgjöf Hafró. Mistök að gefa veiðar á úthafsrækju frjálsar, segir framkvæmdastjóri LÍÚ.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Þorskkvóti næsta fiskveiðiárs verður aukinn um 10 þúsund tonn frá því sem var á yfirstandandi fiskveiðiári. Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra tilkynnti þetta í gær, þegar hann gaf út ákvörðun um heildaraflamark 2010 til 2011.

Aukning þorskkvótans er að tillögu Hafrannsóknastofnunar, en ráðherra fer í flestu að tillögum hennar. Þar eru þó veigamiklar undantekningar varðandi ýsu og ufsa, en ekki síst grálúðuna. Hafró lagði til fimm þúsund tonna hámarkskvóta, en ráðherra gaf út 13 þúsund tonna kvóta. Jóhann Sigurjónson, forstjóri Hafró, segir að það sé slæm ákvörðun.

Grálúða er deilistofn sem Íslendingar, Grænlendingar og Færeyingar nýta. Hann hefur verið í lægð undanfarin ár, en þjóðirnar hafa ekki komið sér saman um kvóta. Fyrir vikið hefur hver þjóð fyrir sig veitt meira en æskilegt er til að koma sér upp veiðireynslu. Jón Bjarnason segir að ákvörðun um grálúðukvóta markist af því. Íslendingar verði að halda sínu gagnvart hinum þjóðunum.

Jóhann segir að þjóðirnar verði að leysa málið. „Ég trúi því og treysti að nú verði gert átak í að ná samkomulagi við þessa góðu nágranna okkar.“



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON



EINAR K. GUÐFINNSSON

Veigamikil breyting verður á veiðum á úthafsrækju, en þær verða gefnar frjálsar. Ráðherra segir ástæðuna vera þá að ekki hafi veiðst upp í aflamark síðustu ára. Gefi hann út hámarksafla verði hann að skipta honum niður á skip. Með því að gefa veiðarnar frjálsar geti hver sem er sótt í stofninn, en ráðherra áskilur sér rétt til að stöðva veiðarnar verði þær of umfangsmiklar.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) segir sambandið munu fara fram á það við ráðherra að þessu verði breytt. Um misskilning sé að ræða hjá starfshópi ráðherra sem vann tillögurnar og hann hafi trú á að ráðherra gefi út aflamark.

Hvað þorskinn varðar segir Friðrik að sambandið telji að stofninn beri meiri veiðar, að minnsta kosti 180 þúsund tonn. LÍÚ telur að móta eigi nýja nýtingarstefnu sem tekur tillit til fleiri þátta þegar aflahámark er gefið út. Væri það gert nú væri þorskkvótinn meiri.

Jóhann segir það fagnaðarefni að þorskurinn sé að styrkjast. Í niðursveiflui þorskkvótans hafi menn ekki nýtt aðrar tegundir nógu skynsamlega; gengið of hart að þeim stofnum til að vega upp minni þorskveiði, sem sé út af fyrir sig skiljanlegt. „Það er mikilvægt að við förum að beina sjónum okkar að öðrum tegundum en þorski.“

Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrum sjávarútvegsráðherra, segir ráðherra bundinn í báða skó varðandi þorskkvótann vegna aflareglu. Hann hefði hins vegar viljað sjá enn meiri þorskkvóta.

„Ég hefði talið eðlilegt að hann hefði aukið heldur við, sérstaklega vegna þess að nú mun strandveiðiflotinn fá sinn skammt af þessum kvóta í fyrsta skipti á næsta fiskveiðiári. Þessi tíu þúsund tonn sem nú koma til viðbótar koma ekki nema að hálfu til þeirra sem eru í aflamarks- og krókaflamarkskerfinu og ég hefði talið að minnta kosti að hann hefði átt að tryggja að þeir nytu þeirrar aukningar að fullu,“ segir Einar og minnir á að þeir hafi þurft að taka á sig skerðingu síðustu ár en njóti aukningarinnar ekki að fullu. kolbeinn@frettabladid.is



**SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA** Jón Bjarnason tilkynnti í gær um heildaraflamark næsta fiskveiðiárs. Að mestu fór ráðherra eftir tillögum Hafró. Þorskkvótinn verður aukinn um tíu þúsund tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Gott að farið sé eftir nýtingarstefnunni

„Þorskurinn er að styrkjast og það er mikilvægt að farið sé eftir þessari mótuðu nýtingarstefnu sem stjórnvöld hafa sett sér. Þetta er langtíma nýtingarregla sem stjórnvöld hafa varðað og henni má ekki breyta frá ári til árs. Ég verð að fagna því að það sé vilji stjórnvalda,“ segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafró.

Jóhann segir mjög mikilvægt að koma eigi á fót samráðsvettvangi stjórnvalda og hagsmunaaðila. Mjög mikilvægt sé að nýtingarstefnan sé útskýrð og komið á fót hvað víðast í atvinnugreininni. „Ég get ekki ímyndað mér að menn komist að annarri niðurstöðu varðandi þorskinn. Menn fara ekkert að hringla í því. Það er mikilvægt að móta nýtingarstefnu og aflareglu fyrir aðra stofna, svo sem ufsa og ýsu. Þessi samráðsvettvangur er kjörinn fyrir það.“



JÓHANN SIGURJÓNSSON



**PÁLL Í NÚVERANDI HEIMKYNNUM** Kolkrabbinn á nú heima í Oberhausen-dýragarðinum í Þýskalandi. Hann spáði rétt fyrir um úrslit allra leikja Þýskalands, og um úrslitaleikinn. NORDICPHOTOS/AFP

Páll sagður þjóðhetja á Spáni:

# Spánverjar vilja fá kolkrabbann

**SPÁNN Kolkrabbinn Páll, sem varð heimsfrægur fyrir að spá rétt um úrslit leikja þýska landsliðsins á HM, gæti verið á leið til Spánar. Páll spáði Spánverjum sigri gegn Hollendingum í úrslitaleik mótsins.**

**Forsvarsmenn dýragarðsins í Madríd segjast ætla að toppa öll önnur tilboð og ganga að öllum kröfum Þjóðverja til að fá kolkrabbann. Þeir eru sannfærðir um að Páll muni laða að þúsundir gesta þar sem hann sé álitinn þjóðargersemi á Spáni.**

**Talsmenn dýragarðins í Þýskalandi segja hins vegar ekki koma til greina að selja eða lána Pál í burtu.** - þeb

Útimessa á Nónholti í Reykjavík
*Guð, gróður og grill*

**Sameiginleg útimessa Árbæjar, Grafarholts og Grafarvogssafnaða á Nónholti við Grafarvog sunnudag kl. 11.**

Ganga fer frá kirkjunum **kl. 10**. Einnig má aka malarveginn við sjúkrastöðina Vog við Stórhöfða. Grillpylsur og kirkjukaffi í góða veðrinu.

*Prestar og sóknarnefndir í nyrstu byggðum Reykjavíkur*




Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

Coca Cola Europe gerir ekki kröfu um að Þorsteinn M. Jónsson eigi Vífilfell:

# Skuldar Arion rúma 11 milljarða

**VIÐSKIPTI** Vífilfell missir ekki leyfi til að tappa á og selja kók þótt Arion banki taki rekstur fyrirtækisins yfir, þvert á það sem áður hefur komið fram. Vífilfell og félög í eigu Þorsteins M. Jónssonar skulda Arion banka um 11 milljarða.

Samkvæmt lánayfirliti Kaupþings banka frá 25. september 2008 skulduðu Vífilfell og félög í eigu Þorsteins M. Jónssonar Kaupþingi, nú Arion banka, alls 73 milljónir evra, eða jafnvirði rúmlega ellefu milljarða króna. Þar af voru skuldir tveggja félaga Þorsteins, Sólstafa ehf. og Stuðlaháls ehf., alls 57 milljónir evra, eða jafnvirði um níu milljarða króna. Tryggingar fyrir þessum skuldum eru m.a. hlutabréf í Vífilfelli sem er með átöppunar- og dreifingarleyfi fyrir kók og aðra gosdrykki frá Coca Cola Company. Velta fyrirtækisins er sex milljarðar á ári.



ÞORSTEINN M. JÓNSSON

Vífilfell á fasteignir við Stuðlaháls, vélar og tæki, en auk þess á félagið fimm prósenta eignarhlut í evrópska drykkjarframleiðandanum Refresco. Skuldir félaga Þorsteins íþyngja þeim mjög. Fréttastofa RÚV greindi frá því í október á síðasta ári að fulltrúi Coca Cola á Norðurlöndunum hefði sagt Kaupþingi að ef gengið yrði að veðum í Vífilfelli myndi Coca Cola svipta fyrirtækið leyfi til að tappa á flöskur. Þetta virðist ekki vera raunin því Coca Cola Europe virðist ekki hafa áhyggjur af því hver á Vífilfell. Joel Morris, talsmaður Coca Cola Europe, sagði í svari við skriflegri fyrirspurn fréttastofu Stöðvar 2: „Við höfum aðeins eitt markmið og það er að halda áfram að veita íslenskum neytendum vörur sem þeir njóta.“ Morris segir að fyrirtækið muni geri það sem sé nauðsynlegt til að ná þessu markmiði.

Þorsteinn M. Jónsson vildi ekkert tjá sig um málið og ekki svara spurningum um hvort eignarhaldsfélögin Sólstafir ehf. og Stuðlaháls ehf. hefðu staðið í skilum með sín lán. - þþ



# ÚTHLUTUN ÚR POKASJÓÐI 2010

POKASJÓÐUR

**POKASJÓÐUR VEITIR STYRKI TIL UMHVERFIS-, MENNINGAR-, ÍÞRÓTTA- OG MANNÚÐARMÁLA. SJÓÐURINN SKIPTIST Í SAMEIGNARSJÓÐ, SEM POKASJÓÐUR VEITIR STYRKI ÚR, OG SÉREIGNARSJÓÐ SEM HVER AÐILDARFÉLAGI FYRIR SIG VEITIR ÚR. FRÁ UPPHAFI HEFUR POKASJÓÐUR ÚTHLUTAÐ MEIRA EN 1.000 MILLJÓNUM.**

**ÚTHLUTUN ÚR POKASJÓÐI 2010 HEFUR FARIÐ FRAM OG VAR TÆPLAGA 48 MILLJÓNUM ÚTHLUTAÐ TIL STYRKTAR MARGVÍSLEGUM UPPBYGGILEGUM MÁLEFNUM EINS OG ÚTHLUTUNARLISTINN SÝNIR.**

| | |
|---|---|
| ADHD samtökin - Fræðslunámskeið fyrir foreldra og unglinga með ADHD | 300.000 |
| Ás styrktarfélag - Sumardvöl fyrir fólk með þroskahömlun | 500.000 |
| Barnaheill - Örugg netnotkun - þáttur netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum | 500.000 |
| Bergmál líknarfélag - Orlofsvikur fyrir langveikt fólk að Sólheimum sumarið 2010 | 1.000.000 |
| Blái herinn - Hreinn ávinningur 2008-2011 Landsátak í umhverfismálum | 1.000.000 |
| Brimnesskógar - Endurheimt Brimnesskóga í Skagafirði með upprunalegum trjágróðri | 500.000 |
| Dropinn, styrktarfél sykursjúkra barna - Fræðslubúðir fyrir sykursjúk börn og unglinga sumarið 2010 | 500.000 |
| Faðmur - heilaheill - Faðmur styrkir börn þeirra sem fengið hafa heilablóðfall | 300.000 |
| Ferðafélag Íslands - Esjuvin - umhverfisfræðsla í Esjunni | 1.000.000 |
| Félag CP á Íslandi - Sumarhátíð CP 2010. Fatlaðir einstaklingar og aðstandendur | 200.000 |
| Félag Heyrnarlausra - 50 ára afmæli félagsins. Útgáfa bókar, málþing, sögusýning o.fl. | 500.000 |
| Félag nýrnasjúkra - Gerð fræðslubæklings um meðferð fólks með lokastigsnýrnabilun | 300.000 |
| Foreldrafélag Öskjuhlíðarskóla - Sumardvöl fatlaðra barna sem ekki hafa tök á hefðbundnum Sumarbúðum | 700.000 |
| Framfarafélag Þykkvabæjar - Flóðavarnir og uppgræðsla örfoka sanda neðan Þykkvabæjar | 500.000 |
| Framkvæmdasjóður Skrúðs - Uppsetning á hvalbeinshliði í Skrúði - tákn garðsins | 1.000.000 |
| Fuglaverndarfélag Íslands - Friðland í Flóa. Áframhaldandi uppbygging og endurheimt votlendis | 1.000.000 |
| Garðyrkjufélag Reykjavíkur - Grenndargarðar til matjurtaræktar í sveitarfélögum | 500.000 |
| Heimili og skóli - Þýðing bæklinga um samstarf heimila og skóla fyrir öll skólastig | 1.000.000 |
| Hellismenn - Skilti, merkja leiðir og bæta GSM við Landmannahelli | 500.000 |
| Hestamiðstöð Reykjavíkur - Þjálfun og skemmtun lamaðra og fatlaðra á hestum | 500.000 |
| Hugmyndaflug ehf. - Heimildamynd um nýtingarmöguleika jarðhitasvæða, Gjástykki | 2.000.000 |
| Húsgull - Uppgræðsla á Hólasandi með skógarplöntum og lúpínu | 1.000.000 |
| Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir - Tónleikar fyrir langveika og eldri borgara | 300.000 |
| Íþróttasamband fatlaðra - Sumarbúðir fatlaðra á Laugarvatni | 1.500.000 |
| Júlíus Már Baldursson - Endurreisn á ræktun landnámshænunnar vegna bruna | 300.000 |
| Kaldársel sumarbúðir - Sumarbúðadvöl, sérsniðin fyrir ADHD stúlkur | 200.000 |
| Krýsuvíkursamtökin - Endurnýjun íbúðarherbergja í Krýsuvík | 1.000.000 |
| Kvikmyndahátíð - Sýning heimildamynda um umhverfismál | 1.000.000 |
| Landgræðslufélag Biskupstungna - Uppgræðsla og stöðvun jarðvegseyðingar á Haukadalsheiði | 3.000.000 |
| Landvernd - Átaksverkefni gegn utanvegaakstri | 500.000 |
| Laugarneskirkja - Adrenalin gegn rasisma - fjölmenningarstarf fyrir unglinga | 500.000 |
| List án landamæra - Listahátíð - markmið að útmá landamæri á milli fatlaðra og ófatlaðra | 500.000 |
| Lundur forvarnarfélag - Forvarnir, stuðningur, fræðsla, ráðgjöf, rekstur húsnæðis o.fl. | 1.000.000 |
| MS félag Íslands - Sálfræðiþjónusta fyrir skjólstæðinga MS félags Íslands | 500.000 |
| MS setrið - Dagsferð skjólstæðinga MS setursins | 200.000 |
| Raggagarður Súðavík - Raggagarður, fjölskyldugarður Vestfjarða | 500.000 |
| Rjóður, hvíldar og endurhæfingarhiemili - Bæta aðstöðu fyrir langveik börn í Rjóðri | 500.000 |
| SAMAN hópurinn - 18 ára ábyrgð. Ná til foreldra barna sem ljúka grunnskólanámi | 2.000.000 |
| Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu - Félagsstarf Sjálfsbjargar í félagsheimilinu og í Krika við Elliðavatn | 500.000 |
| Skógarmenn KFUM - Gauraflokkur í Vatnaskógi. Fyrir drengi með ofvirkni o.fl. | 300.000 |
| Skógræktarfélag Hafnarfjarðar - Útplöntun á brunasvæði og stígagerð í landi félagsins | 500.000 |
| Skógræktarfélag Reykjavíkur - Framkvæmdir á útivistarsvæðinu í Esjuhlíðum | 2.000.000 |
| Skógræktarfélag Stykkishólms - Gerð útikennslustofu á skógræktarsvæðinu í Grensás | 500.000 |
| Skógræktarfélag Suðurnesja - Koma upp trjágróðri umhverfis Rósaselstjarnir til útivistar | 500.000 |
| Slóðavinir - Útivistarkort af nærsvæði Litlu kaffistofunnar | 300.000 |
| Styrktarfélag Samhjálpar - Tryggja að grunnþörfum margra sé mætt. Seðja hungur | 500.000 |
| Sumarbúðirnar Ævintýraland - Börn með sérþarfir fái að upplifa sömu hluti og önnur í sumarbúðum | 500.000 |
| Taflfélagið Hrókurinn - Taflmót á Ströndum til heiðurs Friðriki Ólafssyni | 300.000 |
| Tölvumiðstöð fatlaðra - Verkefnið „Ég get líka leikið og ég get líka skrifað" | 500.000 |
| UMFÍ - Hreint land - fagurt land. 3ja ára hreinsunarátak | 2.000.000 |
| Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni - Flotbryggja, göngubrýr, tjaldstæðavegur og umhverfiskort | 1.000.000 |
| Valgerður Sigurðardóttir - Auka lífsgæði lífsins. Þróunarstarf með listamönnum á líknardeild | 500.000 |
| Vímulaus æska - Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn og unglinga | 4.000.000 |
| Öskuhreinsun í Þórsmörk | |
| Ferðafélag Íslands - Öskuhreinsun í Þórsmörk | 3.000.000 |
| Útivist - Öskuhreinsun í Þórsmörk | 2.000.000 |
| Alls úthlutað | 47.900.000 |

bmvalla.is



**Íslensk hönnun og íslenskar vörur fyrir sælureitinn þinn**

- hellur, steinar, blómaker og fjölmargt annað sem skreytir umhverfið



Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir. Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Pantaðu ókeypis landslagsráðgjöf í síma 412 5050
Nánari upplýsingar á bmvalla.is

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF. ÍST ISO 9001

Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

argus 10-0072



**HILDUR** Skonnortan er stórglæsileg eftir að hún var gerð tvímastra.

Hvalaskoðunarskip í höfn:

# Tvímastra skonnorta snýr til Húsavíkur

**MENNING** Skonnortan Hildur, sem er nýjasti bátur Norðursiglingar á Húsavík, sigldi til heimahafnar í gær eftir gagngerar breytingar í Danmörku. Báturinn var upphaflega byggður árið 1974 á Akureyri.

Fyrir á Norðursigling skonnortuna Hauk. „Báðum skonnortunum svipar mjög til fiskiskonnorta þeirra sem algengar voru á hákarlaveiðum við Norðurland á 19. öldinni en eitt meginmarkmiða Norðursiglingar hefur frá upphafi verið varðveisla gamalla, íslenskra eikarbáta og um leið að viðhalda kunnáttu sem nærri er gleymd,“ segir í tilkynningu frá Norðursiglingu. - gar



**HÉÐINN HF 28** Norðursigling keypti bátinn frá Stöðvarfirði síðasta sumar. Fyrir breytingar leit hann svona út.






+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug og flugvallaskattar aðra leiðina frá 3. október 2010.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Jón Bjarnason tekur rétta ákvörðun um að fylgja ráðgjöf Hafró um þorskafla.

## Skynsamleg nýting auðlinda

Full ástæða er til að því sé haldið til haga þegar stjórnmálamenn taka skynsamlegar ákvarðanir. Sérstaklega ef þeir gera almennt ekki mjög mikið af slíku.

Jón Bjarnason landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra tók rétta ákvörðun í gær, þegar hann lét ekki undan þrýstingi hagsmunahópa um að auka þorskaflann umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Jón hélt sig við ráð vísindamannanna og innan nýtingarstefnu og aflareglu ríkisstjórnarinnar og stuðlar þar með að skynsamlegri nýtingu sjávarauðlindarinnar til lengri tíma litið. Það hefði verið ábyrgðarleysi að láta undan og auka kvótann.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ráðherrann ætlar nú að setja á laggirnar „samráðsvettvang“ stjórnvalda og hagsmunaaðila um nýtingarstefnu þorsks, sem meðal annars á að fara yfir aflaregluna og meta hvort ástæða sé til að leggja til breytingu á henni með tilliti til breyttra aðstæðna og sterkari stöðu stofnsins. Þetta er vinna, sem sjálfsagt er að fara í. Niðurstaðan má samt ekki verða önnur en sú, að áfram verði farið að ráðum vísindamanna um skynsamlega langtímanýtingu stofnsins, en ekki látið undan skammtímasjónarmiðum. Það er traustvekjandi að ráðherrann ætlar að hafa samráð við Alþjóðahafrannsóknaráðið, verði ákveðið að gera einhverja breytingu. Þaðan hafa yfirleitt komið skynsamleg ráð, sem hvorki taka tillit til sérhagsmuna né skammtímasjónarmiða.

Þótt Jón Bjarnason standi sig hvað þorskinn varðar, kaupir hann sér að einhverju leyti frið með því að fara fram úr því sem Hafró ráðleggur þegar hann ákveður afla í ýsu og ufsa, annað árið í röð. Þetta hafa sjávarútvegsráðherrar gert áður, væntanlega í trausti þess að um minni hagsmuni væri að ræða í þessum tegundum ef illa færi. Æfingar af þessu tagi geta menn þó ekki stundað til langframa, enda viðurkennir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið í tilkynningu sinni í gær að fara verði mjög varlega í veiðar á ýsu á næstu árum og frekari samdráttur í afla sé óhjákvæmilegur.

Fram kom þegar ákvörðun ráðherra var kynnt í gær að áformað væri að móta nýtingarstefnu fyrir fleiri tegundir en þorskinn og eru ýsa og ufsi þar efst á blaði. Það er augljóslega tímabært og stuðlar vonandi að því að þessir stofnar verði ekki notaðir sem skiptimynt í framtíðinni þegar standa þarf vörð um skynsamlega nýtingu þorskstofnsins.

Mat Jóns Bjarnasonar er að mikilvægt sé að ýtarleg kynning og umræða fari fram áður en mótuð sé nýtingarstefna fyrir einstakar tegundir til langs tíma. Hafrannsóknastofnunin þurfi að efla mjög kynningu á starfi sínu gagnvart sjómönnum, útgerðinni, fiskvinnslunni og almenningi. Þetta er rétt athugað hjá ráðherranum. Hafró þarf að vera duglegri að skýra fræði sín fyrir þeim, sem eiga hagsmuna að gæta. Þannig er líklegt að breiðari samstaða myndist um skynsamlega auðlindanýtingu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Málefnaleg viðmið

Í umræðum um kaup Magma á HS orku er stöðugt ruglað saman erlendri fjárfestingu í orkuframleiðslu og orkulindum. Nokkrir starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. virðast hafa það á starfsskrá sinni að rugla fólk í ríminu um þessi efni.

Kanadíska fyrirtækið hefur ekki fjárfest eina krónu í íslenskum orkulindum. Eftir lögum má ekki selja opinberar orkulindir. Fyrirtækið hefur hins vegar fjárfest í orkuframleiðslufyrirtæki og leigir nýtingarrétt á orku til langs tíma.

Landsvirkjun selur útlendingum orku frá nokkrum virkjunum með samningum til margra áratuga. Orkulindin er ekki nýtt til annars á meðan. Erfitt er að meta með



ÞORSTEINN PÁLSSON

nákvæmni þann arð sem þjóðin hefur haft af nýtingu orkuauðlinda í opinberri eigu. Það skýrist meðal annars af því að hún hefur notið arðseminnar að hluta til með tiltölulega lágu raforkuverði.

Fyrir ári var birt skýrsla sem núverandi fjármálaráðherra lét vinna um arðsemi orkusölu til stóriðju. Einn af höfundum skýrslunnar, Sigurður Jóhannesson hagfræðingur, skrifaði nýlega í tímaritið Vísbendingu um Magma-kaupin. Niðurstaða hans er sú að greiðslur fyrirtækisins til eigenda orkulindanna á Suðurnesjum séu framför frá því sem verið hefur og landsmenn muni hagnast á breytingunni.

Með öðrum orðum: Þjóðin er að njóta arðsemi af erlendri fjárfestingu í orkuframleiðslu án þess að orkuauðlindin sjálf hafi verið seld. Þetta er ávöxtur þeirrar breytingar sem gerð var á orkulögunum 2008. Málið snýst einfaldlega ekki um sölu á auðlindinni.

Málefnaleg pólitísk viðmið sýna að í þessu máli er einvörðungu tekist á um hvort leyfa á erlenda fjárfestingu í atvinnustarfsemi án eignarréttar á auðlindum. Takmörkun á því væri óráð og andstæð almannahagsmunum.

## Flokkspólitísk markmið

Hafa verður í huga að aðeins eru tvö ár síðan farið var að greina á milli orkulindalöggjafar... 

Hafa verður í huga að aðeins eru tvö ár síðan farið var að greina á milli orkulindanna og orkuframleiðslu. Áður voru þessir tveir þættir ein órjúfanleg heild. Við þær aðstæður voru deilur eins og þessar skiljanlegri.

Nú er augljóst að þeir sem almennt eru á móti erlendri fjárfestingu eru að notfæra sér að enn má rugla þessum þáttum saman í huga fólks. Ríkisútvarpið tekur þátt í því. Ástæðan fyrir þessari villandi umræðu liggur fyrst og fremst í þeim pólitíska vanda sem klofningurinn í VG hefur valdið.

Samstarfsáætlunin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gerir ráð fyrir umtalsverðri nýrri fjárfestingu í orkufrekum iðnaði. Forysta VG féllst á þessa áætlun eins og Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn höfðu gert í fyrri ríkisstjórn. Vinstri armur VG taldi frá upphafi að flokkurinn hefði með því gefið of mikið eftir af grundvallar andstöðu flokksins við erlenda fjárfestingu og orkufrekan iðnað.

Vinstri armur VG hefur því ákveðið að nota þetta mál sem prófstein á styrkleikahlutföll innan flokksins. Krafa þeirra er riftun á gerðum samningum sem Alþingi hefur ekki heimild til. Forystan er í veikri stöðu og fylgir á eftir. Forysta Samfylkingarinnar treður marvaðann. Hún vill verja orðinn hlut en býðst til að þrengja að erlendri fjárfestingu í framtíðinni.

Heimssýnarvængur Sjálfstæðisflokksins hefur tekið einarða afstöðu með vinstri armi VG. Það er til marks um að Heimssýnarsamstarfið er smátt og smátt að færast á fleiri pólitísk svið. Tilgangurinn er þó fyrst og fremst sá að veikja forystu Samfylkingarinnar. Það hefur tekist að nokkru leyti með því að hún er komin á undanhald frá samkomulaginu um orkulögin 2008.

Af þessu má ráða að flokkspólitísku markmiðin með umræðunni eru nokkuð skýr.

## Pólitískar flækjur

Þessum flokks- og innanflokkspólitísku markmiðum fylgja nokkrar flækjur.

Hluti stuðningsmanna Samfylkingarinnar hefur svipuð viðhorf í þessum efnum og vinstri armur VG. Stærri hlutinn hefur hins vegar frjálslyndari og öfgalausari afstöðu og hefur lengst af átt meiri samleið með Sjálfstæðisflokknum þegar komið hefur að hagnýtingu orku til hagsbóta fyrir fólkið í landinu.

Samfylkingin þarf venjulega að verja landamæri sín til tveggja átta. Þegar forystumenn Samfylkingarinnar hafa látið undan VG á þessu sviði hafa þeir opnað hin landamærin fyrir Sjálfstæðisflokkinn og auðveldað honum að höfða til frjálslyndari kjósenda sinna.

Nú gæti Sjálfstæðisflokkurinn hins vegar lent í klemmu. Fái kjósendur á tilfinninguna að sjónarmið Heimssýnar séu ráðandi í Sjálfstæðisflokknum á þessu sviði getur hann ekki með trúverðugum hætti höfðað til frjálslyndari kjósenda Samfylkingarinnar. Að því leyti hjálpar afstaða Heimssýnar forystu Samfylkingarinnar.

Svo gæti því farið að Samfylkingunni lánaðist af þessum sökum að halda stjórnarsamstarfinu saman með því að gefa eftir gagnvart vinstri armi VG og án þess að eiga á hættu að missa fylgi til Sjálfstæðisflokksins. Þetta er vond staða þegar þörf er á öfgalausri og málefnalegri stefnumótun í þágu fólksins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Útsölur!

nýtt kortatímabil VISA MasterCard












# Hvar situr barnið þitt?

Umferðaröryggi



Þóra Magnea Magnúsdóttir
fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu

Á hverju ári slasast yfir 20 börn, sex ára og yngri, sem eru farþegar í bílum. Með réttum öryggisbúnaði hefði verið hægt að koma í veg fyrir mörg þessara slysa og draga verulega úr áverkum í öðrum. Umferðarstofa og Slysavarnafélagið Landsbjörg könnuðu í maí sl. öryggi leikskólabarna í bílum. Könnunin var gerð við 75 leikskóla víða um land og var öryggisbúnaður 2.660 barna skoðaður. Könnun sem þessi hefur verið framkvæmd hér á landi frá árinu 1996 og á svo víðtæk könnun sér ekki hliðstæðu í öðrum löndum. Óhætt er að segja að á undanförnum árum hafi mikið áunnist í öryggismálum barna í bíl. Á fyrstu árum könnunarinnar var öryggisbúnaður barna í bíl óásættanlegur en ljóst er að hugarfarsbreyting hefur orðið í þessum efnum þótt enn vanti töluvert á að hægt sé að segja að ástandið sé viðunandi.

Í ár kom í ljós að einungis 9,8% barnabílstóla voru bakvísandi en mun öruggara er fyrir barn yngra en þriggja ára að nota bakvísandi barnabílstól. Höfuð barns á þessum aldri er hlutfallslega stórt og þungt og hálsliðir þess ekki fullþroskaðir. Við árekstur eru minni líkur á alvarlegum áverkum á mænu og heila ef barn er í bakvísandi barnabílstól. Í könnuninni kom einnig í ljós að 10,8% barna voru í engum búnaði eða einungis í öryggisbelti. Þetta er nokkru betri útkoma en í fyrra þegar 12,8% barna voru í engum búnaði eða einungis í öryggisbelti.

Öruggara er að barn noti bílstól eða bílpúða þar til það er orðið 10 til 12 ára (36 kg). Beinagrind barns er ekki orðin nægilega þroskuð til að þola það átak sem myndast af hefðbundnu öryggisbelti við árekstur. Ef beltið situr ekki rétt getur það jafnframt veitt alvarlega áverka á kviðarholi. Loks ber að nefna að barn sem er lægra en 150 sm á hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er uppblásanlegum öryggispúða fyrir framan sætið og því alltaf öruggara fyrir það að sitja í aftursæti. Í þessu sambandi skiptir engu þótt barnið sé í barnabílstól eða með annan viðeigandi öryggisbúnað. Höggið sem öryggispúðinn gefur þegar hann springur út getur leitt barn til dauða þó hann veiti fullorðnum öryggi. Í könnuninni sem gerð var nú í ár voru 20 börn í framsæti fyrir framan virkan öryggispúða, þar af voru 13 eingöngu með bílbelti en 3 laus. Þetta er heldur betri útkoma en í fyrra.

Öryggisbúnaður barna í ökutækjum skal uppfylla kröfur samkvæmt reglum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. En þegar nýr barnabílstóll er keyptur er einnig nauðsynlegt að athuga hvort hann passi í bílinn og henti barninu. Gott er að láta barnið máta búnaðinn og hafa ber í huga að betra er að gera það þegar barnið er óþreytt. Endingartími barnabílstóla er 6-8 ár en eiginleikar þeirra efna sem notuð eru í stólana breytast með tímanum. Ekki má nota stól sem orðið hefur fyrir hnjaski eða skemmdum. Nánari upplýsingar um öryggi barna í bílum má finna á heimasíðu Umferðarstofu www.us.is og í bæklingnum Öryggi barna í bíl en í honum má finna upplýsingar um flokkaskiptingu öryggisbúnaðar barna í bíl. Einnig má senda fyrirspurn á fraedsla@us.is.

LESTU GÓÐAR KILJUR Í SUMAR
ÍSLENSKAR
FAGURBÓKMENNTIR Í KILJUM
UPPHEIMAR



NÝ BÓK
HVER ERT ÞÚ?
Splunkunýtt smásagnasafn eftir Njörð P. Njarðvík
Listilega samdar og áhugaverðar sögur



KOMIN Í KILJU
MILLI TRJÁNNA
Frábærar smásögur Gyrðis Elíassonar
Tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna



KOMIN Í KILJU
ENN ER MORGUNN
Mögnuð skáldsaga Böðvars Guðmundssonar
Tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna
uppheimar.is

# Lúpínuþráhyggjan

Umhverfismál



Einar Gunnar Birgisson
áhugamaður um umhverfisvernd

Það er til fólk sem er haldið þráhyggju vegna lúpínu og finnst lúpínan vera að taka yfir landið og talar um innrás framandi tegundar, þó að elstu heimildir um notkun hennar á Íslandi séu frá árinu 1885. Nú er mikil vá fyrir dyrum segir þetta fólk og grípa þarf til varna. Hagsmunaaðilar hafa verið að hvísla þessu í eyra umhverfisráðherra og svo auðvitað hvísla þeir líka sem er illa við lúpínu eingöngu vegna þess að hún er „útlensk“ planta. Stórtæk, rándýr og mannaflsfrek útrýmingarherferð með illgresiseyði stendur fyrir dyrum. Óvinurinn er lúpínan, vígvöllurinn er villt náttúra Íslands og herkostnaðinn borga skattborgararnir.

Roundup er illgresiseyðir sem heitir: Athugasemdir til umhverfisráðherra um skýrsluna „Alaskalúpína og skógarkerfill á Íslandi: Útbreiðsla, varnir og nýting.“

Þau gögn sem lögð eru fram til grundvallar og réttlætingar hernaðinum eru meingölluð og það skín í gegn hagsmunapot og illska út í lúpínu því hún er „útlensk“ planta. Umhverfisráðherra hefur kokgleypt áróðurinn og vitleysuna og hefur ekki bein í nefinu til að viðurkenna mistök sín. Við að dreifa eitrinu stendur til að nota stórvirkar vinnuvélar með úðadælu þar sem land er véltækt og alaskalúpínan þétt, en fjórhjól þar sem stærri vélar komast ekki að svo vitnað sé í skýrslu til umhverfisráðherra frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Landgræðslu ríkisins. Þessi skýrsla er full af vitleysu og hindurvitnum og eru mér lærðari aðilar betur fallnir til að hrekja það sem þar stendur og bendi ég aftur á skýrslu Þrastar Eysteinssonar og félaga.

Lúpínan hefur verið hér í meira en 100 ár og er engin ógn við líf-

> Lúpínan hefur verið hér í meira en 100 ár og er engin ógn við lífríkið heldur gríðarlega öflug landgræðsluplanta sem byggir upp jarðveginn, veitir öðrum gróðri skjól og klæðir örfoka land.

nota á í stórum stíl í villtri náttúru Íslands og það með náttúruvernd að yfirskyni. Það er þá ekki í fyrsta sinn sem Roundup er notað undir slíku yfirskini því Monsanto fyrirtækið sem framleiðir Roundup hefur erlendis ítrekað verið ásakað um að fjármagna áróður gegn framandi plöntum með það að augnamiði að selja eitrið. Ég hvet lesendur til að kynna sér skýrslu Þrastar Eysteinssonar og félaga þar sem þetta kemur skýrt fram og einnig hörð gagnrýni á fyrirætlanir stjórnvalda. Hún er aðgengileg á netinu. Skýrslan ríkið heldur gríðarlega öflug landgræðsluplanta sem byggir upp jarðveginn, veitir öðrum gróðri skjól og klæðir örfoka land. Það er furðulegt að umhverfisráðherra skuli falla í gildruna og láta blekkja sig upp úr skónum. Sóun almannafjár og stórfelld eiturefnaherferð í villtri náttúru landsins er fram undan og er í boði Monsanto og Vinstri grænna, flokksins sem kennir sig við náttúruvernd. Ég hvet alla sem annt er um náttúru Íslands til að taka höndum saman og berjast gegn þessum hörmulegu áformum.

# Til Ögmundar Jónassonar

Evrópumál



Hannes Pétursson
rithöfundur

Kæri Ögmundur.

Ég sé í grein eftir þig í Fréttablaðinu 15. þessa mánaðar að þú telur aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu stríða gegn stjórnarskrá lýðveldisins. Þess vegna hlýt ég að spyrja: Hvernig getur þú setið á Alþingi Íslendinga án þess að berjast fyrir því sleitulaust að þeirri aðild verði slitið? Oft hef ég hrifizt af mælsku þinni og málafylgju í ræðustóli þingsins, en aldrei heyrt þig krefjast þess að EES-samningnum verði sagt upp. Mér virðist að í þessu efni hefði pólitísk samkvæmni af þinni hálfu mátt vera rishærri.

Það er frægt að hershöfðinginn Cató hinn eldri lauk öllum ræðum sínum í öldungaráði Rómar að fornu á orðunum: „Þar að auki legg ég til að Karþagó verði lögð í rúst.“ Eðli málsins samkvæmt færi vel á því ef þú, sem hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskrá landsins eins og aðrir alþingismenn, lykir öllum ræðum þínum í þingsalnum til að mynda þannig: „Þar að auki krefst ég þess að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu verði slitið“. Vonandi fær maður að heyra eitthvað þvíumlíkt af munni þínum eftir að þingið kemur aftur saman nú á haustdögum.

*Með kveðju,*
*Hannes Pétursson.*

Rio Tinto Alcan

# Árangur okkar allra





Álverið í Straumsvík hlaut nýverið öryggisviðurkenningu Tom Albanese, aðalforstjóra Rio Tinto, fyrir framúrskarandi árangur í öryggismálum á undanliðnum tveimur árum.

Aðeins tvær starfsstöðvar Rio Tinto fengu slíka viðurkenningu, en Rio Tinto er í hópi stærstu fyrirtækja heims með yfir 100 þúsund starfsmenn, einkum í Norður-Ameríku, Evrópu og Ástralíu.

Viðurkenningin er því mikill heiður fyrir starfsfólk álversins. Fyrst og fremst er hún þó til marks um ríkan metnað allra sem starfa fyrir álverið til að ná framúrskarandi árangri. Það gildir ekki aðeins um öryggismál heldur alla þætti rekstrarins.



Við óskum öllu starfsfólki okkar og verktökum til hamingju með þennan árangur. Megi viðurkenningin verða okkur hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Rio Tinto Alcan
Straumsvík | Pósthólf 244 | 222 Hafnarfjörður | Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Sparaðu
LÆGRA VÖRUVERÐ Í 21 ÁR
BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL




**ÞYKKVABÆJAR ELDAÐAR BÖKUNARKARTÖFLUR 750g**




PATAKS MANGÓLEGIÐ *GRILL* LAMBAFILE




BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK

BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 599 KR.KG.




BÖKUNARKARTÖFLUR CA 700g




PATAKS TANDOORILEGIÐ *GRILL* KINDAFILE




BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270ML
PIPAR OG HVÍTLAUKS

**CLUB** *STEIKARSAMLOKA*




**ÍSLANDSNAUT: CLUB STEIKARSAMLOKA**
140g NAUTAKJÖT - BERNAISSÓSA 80ml TVÖ BRAUÐ
**898 kr.bakkinn**

## EGILS APPELSÍN 1 LTR.
ÞETTA EINA SANNA..!




BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG ***198 kr.stk***




DUGAR Í 13 SAMLOKUR AÐEINS 15,2 KR.




GÓU ÞRENNAN 3 x 200g
AÐEINS 198 KR. KASSINN.




MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g



SÆLGÆTISBARINN
*ENGINN AFSLÁTTUR*
BARA LÁGT VERÐ
ALLA DAGA
898 KR.KG.







AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Sama verð UM LAND ALLT

# NÝTT KORTATÍMABIL



182 KR.DS
SMJÖRVI TILBOÐSASKJA 300g



279 KR.250g
BÓNUS FETI Í KRYDDOLÍU & MEÐ ÓLÍFUM


2698 KR. KG

## HOLLENSKAR FROSNAR NAUTALUNDIR

*ÓTRÚLEGT VERÐ!*



359 KR. 200g
BÓNUS SPÍNAT 200g



159 KR.DS
BÓNUS HRÁSALAT 350G


598 KR. KG
ÍSLENSK PAPRIKA /BLANDAÐIR LITIR
*ÍSLENSKT OG GOTT*


998 KR. KG

## KS FROSIÐ LAMBASIRLOIN



BÓNUS SNAKK 160 GRÖMM
ALLAR TEG *198 KR.POKINN*


398 KR. KG
*FRÁ CHILE*
RAUÐ NÝ VÍNBER

**Sérskorið ferskt lambalæri**
Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því ermeira kjöt á lærinu og minna bein !


1258 KR. KG

## BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBALÆRI

Frábærar uppskriftir fyrir matreiðslu á fersku heilu lambalæri. Skoðaðu uppskriftir á *www.bonus.is*


598 KR. 500g
*FRÁ GRIKKLANDI*
KIRSUBER/BLACK CHERRY 500G

VINSÆLASTI KRYDDLÖGURINN Í BÓNUS
*Caj-P grillolía 500ml*


398 KR. FL



898 KR. KG

## TILBOÐS-GRÍSAKÓTILETTUR



898 KR. KG

## TILBOÐS-GRÍSAHNAKKI ÚRB.


194 KR. KG

## KS FROSIN LAMBASVIÐ

*35% AFSLÁTTUR* MERKT VERÐ 298 KR.KG.

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR** „Það er gaman að verða gamall. Ég man enn þá og get lesið og hlustað, ég er ekki á lyfjum, ekkert að mér nema gigt – en að öðru leyti er ég stálslegin.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Það er gaman að verða gamall

Þegar sængurver grannakonu **Vilborgar Dagbjartsdóttur** skálds kölluðu á ljóð, svaraði hún við kallinu. Á morgun heldur hún upp á áttræðisafmæli sitt sem og útgáfu nýrrar ljóðabókar, Síðdegis. *Bergsteinn Sigurðsson* ræddi við Vilborgu.

Í haustvindinum/ blakta drifhvít sængurver/ grannkonu minnar/ rétt eins og óskrifuð blöð/ sem biðja mig um ný ljóð.“ Svo hljóðar ljóðið Síðdegi í september úr nýrri ljóðabók Vigdísar Dagbjartsdóttur ljóðskálds, sem kemur út á morgun á áttatíu ára afmæli Vilborgar. Bókin er helguð minningu Þorgeirs Þorgeirsonar, eiginmanns Vilborgar, sem lést fyrir sjö árum. „Þetta eru alls konar ljóð, sem ég hef skrifað á þeim tíma síðan hann kvaddi. Ég yrki ekki skipulega, heldur sem ljóðin þegar þau koma til mín. Síðdegi í september er til dæmis skrifað um snúrurnar hérna á móti,“ segir hún og bendir yfir í næsta hús við Bókhlöðustíginn.

### Vill þýða fyrir yngstu börnin

Vilborg segist vera með hálfgerða áráttu gagnvart textaskrifum, hún þurfi að vera sískrifandi og lesandi. „Ég var starfandi kennari í 46 ár, barnakennari í Reykjavík, þannig að ég var alltaf í mikilli vinnu. Svo fékkst ég bæði við að skrifa og sjá um barnasíðu í Þjóðviljanum í meira en áratug. Ég þýddi líka ákaflega mikið. Ég hef gaman af því, sérstaklega fyrir yngstu börnin; ég hef áhuga á barnamáli.

Stundum þegar ég fer til tannlæknis eru þar bækur fyrir yngstu börnin, svona bendibækur. Ég fletti þeim og furða mig oft á hvað það er lítið vandað til þeirra, tungumálsins. Það skiptir svo miklu máli. Þannig að hjá tannlækninum dunda ég mér við að finna betri orð í bækurnar. Þetta er hálfgerð árátta. En mig langar mikið til að þýða meira af bókum fyrir yngstu börnin, það biður mig bara enginn um það.“

**➜ VIÐHORF**

*Þú segir: Á hverjum degi*
*styttist tíminn*
*sem við eigum eftir*
*skref fyrir skref*
*færumst við nær*
*dauðanum*

*- en ég þræði dagana*
*eins og skínandi perlur*
*upp á óslitinn*
*silfurþráðinn*

*Á hverju kvöldi*
*hvísla ég glöð*
*út í myrkrið:*
*Enn hefur líf mitt*
*lengst um heilan dag*

*Úr Síðdegi.*

### Menningarumfjöllun í svelti

Vilborg les líka mikið og hefur nægan tíma til þess. „Það er ekkert að mér fyrir utan að ég er dálítið fótafúin. Ég á mikið af bókum og þarf sjaldan að fara á bókasafn. Ég hef gaman af því að rifja upp kynnin við bækur sem ég las fyrir löngu. Svo er ég líka farin að leita meira í fornsögurnar. Ég reyni að fylgjast með yngri höfundum, sérstaklega ljóðabókum. Ég sakna hins vegar þeirra tíma þegar tímaritaútgáfan stóð í blóma og það komu út mörg rit um bækur og menningu. Ég er lítið fyrir netið og kýs frekar bækur og blöð.“

Menningarumfjöllun er hins vegar ábótavant að hennar mati. „Hún er eiginlega bara í svelti, sérstaklega gagnrýnin. Áður var góð og umfangsmikil bókmenntagagnrýni í dagblöðunum og tímaritunum. En komi einhver gagnrýni nú til dags hverfur hún innan um auglýsingar. Það er ofboðslegt flæði af yfirborðslegum hlutum, bæði í bókmenntum og sjónvarpi. Auðvitað hefur Sjónvarpið ekki mikla peninga, en þessar lélegu glæpamyndir kosta varla minna en menningarlegri myndir.

Ég er svo fyrir löngu hætt að líta í áttina að þessum glæpasögum. Ég fór í Háskólabíó og horfði á Karlar sem hata konur og ég las bókina. Ég gerði þetta af skyldurækni, til að setja mig inn í þetta. Og þvílíkt rusl! Þeir sem horfa mest á sjónvarp eru börn og gamalmenni en sjónvarpsefni gengur í sífellt vaxandi mæli út á að meiða og misþyrma fólki. Eins og maður hafi gaman af því. Og þetta verður alltaf ofboðslegra. Ég skil þetta ekki.“

> Ég fór í Háskólabíó og horfði á Karlar sem hata konur og ég las bókina. Ég gerði þetta af skyldurækni, til að setja mig inn í þetta. Og þvílíkt rusl!

### Fráleitt að kæra nímenningana

Vilborg er pólitískt þenkjandi og hefur verið frá því að hún var unglingur á Norðfirði þegar sósíalistar komust til valda. Pólitíkin hefur ekki koðnað með árunum. Þrátt fyrir gigt lét hún sig hafa það í búsáhaldabyltingunni að arka á Austurvöll og láta í sér heyra. „Ég fór gjarnan klukkan tvö og var til klukkan fimm. Ég var svo slæm í fætinum að ég þurfti að styðja mig við hækju en notaði hana til að slá í staur og vera með læti. Ég gerði nú ekki annað af mér. En mér fannst nauðsynlegt að gera hávaða til að þingmenn vissu af fólkinu úti.“

Hún hefur líka verið virk á öðrum vettvangi. Á dögunum hélt hún til dæmis erindi á styrktarsamkomu fyrir nímenningana sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi. Henni er mikið niðri fyrir þegar það ber á góma. „Mér finnst óskaplega rangt að ákæra nímenningana. Hámark væri að segja að þeir hefðu brotið gegn valdstjórninni, sem er þó líka tæpt. En að ætla sér að ákæra þetta unga fólk fyrir árás á Alþingi, nánast fyrir landráð, er yfirgengilegt. Ég sé ekki að dómarinn geti annað en vísað málinu frá og mér finnst að saksóknari hefði átt að draga ákæruna til baka. Það er mjög sorglegt hvernig þetta mál hefur þróast. Ég hélt ræðu niðri á Austurvelli og lagði mikla vinnu í að kynna mér alla málavexti. Mín skoðun er sú að saksóknari hefði átt að draga ákæruna til baka, þetta hafi ekki verið nógu grundað. Myndefni af staðnum styður það.“

### Happ að hér varð vinstri stjórn

Hún telur eigi að síður það hafa verið happ að hér komst á vinstri stjórn. „Ekki hefði ég viljað að hægri mennirnir hefðu komist í þá aðstöðu að hjálpa sínu liði að komast undan. Þótt maður eigi ekki að ætla öðrum svo ljótt er ég hrædd um að það hefði orðið raunin. Það er grundvallaratriði að hér komst á vinstri stjórn. Hins vegar eru aðstæður svo yfirþyrmandi erfiðar að engin stjórnvöld geta hjálpað okkur út úr þessu, við verðum að gera það sjálf. Hver og einn verður að hjálpa þessari stjórn með því að axla þær byrðar sem hann getur. Við verðum öll að leggjast á eitt til að komast upp úr þessu. Þetta eru óheyrilegir hlutir sem hafa gerst.“

Hún var full efasemda þegar gengi Besta flokksins fór á flug. „Það vantaði vissulega húmor í kosningabaráttuna en ég verð að viðurkenna að mér leist ekki á blikuna þegar ég sá fylgið vaxa; hugsaði bara með mér út í hvað við værum að fara. En mér finnst þau hafa vaxið jafnt og þétt. Þetta er gott fólk og vel menntað sem við eigum að skipa okkur í fylkingu með og hjálpa. Ég vorkenni þeim að þurfa að taka á sig þá vinnu sem þau þurfa að gera, hún er bæði erfið og ekki jafn skemmtileg og sú vinna sem þau hafa verið í. Þetta er strit og ég var mjög ánægð þegar Dagur Eggertsson gekk í að aðstoða þau – við eigum öll að gera það.“

### Lífið er gott

Vilborg er mikið afmælisbarn og hlakkar til morgundagsins, þar sem efnt verður bæði til afmælisveislu og útgáfuhófs. „Mér finnst alltaf gaman að eiga afmæli og það ætlar margt gott fólk að fagna þessum áfanga með mér. Það er gaman að verða gamall. Ég man enn þá og get lesið og hlustað, ég er ekki á lyfjum, ekkert að mér nema gigt – en að öðru leyti er ég stálslegin. Lífið er gott.“

# GÓÐ KAUP Í ILVA

ILVA
einfaldlega betri kostur

SUMAR TILBOÐ

GARÐSETT
**9.900,-**
sparaðu 5.000,-



**Summer.** Garðsett. Gegnheil eik. Borð + 2 stólar. Verð 14.900,- **NÚ 9.900,-**

© ILVA Ísland 2010



**Cutlery.** Áhaldasett 40 stk. í pk.
**Verð 8.995,-**



**Kitchen.** Skál. Ø13 cm. **Verð 295,-**

30% afsláttur



**Summer.** Bakki, bambus. Ø38 cm.
Verð 2.495,- **NÚ 1.695,-**



**Summer.** Útikerti. 15x15 cm. **Verð 3.495,-** 12,5x12,5 cm.
**Verð 2.495,-** Ø15 cm. **Verð 2.995,-** Ø12,5 cm. **Verð 2.495,-**

TILVALIÐ Í ÚTILEGUNA

FELLIKOLLUR
**995,-**



**Summer.** Fellikollur. Rauður, bleikur, grænn eða blár. **Verð 995,-**



**Summer.** Dúkaklemmur. 4 í pk.
**Verð 895,-**



**Light.** Kveikjaragas. **Verð 395,-**
**Light.** Gaskveikjari. Tvær gerðir.
**Verð 995,-**

40% afsláttur



**Lanterne.** Kertalugt.
33x25 cm. Verð 4.995,- **NÚ 2.995,-**
26x21 cm. Verð 3.495,- **NÚ 1.995,-**
21x17 cm. Verð 1.995,- **NÚ 1.195,-**

25% af öllum útipottum



**Blómapottar úr kalktrefjum.** Ýmsar stærðir og gerðir.
**Summer.** 31x31x31 cm. Verð 6.995,- **NÚ 5.245,-**
**Summer.** 25x25x25 cm. Verð 3.995,- **NÚ 2.995,-**



**Summer.** Vatnskanna. 2 ltr.
**Verð 495,-**



**Summer.** Smáréttaskeiðar.
6 í pk. **Verð 1.595,-**



*Nýtt kortatímabil*

ILVA kaffi
Tortilla m/osti og skinku,
(borið fram með salati).
**690,-**



VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

SUMARLEIKUR
**4. júní - 19. júlí**
Komdu í verslun okkar og taktu þátt í sumarleiknum þar sem þú gætir unnið sumarhúsgögn í garðinn að andvirði **240.000,-** Dregið verður 21. júlí



**ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30**

# Faldi biblíur í konfektkassa

**Auður Bjarnadóttir** var aðeins 14 ára þegar hún var orðin atvinnudansari í ballett. 16 ára, orðin okkar þekktasta ballerína, frelsaðist hún og ætlaði að breiða út trúna í dansheiminum. En eins og ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** komst að, það hún guð að bíða.

Auður Bjarnadóttir er nafn sem allir þekkja og tengja við ballettdansarann sem hún hafði at atvinnu aðeins 14 ára gömul. Tveimur árum síðar sló hún í gegn og dansaði næstu árin um alla Evrópu, ein af okkar fyrstu ballerínum til að gera slíkt. Í dag tengja margir Auði við jógalistina, en í dag á hún og rekur eigin jógastöð eftir að hafa samið dansa og leikstýrt í leikhúsunum í mörg ár. Sagan hefst hins vegar árið 1958, í Vesturbænum, þar sem Auður fæðist og elst upp.

**Sviðið annað heimilið**

„Ég er alin upp sem Vesturbæingur, gekk í Melaskóla, Hagaskóla og allt þar til ég flutti í Garðabæinn fyrir fjórum árum bjó ég annaðhvort erlendis eða í Vesturbæ. Flestum þótti því skrítið þegar ég fluttist í Garðabæinn en á meðan ég sé sjóinn er mér alveg sama hvar ég er. En ég átti sem sagt vinkonu í næsta húsi á Kaplaskjólsveginum og elti hana út í KR-heimili í balletttíma til Eddu Scheving og vissi þá ekki hvað ballett var. En ég kveikti á dansinum mjög fljótt, hafði mikinn áhuga og eftir þetta flaug aldrei nokkurn tímann í kollinn á mér að hætta. Níu ára fer ég svo í Þjóðleikhússkólann og var heppin, var í hóp sem var mikið tekinn inn í sýningar og upplifði því leikhúsævintýrið frá upphafi.“ Þjóðleikhúsið verður upp frá þessu annað heimili Auðar.

**Lærði í öllum pásum**

Sá tími sem ballettæfingarnar tóku var viðráðanlegur í fyrstu. „Já, já, maður átti þarna í byrjun líf utan ballettsins en svo man ég eftir því að 12 ára gömul var ég að farin að fá frí í skólanum fyrir æfingar enda þá farin að fara daglega í ballett. Smám saman fór vinahópurinn einnig að verða sérhæfðari, varð svolítið mikill stelpuvinahópur, og ég hef stundum saknað þess að hafa misst af þessu venjulega skólaferli sem gerðist óhjákvæmilega þar sem ég var orðin atvinnudansari aðeins 14 ára.“

Til að allt gæti gengið upp í ballettinum fyrir Auði og hún klárað skólaskylduna fékk hún undanþágu til að taka landsprófið á tveimur árum. „Ég skipti þessu þannig að ég tók fjögur fög fyrra árið og önnur fjögur seinna árið. Ég man að ég var í skólanum frá klukkan átta til 12 á hádegi og lærði inni á bókasafni í öllum pásum. Á hádegi fór ég svo beint upp í leikhús og var þar til níu eða tíu á kvöldin. Svona var dagurinn í tvö ár og ég varð svolítið sjálfstæð og fullorðin snemma.“

**Uppreisn eftir athyglina**

Auður ólst upp á stóru heimili, átti fjögur systkini, tvö eldri og tvö yngri. „Þetta var stórt heimili og mikið álag á mömmu því tvö yngri systkini mín voru þroskaheft. En mamma og pabbi voru ótrúlega dugleg að standa við bakið á mér þótt dansinn hafi verið algerlega á mínum forsendum. Þegar ég hugsa til baka átta ég mig á því hvað ég naut þess að heimilið var alltaf opið en það var stöðugur gestagangur í tengslum við ballettinn, danshöfundar og dansarar sem komu til landsins, og mamma og pabbi héldu alltaf matarboð fyrir mína hönd. Það var ómetanlegt.“ En hafði Auður þá einhvern tíma aflögu til að vera unglingur og gera eitthvað af sér? „Nei, ekki beint, ég kláraði sveitaböllin 14-16 ára en fór að leita í andlegum málum þegar ég var 16 ára og vissi ekki hvernig átti að taka á allri athyglinni sem ég fékk þá skyndilega.“

**Listdansstjóri í fýlu**

Atburðarásin í lífi Auðar hafði verið hröð. „Þegar ég var 14 ára var ég orðin atvinnudansari áður en ég vissi hvað atvinnudansari var. 16 ára varð ég fræg og gerði mér enga grein fyrir því hvað það þýddi. Ég var 16 ára þegar ég dansaði við Helga Tómasson í Coppelíu og í kjölfarið birtust umfjallanir um mig í öllum blöðum. Þetta var allt svolítið skrítið fyrir svona unga stelpu.“ Listdansstjórinn, sem þá var, skildi ekki hvernig Ísland gat haft svona mikinn áhuga á 16 ára gamalli stelpu og jafnframt af hverju það var ekki hann sem blöðin fjölluðu um. „Ég fann þetta, þótt hann segði mér það ekki beint, en hann talaði ekki við mig í viku fyrir frumsýninguna og ég frétti svo síðar að það hefði verið út af þessu. Þetta varð svo mikil vinna að ég heimtaði frí og herjaði það út á miðjum vetri. Mér fannst ég þurfa að komast burt og fer til London þar sem ég dvel á farfuglaheimili og sæki ballettima eftir eigin hentugleika. Sveinn Einarsson, þáverandi þjóðleikhússtjóri, skrifaði fyrir mig bréf og með það gat ég sótt tíma í The Royal Ballet. En á þessum tíma álpaðist ég inn í kirkju og frelsaðist. Ég hafði reyndar alltaf verið leitandi en þarna fannst mér vanta einhvern tilgang í þetta allt – var lífið að öðlast frægð sem dansari eða eitthvað allt annað?“



**GEKK NÆRRI SÉR** „Fundirnir voru klukkan hálftíu á kvöldin, eftir að löngum degi vinnualkanna lauk og svo duttu fundirnir upp fyrir því það hafði aldrei neinn tíma til að mæta,“ segir Auður Bjarnadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Bað guð að bíða eftir lát systur**

Nýtt líf tók við, þar sem Auður gekk í Laura Ashley-skyrtum sem náðu upp í háls og síðum pilsum, með það á prjónunum að breiða út trúna meðal annarra dansara. „Ég var „frelsuð“ í nokkur ár. Á þessum tíma bjó ég meðal annars og dansaði í Þýskalandi, og meðfram dansinum sótti ég samkomur, biblíu- og bænastundir. Jú, ég tók hlutverk mitt mjög alvarlega. Þegar ég bjó í Þýskalandi og fór í ballettferðalög til landa austantjalds, þar sem fólk mátti ekki eiga biblíur, reyndi ég jafnan að smygla nokkrum með mér í leiðinni. Þannig keyrði ég í rúgbrauði til Ungverjalands, með biblíur faldar undir bílnum og þegar ég tók þátt í ballettkeppni hjá Bolshoi-ballettinum í Moskvu hafði ég mikið fyrir því að smygla með mér biblíum þangað í leiðinni. Ég keypti konfektkassa í fríhöfninni, tók konfektið út og pakkaði biblíum inn í staðinn, með tissjú og sellófani utan um. Ég var stöðugt að leita leiða til að smygla biblíum.“

> Systir mín dó aðeins 25 ára gömul. Ég gat ekki skilið réttlætið í því og bað guð að bíða aðeins.

Þáttaskil urðu í trúnni þegar Auður var 21 árs. „Systir mín dó aðeins 25 ára gömul. Ég gat ekki skilið réttlætið í því og bað guð að bíða aðeins.“ Auður gaf trúnni smá frí en það andlega leitaði áfram á hana, í ýmsu öðru formi en bókstafnum. „Guð er stærri en allar reglur og öll boðorð og ég leitast eftir því að styrkja það æðra í sjálfri mér og reyna að sjá það í öðrum. Í jóganu snýst allt um að gefa eftir inn í núið og inn í okkar æðri vitund, vera núverandi. Það er hamingjan og þar er Guð.“

Samanlagt dansaði Auður erlendis í ein sjö ár og vann glæsta danssigra, en hún dvaldi á Íslandi jafnan á milli. Blóðin heima fylgdust með, meðal annars þegar hún hlaut fyrstu verðlaun í norrænni danskeppni í Finnlandi aðeins 21 árs gömul. Auður var sólódansari hjá Bayerische Staatsoper í München í fjögur ár, Basler Ballet í Basel í eitt ár og Konunglegu sænsku óperunni í Stokkhólmi á árunum 1985-1987. Álagið var mikið og keyrði Auður sig hart áfram, jafnvel á meðan hún tókst á við meiðsli, alltaf með það í huga að standa sig. „Seinna fór ég á fund hjá vinnualkasamtökum sem byggðu á 12 spora kerfinu. Fundirnir voru klukkan hálftíu á kvöldin, eftir að löngum degi vinnualkanna lauk og svo duttu fundirnir upp fyrir því það hafði aldrei neinn tíma til að mæta! En þarna var ég að hætta að dansa, um þrítugt, og byrjuð að skapa.“

Auður fór í leikhúsin og eftir að hafa unnið mikið sem aðstoðarleikstjóri fór hún í nám í leikstjórn til Bretlands, með tvö börn meðferðis og eiginmann. Auður starfaði næstu árin mikið í leikhúsinu, sem danshöfundur og leikstjóri og starfrækti eigið leikhús, Svöluleikhúsið. Auður fékk góða dóma fyrir sýningar sínar en segir að í dag eigi jógastöðin Lotus, sem hún stofnaði ásamt Ástu Arnardóttur árið 2002, hug hennar allan. „Þar liggur mín ástríða núna og það þyrfti mikið til að ég myndi fara aftur í leikhúsið. Í leikhúsinu er líka viss æskudýrkun sem mér finnst vera miður. Það sést á vissri nýjungagirni þegar margra ára reynsla fólks er ekki nýtt, hvort sem er í leikstjórn, dansi eða leikmyndahönnun jafnvel. Eins og það er nú fallegt að sjá þroskaðan dansara til dæmis á sviði.“

**Andaði drengnum í heiminn**

Jóganámskeið Auðar njóta mikilla vinsælda, ekki síst meðgöngujógað en sjálf uppgötvaði Auður meðgöngujógað í kringum árið 2000 þegar hún bjó í Bandaríkjunum og lærði jóga. „Ég andaði drengnum mínum þá í heiminn og það var stórkostleg upplifun að finnast maður vera sjálfur við stjórn. Ég hafði átt ágætar fæðingar áður en vantaði þessa meðvitund og ég lagðist bara ómeðvituð á bakið með lappirnar upp í loft, þótt það hentaði ekki mínum líkama. Sú stelling hentar læknunum betur en konunni sjálfri. Hver fæðing er svo einstök og ég minni konurnar á að líkaminn okkar er svo undursamlega vitur og því svo mikilvægt að við lærum að hlusta á hann.“

Auður fylgist óhjákvæmilega vel með því sem er að gerast í bænum hjá barnshafandi konum og segist upplifa bylgju af heimafæðingum um þessar mundir. „Ég veit ekki hvort þetta er hluti af kreppuferlinu okkar – að byrja að sauma og baka og eiga svo barnið heima. Ég predika ekki heimafæðingar, segi að konan eigi að vera þar sem henni líður vel, en mér hefur hins vegar fundist vanta upp á að heimafæðingar séu kynntar konum sem einn af valkostunum. Í Hollandi eru til dæmis 40 prósent fæðinga heimafæðingar og við vitum að í heimafæðingum er minna um inngrip og sýkingar, þar sem konan er í eigin bakteríuflóru. Einnig rifna konur minna, og er það vegna þess að þær eru meira í vatni heima hjá sér.“

**Dóttir í sömu sporum**

Sjálf er Auður orkumikil, fær margar hugmyndir og mörg verkefni eru fram undan. Auk þess að kenna jóga heldur Auður utan um kennaranám í kundalini jóga og mun í ágúst flytja inn til landsins jógameistara, Gurmukh, sem er ein af fyrirmyndum Auðar, stórkostleg kona að hennar sögn. Synir Auðar eru tveir, einn í ferðamálafræði og annar 10 ára boltastrákur, örverpið sem er dekrað að móðurinnar sögn. Dóttir Auðar, Inga Huld, sem svo heitir eftir föðurömmu sinni, Ingu Huld Hákonardóttur, fetar hins vegar í fótspor Auðar og dansar í Brussel í vetur. „Ég reyni að passa mig að ráðleggja henni ekki um of, því auðvitað þarf hún að upplifa hlutina sjálf. En við erum í góðu sambandi og ég vona að ég geti miðlað til hennar af því sem mun reynast henni vel.“

Jógað hefur hjálpað Auði mikið við að hægja á sjálfri sér. „Jógað hægir á skvaldrinu og hraðanum og kennir manni að njóta augnabliksins og hætta að bíða eftir því sem gerist á morgun eða eftir viku. Fólki hættir til að flýja sjálft sig og eigin veruleika, í sambönd, í að eignast fleiri börn, í eitthvað nýtt. Sjálfa dreymdi mig eitt sinn draum þar sem gaf að líta grænt engi í allar áttir og þar var ekkert að fara. Það er eins og jógað, þar sem kennt er að læra að vera þar sem þú ert hér og nú. Vera núverandi með núvitund. Mér finnst gott að kenna það sem ég er að reyna að temja mér sjálf. Ég dembi mér yfirleitt út í mikla vinnu og þarf að passa að ofgera mér ekki og halda jafnvægi, ekki síst til að hafa líka orku fyrir fjölskylduna mína.“



**DANSAÐI UM ALLA EVRÓPU** Auður Bjarnadóttir er ein fyrsta íslenska ballerínan sem sló í gegn erlendis.

HÚSGAGNAHÖLLIN

# SUMARTILBOÐ

## NJÓTTU ÞESS BESTA Í SUMAR



**NOCTURNE LYFTIBOTNASETT:**

- 1 stk. **NOCTURNE 8058** Lyftibotn. Rafdrifinn fóta- og höfðagafl. 42 fjalir, þar af eru 5 með stillanlegan stífleika. Bólstraður rammi með prjónaefni. Með dýnustoppara. Rafbúnaður: 2 x 3,5 kN. Fætur ekki innifaldir í verði.
- 1 stk. **NOCTURNE 423** lúxusdýnu, með latex heilsusvampi með 261 svæðaskiptum pokagormum á m2.
- 1 stk. yfirdýna 25 mm latex. Hægt er að taka áklæði af og þvo í þvottavél.

NÚNA 45% AFSLÁTTUR

**8058/423**
**90 x 200 cm.**
**124.990**
FULLT VERÐ: 224.950



NÝTT

NÚNA 25% AFSLÁTTUR

**GRILL**
**8.990**
FULLT VERÐ: 11.990

**BODUM FYRKAT**
Picnic grill. Fæst limegrænt, svart og appelsínugult.



**GRILLÁHÖLD STK.**
**2.990**
FULLT VERÐ: 3.990

**BODUM FYRKAT**
Grilltöng, olíubursti, grillgaffall, grillbursti og grillspaði. Fæst limegrænt, svart og appelsínugult.



NÚNA 35% AFSLÁTTUR

**COBRA** 3 sæta sófi, fæst með svörtu áklæði. B:218 D:82 H:85 cm. Fæst einnig 2 sæta. B:168 D:82 H:85 cm.

**2 SÆTA SÓFI**
**69.990**
FULLT VERÐ: 109.980

**3 SÆTA SÓFI**
**89.990**
FULLT VERÐ: 139.980



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

LAZBOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. B:85 D:85 H:100 cm. Fæst með svörtu, hvítu, brúnu og vínrauðu leðri.

**99.980**
FULLT VERÐ: 139.980



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

LAZBOY

**ANDERSON** La-z-boy stóll. B:80 D:85 H:100 cm. Fæst með ljósu og rauðu áklæði.

**59.990**
FULLT VERÐ: 79.980



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**DALLAS** barstóll. Fæst með svörtu leðri.

**BARSTÓLL**
**16.790**
FULLT VERÐ: 23.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

# Herjólfur siglir í nýja höfn

**Vatnaskil verða í sögu ferjusiglinga til Vestmannaeyja þegar Landeyjahöfn verður tekin í notkun á þriðjudag. Reglulegar ferjusiglingar milli Eyja og Reykjavíkur hófust fyrir hálfri öld. Þrír Herjólfar hafa ferjað farþega milli lands og Eyja síðan þá. Upphaflega tók ferðin frá Vestmannaeyjum til höfuðborgarinnar tíu til tólf klukkustundir en verður nú rúmar tvær klukkustundir.**

Landeyjahöfn verður tekin í notkun þriðjudaginn 20. júlí. Herjólfur mun leggja þar að bryggju í fyrsta sinn kl. 16.30 eftir siglingu frá Vestmannaeyjum en sama dag fer hann sína hinstu ferð til Þorlákshafnar.

Reglulegar ferjusiglingar frá Reykjavík til Vestmannaeyja hófust árið árið 1959 á vegum Skipaútgerðar ríkisins. Fram til þess höfðu Vestmannaeyingar þurft að reiða sig á stopular siglingar frá Stokkseyri.

Nýja ferjan fékk nafnið Herjólfur og kom ný hingað til lands í desember þetta ár. Siglingartíminn milli Eyja og Reykjavíkur var um tíu til tólf klukkustundir, eftir því hvernig viðraði. Ferjan sigldi auk þess hálfsmánaðarlega til Hornafjarðar og á sumrin hin síðari ár til Þorlákshafnar einu sinni í viku.

Höfnin í Þorlákshöfn var aftur á móti ófullkomin og ekki hægt að leggja þar að þegar illa veðraði. Á sjöunda áratugnum var höfnin hins vegar tekin til gagngerra endurbóta og varð þá örugg til aðsiglingar í flestum veðrum. Opnaðist þá möguleiki á daglegum siglingum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

Árið 1974 var hlutafélagið Herjólfur stofnað í Vestmannaeyjum, í þeim tilgangi að smíða og rekja farþega og bílaferju sem sigldi milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, helst daglega. Í júnímánuði 1976 kom nýja ferjan til Eyja og hlaut líka nafnið Herjólfur.

Nýi Herjólfur gat flutt um 350 farþega í hverri ferð yfir sumarmánuðina og tæplega 40 fólksbíla á tveim bílaþilförum. Siglingahraðinn um 12,5 sjómílur á klst. Tók því tæplega þrjá og hálfan tíma að sigla til Þorlákshafnar. Þaðan var um klukkustundarakstur til Reykjavíkur. Hafði því ferðatíminn frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur styst úr tíu klukkustundum niður í fjóra og hálfan.

Þessi Herjólfur ferjaði farþega milli lands og Eyja í tæp 16 ár. Á því tímabili flutti hann um það bil 800 þúsund farþega og um 150 þúsund farartæki. Í júnímánuði 1992 leysti nýr Herjólfur þann gamla af hólmi og er hann enn í notkun. Skipið getur flutt allt að 500 farþega í ferð og um 65 fólksbíla og var þremur stundarfjórðungum fljótari en fyrirrennari hans.

Árið 2000 keypti ríkissjóður hlutafélagið Herjólf og var Vegagerðinni falið að bjóða út siglingar ferjunnar. Átta árum síðar féllst Alþingi á að útbúa nýja höfn í Landeyjum við Rangárvelli og leggur Herjólfur þar að bryggju í fyrsta sinn þriðjudaginn 20. júlí.

Siglingin á milli hafna tekur um hálfa klukkustund en gera má ráð fyrir um 45 mínútna ferðalagi á milli bryggja. Um eins og hálfs tíma akstur er frá Landeyjahöfn til Reykjavíkur. Á rúmlega hálfri öld hefur því ferðalagið milli Eyja og Reykjavíkur styst úr allt að hálfum sólarhring í um tvo og hálfan tíma.

## Siglingarleiðir Herjólfs 1959-2010






**LANDEYJAHÖFN** Tilkoma Landeyjahafnar boðar samgöngubyltingu fyrir Vestmannaeyinga og þá sem vilja heimsækja Eyjarnar. Herjólfur getur með góðu móti siglt fjórar til fimm ferðir á dag. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



Nýi Herjólfur er hið glæsilegasta skip

Hið nýja og glæsilega skip vestmannaeyinga, Herjólfur sigldi í fyrsta skipti í höfn í Eyjum um helgina, eins og skýrt var frá í Vísi í gær.

Skipið er mjög vandað og glæsilegt og þegar lokið hefur verið við að koma upp hafnaraðstöðu í Eyjum gjörbreytir tilkoma þess samgöngum eyjamanna við fastalandið, sem þeir kalla svo.

Vegna þoku var ekki hægt að fljúga frá Eyjum á sunnudaginn og komust því ekki myndir ljósmyndara Vísis til ritstjórnarinnar í tæka tíð fyrir blaðið í gær, en nú eru þær komnar og birtast hér á síðunni. —AH

Jón Eyjólfsson skipstjóri sýnir Magnúsi Magnússyni og Páli Zóphaníassyni brúna.

Hið nýja og glæsilega skip, Herjólfur siglir skreyttur fánum við Eyjar.

**HERJÓLFUR II** Vísir segir frá því þegar önnur Herjólfsferjan byrjar að sigla til Þorlákshafnar.

## HEFUR ÁHRIF Á ALLT DAGLEGT LÍF

„Ég held það megi orða það þannig að þetta kemur til með að hafa áhrif á allt okkar daglega líf," segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum um tilkomu Landeyjahafnar.



ELLIÐI VIGNISSON

Íbúar í Vestmannaeyjum eru 4.200 talsins. Þetta er næststærsti þéttbýliskjarni landsins utan höfuðborgarsvæðisins. „Samgöngur hafa tafið fyrir allri framþróun á síðustu árum." segir Elliði. Ferðum Herjólfs fjölgar líka mikið og sveigjanleiki til komu og brottfarar eykst mjög. „Hagkerfi okkar sem hefur verið einangrað og lokað stækkar verulega. Ég held að það megi færa rök fyrir því að allt frá Selfossi til Víkur í Mýrdal verði eitt atvinnusvæði, það verður hægt að sækja vinnu þaðan til Eyja og öfugt."

Elliði segir ferðaþjónustu eitt skýrasta dæmið um þær væntingar sem heimamenn gera til nýrrar hafnar. „Á undanförnum mánuðum hafa verið opnuð hér fimm eða sex ný veitinga- og kaffihús, sem sýnir að fólk er að veðja á aukinn straum ferðamanna. Ferðaþjónustan er hins vegar aðeins ein af þeim atvinnugreinum sem fær ný sóknarfæri. Vestmannaeyjar eru til dæmis stór matvælaframleiðandi með 13 til 15 prósent af aflaheimildum; fyrirtæki á borð við Grím kokk eiga auðveldara með að koma afurðum á markað auk þess sem aðgengi að aðföngum stóreykst."



Vestmanneyingar fögnuðu ný Eyjaskipinu „Herjólfi" í gær

**HERJÓLFUR I** Fyrsta Herjólfsferjan hóf að sigla milli Eyja og Reykjavíkur árið 1959 á vegum Skipaútgerðar ríkisins. Þessi frétt birtist í Þjóðviljanum það ár.



Nýi Herjólfur:
Glæsilegt farþegaskip

**HERJÓLFUR III** DV segir frá þegar þriðja Herjólfsferjan var tekin í notkun 1992. Hún er enn að. Siglingartíminn milli Eyja og Þorlákshafnar styttist um þrjá stundarfjórðunga með nýja skipinu.

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**







2 kg

**299**
VIÐARKOL
- 2 kg




FRÁ **7.990**
SUNDLAUGAR
- 3966 ltr, kr 7990
- 5000 ltr, kr 12.900




3 ltr

**1990**
VIÐARVÖRN
- 3 ltr




**6990**
HÁÞRÝSTIDÆLA - 110 BÖR
- Black & Decker

50 m



**3490**
PAPPÍRSDÚKUR
- 50 m

5 saman



**1890**
ELDIVIÐUR - 5 Í PK
- Brennslutími: ca 2,5 klst pr stk

5 pör



**890**
SOKKAR - 5 PÖR Í PK
- Svartir, st 36-45



**8.990**
SÓLSTÓLL - BADEN BADEN
- Til í bláu og gráu




# -20% af Norsjø veiðivörum

## laugardag og sunnudag

**www.europris.is**

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri






# Ferðast og fræðst í leiðinni

Á Íslandi er að finna yfir eitt hundrað söfn af öllum toga. Þannig geta ferðalangar skoðað safn af beltissylgjum og blýöntum, skriðdreka, fræðst um eldfjöll, íslensk skáld og landnámsmenn, svo fátt eitt sé nefnt. Fréttablaðið leit við á nokkrum söfnum.




## 1. AKRANES

**Safnasvæðið að Görðum**

Munir og minjar úr sögu Akraness, bátar, verbúð og fleira. Á útisvæðinu og eini kútterinn sem varðveittur er á Íslandi.

## 2. BORGARFJÖRÐUR

**Búvélasafnið, Hvanneyri**

Safn fullt af athyglisverðum munum sem ungum jafnt sem öldnum finnst gaman að skoða úr sögu tæknivæðingar í landbúnaði á Íslandi. Má þar nefna tvær elstu dráttarvélar landsins og Ólafsdalsplóginn fræga.

## 3. STYKKISHÓLMUR

**Eldfjallasafnið**

Safnið var opnað í fyrra og hefur slegið í gegn. Nú í ár var sett upp sérstök sýning varðandi gosin í Eyjafjallajökli. Á sýningunni er að finna listaverk sem sýna eldgos sem og muni úr einstöku safni Haraldar Sigurðssonar prófessors sem stundað hefur eldfjallarannsóknir í meira en fjörutíu ár.

## 4. DALABYGGÐ

**Eiríksstaðir, Haukadal**

Leiðsögufólk klætt að sið ársins 1000 fylgir gestum um söguslóðir og segir sögur við langeld. Samkvæmt Eiríkssögu bjó Eiríkur rauði, faðir Leifs heppna, á staðnum þar til að hann fluttist til Grænlands. Leifur var þá fimm til sex ára. Uppgröftur hefur sýnt að skáli stóð að Eiríksstöðum á 10. öld. Tilgátuhús var reist þar sem stuðst var við rústirnar.

## 5. ÖRLYGSHÖFN

**Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti**

Stórmerkilegt safn gamalla muna frá Vestfjörðum. Má þar nefna hatt Gísla frá Uppsölum, skipsflak sem fannst á sjávarbotni í Hafnarvaðli og er frá 1694 og ýmsar einstakar flugvélar og muni úr flugsögu Íslands.

## 6. FLATEYRI

**Alþjóðlegt dúkkusafn og gamla bókabúðin**

Á Alþjóðlegu dúkkusafni má finna yfir 100 dúkkur víðs vegar að úr heiminum. Í leiðinni er verðugt að heimsækja gömlu bókabúðina í næsta húsi sem er sýning út af fyrir sig.

## 7. BOLUNGARVÍK

**Ósvör**

Endurgerð verbúð rétt fyrir utan Bolungarvík sem sýnir hvernig fiskimenn lifðu frá 9. öld og allt fram á 20. öld. Ferð margar aldir aftur í tímann í fylgd safnvarðar sem klæðist gjarnan sjóföturn árabátatímans.

## 8. HÓLMAVÍK

**Galdrasafnið**



Galdrasafnið á Hólmavík á 10 ára afmæli í ár. Sýningin fjallar um íslenskt galdramál og fólkið sem kom þar við sögu. Gestir fá upplýsingar um hvernig skal vekja upp drauga sem og kveða þá niður.

## 9. SKAGAFJÖRÐUR

**Glaumbær, Byggðasafn Skagafjarðar**

Öll helstu hversdagsáhöld sem Skagfirðingar notuðu fyrr á öldum má sjá í Glaumbæ.



Torfbærinn sjálfur er samstæða þrettán húsa og við Glaumbæ eru svo tvö 19. aldar timburhús.

## 10. HOFSÓS

**Vesturfarasetrið**

Sýning sem gefur innsýn inn í líf þúsunda Íslendinga sem fluttust til „nýja heimsins“. Má þar meðal annars nefna nærri 400 ljósmyndir af íslenskum landnemum. Mögnuð saga í máli og myndum.

## 11. AKUREYRI

**Davíðshús**

Heimili og bókasafn Davíðs Stefánssonar, skálds frá Fagraskógi, stendur til sýnis við Bjarkarstíg að Akureyri, alveg eins og Davíð skildi við það þegar hann lést árið 1964. Bókasafnið er einstakt.

## 12. EYJAFJARÐARSVEIT, SÓLGARÐUR

**Smámunasafnið**

Í áratugi hefur Sverrir Hermannsson húsasmíðameistari safnað alls kyns munum í þúsunda tali, allt frá bókamerkjum til heilu einkasafnanna af smíðaverkfærum.

## 13. ÞINGEYJARSVEIT

**Samgönguminjasafnið, Ystafelli**

Allsherjar ævintýri fyrir alla sem haldnir eru fararatækjadellu. Við bæinn er að finna öll helstu farartæki 20. aldarinnar, snjóbíl, dráttarvélar, vörubíla, glæsivagna og jafnvel skriðdreka!

## 14. BORGARFJÖRÐUR EYSTRI

**Kjarvalsstofa**

Sögusýning um Kjarval en sveitin er æskuslóðir málarans. Skemmtilegt leiksvæði er fyrir börn á staðnum sem geta meðal annars spreytt sig þar á málaralistinni.

## 15. STÖÐVARFJÖRÐUR

**Steinasafn Petru**



Steinasafn Petru er af mörgum talið vera eitt stærsta steinasafn í einkaeigu í heiminum.

## 16. HALI, SUÐURSVEIT

**Þórbergssetur**

Einstakt safn helgað Þórbergi Þórðarsyni rithöfundi. Ljósmyndasýning úr Suðursveit, munir tengdir Þórbergi á sýningarstöndum og gestir geta gengið inn í leikmynd sem fangar andblæ liðinna alda. Húsið sjálft, sem teiknað er af Sveini Ívarssyni, er eitt og sér nægt tilefni til að staldra við í Suðursveit.

## 17. SKÓGAR

**Byggðasafnið**

Fjölbreytt og stórt safn með veglegu útisýningarsvæði. Margar merkilegar byggingar tilheyra byggðasafninu, torfbær, rafstöð, skólabygging, kirkja, fjósbaðstofa, og innandyra getur svo að líta metnaðarfullar sýningar um landbúnað og sjósókn, að ógleymdu náttúrugripasafninu.

## 18. ÞJÓRSÁRDALUR

**Þjóðveldisbærinn**

Vel geymt leyndarmál til að uppgötva í sumarfríinu. Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal er tilgátuhús en fyrirmyndin er fyrrum höfuðbýlið að Stöng í Þjórsárdal sem talið er að hafi farið í eyði í Heklugosi 1104. Reynt var að byggja eins nákvæmlega og hægt var á leifum bæjarrústanna í Stöng.

## Nokkrir fróðleiksmolar fyrir tilvonandi safngesti

- Hægt er að skoða dýrgripi úr steinaríki Íslands á Safnasvæðinu að Görðum.
- Fyrstu tölvuna sem kom í Vestur-Barðastrandarsýslu er að finna á minjasafni Egils Ólafssonar að Hnjóti.
- Á Bókabúðinni á Flateyri má kaupa notaðar bækur á 1.000 krónur kílóið, gömul Tarzanblöð og gotterí í kramarhúsum.
- Annar helmingur safnsins í Ósvör í Bolungarvík er undir berum himni og hinn helmingurinn inni í uppgerðum torfhúsum.
- Á Galdrasafninu í Hólmavík geta gestir fengið leiðbeiningar um hvernig má reyna að gera sig ósýnilegan.
- Í Byggðasafni Skagafjarðar, Glaumbæ, er boðið upp á ljúffengar þjóðlegar veitingar, pönnukökur, flatkökur og fleira til.
- Bókasafn Davíðs Stefánssonar skálds í Davíðshúsi er talið meðal þeirra fremstu hérlendis sem innihalda þjóðlegan fróðleik.
- Munum á Smámunasafninu í Eyjafirði er haganlega komið fyrir í sýningarkössum sem Sverrir, stofnandi safnsins, smíðaði.
- Ein nýjasta viðbótin á Samgönguminjasafninu er forsetabíll Vigdísar Finnbogadóttur og bíll sem Emilíana Torrini gaf safninu og var í eigu afa hennar.
- Petra á Stöðvarfirði, eða Ljósbjörg Petra María Sveinsdóttir, hefur safnað steinum í meira en sextíu ár.

## Safnaðu síðunum!

Yfir háannaferðatímann í sumar birtir helgarblað Fréttablaðsins Íslandskort með upplýsingum fyrir ferðalanga. Um síðustu helgi var það vegvísir að heitum laugum víðs vegar um land og í dag leiðarvísir að áhugaverðum söfnum. Á næstu vikum má svo búast við svipuðum vísum að ýmsum perlum sem vert er að muna eftir á ferðalaginu.

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

júlí 2010




## Dísætir eftirréttir

Ítalskt berjasorbet og amerísk bláberjakaka með rjóma.

SÍÐA 6



## Næringarrík og góð

Þórdís Sigurðardóttir hjá Happi gefur uppskrift að grískri paprikusúpu.

SÍÐA 2



# Léttir og ljúffengir smáréttir



**Tapas eru bragðgóðir og ferskir smáréttir sem tilvalið er að njóta á sumrin þegar líkaminn kallar á léttan mat.**

Tapas er samheiti á smáréttum frá Spáni sem njóta vaxandi vinsælda um allan heim, enda bæði bragðgóðir og oft einfaldir í framkvæmd. Svo skemmir ekki fyrir að réttina er hægt að útfæra á ýmsa vegu og nýta í þá það hráefni sem hendi er næst eins og Nuno Servo, annar eigandi Tapas-barsins, bendir á. „Við höfum til dæmis þróað ýmsa tapas-rétti sem ekki eru dæmigerðir fyrir Spán, svo sem lamb í lakkríssósu, kengúru með plómuragú og smækkaða útgáfu af nautalund með borgunion sveppasósu, sem venjulega er borin fram sem 250 gramma steik. Þetta sýnir að tapas-rétti má leika sér með og þróa í ýmsar áttir, þótt upphaflega hafi menn kannski fylgt einhverjum leikreglum í þeim efnum,“ bendir Nuno á og bætir við að annar kostur sé að réttina megi bera fram allt árið um kring og við ýmis tækifæri. Kokkar Tapasbarsins, þau Martin Sappia, Bjarki Gunnlaugsson og Ósk Ómarsdóttir, lögðu til nokkra rétti sem miðast hver og einn við fjóra og lesendur geta spreytt sig á.

- rve

FRAMHALD Á SÍÐU 4


BREYTTUR SÝNINGARSALUR..!! --- 20% AFSLÁTTUR

HAGKVÆMAR LAUSNIR

HTH SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

ELDHÚSINNRÉTTINGAR · BAÐINNRÉTTINGAR · ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR · FATASKÁPAR · VASKAR OG BLÖNDUNARTÆKI

Af hverju að borga meira?

TIL Á LAGER · Sýningarsalurinn sýnir bæði lagerinnréttingar og sérpantanir.

ORMSSON

ORMSSON–AKUREYRI · Sími 461 5003
MODEL/ORMSSON–AKRANESI · Sími 431 3333

LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2821 & 530 2919

# ÚTLÖND Í ELDHÚSINU HEIMA

**Ragnheiður Tryggvadóttir**

Það er svo gott að borða. Mér finnst alltaf langskemmtilegast að setjast niður og borða eitthvað gott þegar ég er á ferð í útlöndum. Matarmenning ólíkra landa er spennandi og alltaf getur maður prófað eitthvað nýtt.

Hollenskur matur minnti mig reyndar á íslenskan mat þegar ég var þar á ferð. Þeir borða til dæmis kartöflur í öll mál eins og Íslendingar gerðu, þar til þeir uppgötvuðu pasta. Hollendingar matreiða kartöflurnar hins vegar á fleiri vegu en bara soðnar og þar smakkaði ég kartöflusalöt og gratín í mörgum útfærslum. Þeir eru líka hugmyndaríkir í sósugerð með frönskum kartöflum og Vincent Vega fór ekki með neitt fleipur í Pulp Fiction þegar hann sagði þá drekkja kartöflunum í majónesi. Hollendingar bragðbæta hins vegar majónesið og var meðal annars hægt að fá majónes með hvítlauk út á frönskurnar.



Á Ítalíu smakkaði ég bestu pitsurnar, að sjálfsögðu, og hef lengi reynt að endurgera eina sem ég borðaði með einhverjum hvítum osti og klettasalati. Það hefur ekki tekist enn. Á Ítalíu var líka það skemmtilega fyrirkomulag haft að seinnipart dags voru samlokur og þeir réttir sem ekki kláruðust í hádeginu skornir niður í munnbita og bornir frítt fram ef maður keypti einn drykk á barnum. Þetta kom fátækum námsmanni sérstaklega vel. Bestu samlokurnar smakkaði ég þó í New York en Ameríkanar eru snillingar í samlokugerð. Þeir eru ónískir á áleggið og raða osti og eðalskinku í mörgum lögum milli brauðsneiðanna svo lokan rúmast varla milli tanna. Danir borða rúgbrauð í hvert mál með þykkri sneið af osti og rúgbrauðstegundirnar óteljandi í búðarhillunum, hver annarri betri. Danir eru líka sérstaklega hrifnir af haframjöli og borða það ósoðið með mjólk á morgnana. Besta morgunmatinn borðaði ég þó í London og gleymi seint hrærðu eggjunum, steiktu eggjunum, beikoninu og kolsvörtu teinu með.

Ég er þó ekkert að gera meira úr erlendri matarmenningu en okkar eigin. Gamaldags íslenskur matur finnst mér sérstaklega góður og ég gæti borðað slátur í öll mál ef því væri að skipta. Það er bara skemmtilegt að prófa eitthvað nýtt. Nú ber hins vegar svo við að sæluferðir til erlendra borga eru ekki á dagskrá margra þetta sumarið. Þá er um að gera að kokka upp erlenda stemningu í eldhúsinu heima og ferðast í huganum meðan við borðum.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur
E Eftirréttur
S Smáréttir
Hvunndags/til hátíðabrigða
D Drykkir
Kökur
Annað kjöt en fuglakjöt
Fiskur
Skelfiskur
Ávextir
Grænmeti






Þórdís Sigurðardóttir næringarfræðingur segir grísku súpuna bæði holla og góða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Gleður og nærir



Þórdís Sigurðardóttir heilsuráðgjafi starfar hjá Happi sem framreiðir holla matarpakka á Höfðatorgi. Hún miðlar okkur uppskrift að kaldri, grískri paprikusúpu.

Paprikusúpan er holl, góð og næringarrík. Svo er hún það falleg að erfitt er að standast hana og manni líður líka vel á eftir,“ segir Þórdís um hina sumarlegu, grísku paprikusúpu sem hún gefur okkur uppskrift að. Hún upplýsir að í rauðri papriku sé meira C-vítamín en í appelsínu og fleiri góð efni sem líkami okkar þarfnist. Súpan er borðuð köld og Þórdís bendir á að hún sé frábær til að taka með sér í nesti, hvort sem er í útilegu eða litla lautarferð.

Þórdís lærði heilsu- og næringarráðgjöf í New York og gekk til liðs við heimsendingarþjónustuna Happ um síðustu áramót. Þar nýtist þekking hennar vel. „Við erum að hjálpa fólki að borða hollt. Gerum allt frá grunni og ferskt hráefni er lykilatriðið,“ segir hún.

Í síðasta mánuði flutti Happ í Turninn á Höfðatorgi og fyrir fáum dögum var byrjað að afgreiða þar rétti úr matarpakkanum út í nýjan sólskála. Svo er áformað að opna veitingastað í ágúst. - gun

## GRÍSK PAPRIKUSÚPA

**5 stórar paprikur**
**4 tómatar**
**1 stór laukur**
**3 msk. ólífuolía**
**2 lárviðarlauf**
**2 tsk. kúmin**
**Þurrkaðar chilli-flögur**
**1 sellerí**
**500 ml HaPP grænmetiskraftur**
**Börkur af ½ sítrónu**
**Handfylli af basillaufum**
**Steinselja**
**Grísk jógúrt**

*Byrjaðu á því að skera niður laukinn og hita hann í olíunni þar til hann er orðinn glær. Á meðan laukurinn er að eldast taktu helminginn af paprikunum og skerðu þær í teninga ca 1,5 cm. Hinn helmingurinn af paprikunum, fræin og afskurðurinn er sett á pönnuna með lauknum, ásamt 1 tsk. af salti, kúmin og chilli-flögum.*

*Steiktu þetta saman í 5 mín – passaðu að hafa hitann ekki of háan. Bættu þá HaPP grænmetiskrafti út í og láttu sjóða í u.þ.b. 15 mínútur.*

*Taktu þá lárviðarlaufin úr. Maukið því næst súpuna í „blender“ eða með töfrasprota þar til súpan er alveg „mjúk“. Þetta getur tekið nokkrar mínútur. Látið súpuna þá standa þar til hún er orðin köld. Bætið þá við selleríi, paprikuteningum og sítrónuberkinum. Látið standa þar til hitinn á súpunni er við stofuhita, setjið þá súpuna í ísskáp og látið bíða þar í nokkra klst. eða yfir nótt. Að lokum, takið súpuna úr kælinum hálftíma áður en hún er borin fram. Hrærið í súpunni, setjið í skálar og grísku jógúrtina ofan á og þá basil og steinselju þar ofan á og berið fram með kærleika og gleði.*



VIETNAM MARKET

# Frá ýmsum löndum

Vietnam Market er verslun við Suðurlandsbraut sem var opnuð í lok síðasta árs. „Við erum með ýmislegt til matargerðar eins og til dæmis hráefni í sushi og vorrúllur sem auðvelt er að gera heima,“ segir eigandinn Quang Le.

Í hillum verslunarinnar má líka finna alls konar sósur, súpur, núðlur, gosdrykki, te og krydd en vörurnar koma frá hinum ýmsu löndum eins og Indlandi, Taílandi, Japan, Víetnam og Kína.

„Svo fáum við alltaf ferskt grænmeti á þriðjudögum,“ segir Quang Le.

Verslunin er opin alla virka daga frá 11 til 20 og laugardaga og sunnudaga frá 12 til 18.



**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Emilía Örlygsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Marta María Friðriksdóttir og Ragnheiður Tryggvadóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*




ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans




Minna en 6% fita

100% beinlaus vöðvi

b e i n t á g r i l l i ð , í o f n i n n e ð a á p ö n n u n a

Fæst í: HAGKAUP Skemmtilegast að versla BÓNUS

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Smáréttaveisla

NÍU TAPAS-UPPSKRIFTIR

FRAMHALD AF FORSÍÐU



## SNIGLAR MEÐ HVÍTLAUKSBÖKUÐUM SVEPPUM



*Skerið sveppi í teninga og veltið þeim upp úr hvítlauksolíu, smá salti og pipar. Þetta er svo bakað í ofni í um 10 mínútur við 160 gráður. Saxið steinselju og stráið yfir. Bakið svo sniglana í ofni þar til smjörið í skeljunum er vel bráðið. Setjið svo sniglana yfir sveppina og berið fram.*



## HVÍTLAUKSBAKAÐIR HUMARHALAR

**12 STK. HUMARHALAR**

**HVÍTLAUKSSMJÖR**
**100 gr íslenskt smjör**
**4-6 hvítlauksgeirar, rifnir**
**Fersk steinselja, söxuð**
**Smjörið er mýkt aðeins og öllu blandað saman**

*Klippið skelina á humrinum niður að sporði. Skelin er aðeins opnuð og humarinn dreginn upp úr henni án þess að slíta hann úr og lagður yfir humarskelina. Humarinn má einnig kljúfa í tvennt.*



*Setjið brauðrasp og hvítlauks-smjör ofan á humarinn og bakið hann í ofni við 200 gráður í um 8-12 mínútur eða þar til hann er orðinn bakaður í gegn og gylltur á lit. Stráið smá salti yfir og berið fram með sítrónusneið.*



## BLEIKJA MEÐ PAPRIKUSALSA

**600 G BLEIKJA**

**Paprikusalsa**
**0,5 kg grilluð paprika**
**1 rauðlaukur**
**2 hvítlauks-geirar**
**1 msk. kóríand-erduft**
**1 tsk. chilly-duft**
**2 msk. ólífuolía**
**Salt og pipar**



*Saxið rauðlauk, hvítlauk og papriku í litla teninga og steikið á pönnu á vægum hita í 20-30 mínútur. Bætið kryddum við og smakkið til.*

*Saltið og piprið bleikju og steikið á pönnu. Berið svo bleikju og papriku-salsa fram saman.*



## SALTFISKUR MEÐ SÆTRI KARTÖFLUMÚS

**6- 800 G SALTFISKUR**



**1 sæt kartafla**
**1 grein rósmarín**
**2 dl appelsínusafi**
**2 cm biti af engi-fer**
**2 msk. smjör**
**Salt og pipar**



*Flysjið kartöflur, skerið niður og sjóðið með appelsínusafa og rósmaríngrein. Bætið við vatni svo það fljóti yfir. Sigtið safann frá og takið rósmarínið einnig frá þegar kartöflurnar eru orðnar mjúkar. Saxið eða rífið niður engifer og bætið því við sætu kartöflurnar ásamt smjörinu. Stappið svo saman eða maukið með töfrasprota. Saltið og piprið eftir smekk.*

*Steikið saltfiskinn á pönnu með pipar og olíu og berið fram með sætu kartöflumúsinni.*



## NAUTALUND MEÐ BORGUNION-SVEPPASÓSU

**6 - 800 G NAUTALUND**

**BORGUNION-SÓSA**
**1 laukur**
**5-8 sveppir**
**50 g beikon**
**1 grein rós-marín**
**2 hvítlauks-geirar**
**3 dl rauðvín**
**1 l vatn**
**Nautakraftur**
**Salt og pipar**
**Smjörbolla eða maizena-mjöl til að þykkja**



*Saxið lauk, beikon, sveppi og hvítlauk smátt og steikið í potti ásamt rósmaríninu, salti og pipar. Setjið rauðvín út í og látið sjóða niður um helming. Bætið þá vatni við, fáið suðu upp og þykkið því næst sósuna.*

*Skerið nautalund niður í „litlar steikur" og steikið á pönnu með salti, pipar og hvítlauk eftir smekk hvers og eins. Berið svo fram með sveppasósunni.*



## GRILLAÐ EGGALDIN OG KÚRBÍTUR

**EGGALDIN OG KÚRBÍTUR, EITT AF HVORU**

**1 msk. teryaki**
**3 msk. matarolía**
**1 grein garðablóðberg**
**1 msk. rósapipar**
**1 msk. fennel duft**
**2 hvítlauksgeirar, saxaðir**
**Salt og pipar**

*Skerið grænmetið í 1 sentimetra þykkar sneiðar. Hrærið blöndunni saman og penslið yfir grænmetið og grillið svo á pönnu eða á útigrilli.*





**BRYGGJUHÁTÍÐ** á Drangsnesi er haldin í fimmtánda sinn í dag. Dagurinn hefst með dorgveiði barnanna í Kokkálsvík og endar með dansleik í samkomuhúsinu Baldri í kvöld.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS



Fríða og Ronja, dóttir hennar, hita sig upp fyrir útileguna í garðinum heima. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hlakkar allt árið til þess að geta sofið í tjaldi

**Fríða Rós Valdimarsdóttir, framkvæmdastýra Sterk, vinnur þessa dagana að gerð fræðsluefnis til að draga úr eftirspurn eftir vændi. Hún gefur sér þó tíma til að skreppa úr bænum með fjölskyldunni yfir helgina.**

„Um helgina ætla ég að keyra hægt og rólega upp í Borgarfjörð á tveimur dögum með fjölskyldunni, stoppa einhvers staðar á leiðinni og sofa í tjaldi og skoða allt sem fyrir augu ber,“ segir Fríða Rós Valdimarsdóttir, framkvæmdastýra Sterk.

Spurð hvort einhverjir staðir komi til greina frekar en aðrir fyrir tjaldið svarar Fríða: „Ég var að hugsa um Botnsdal, ef við byrjum þar þá þurfum við bara að keyra stutt til að byrja með. Svo endum við örugglega í Húsafelli og komum heim á mánudaginn.“

Fríða segist alltaf fara í eina útilegu á ári. „Ég hlakka til allt árið, því mér finnst svo gott að sofa í tjaldi. Samt fer ég bara einu sinni,“ segir hún og hlær.

Fríða segist ekkert vera bundin af því að tjalda nálægt rafmagni því hún þarf ekki að hita tjaldið upp með rafmagnshitara. „Við erum bara með Ronju, dóttur okkar, hún er rosalega góður hitari. Við vorum uppi í Drangsnesi í fyrra, alveg í viku og það var rosalega kalt, bara 9 gráður á daginn og kannski svona 2 á nóttunni. Ronja fór alltaf að sofa um 9 og þegar við komum upp í um 11 eða 12 þá var tjaldið alltaf heitt og hún alveg kófsveitt í svefnpokanum.

Fríða segist hlakka mikið til að fara þessa leið. „Hvalfjörðurinn er svo fallegur og Borgarfjörðurinn líka og maður fer alltaf svo hratt í gegn. Mig langar að skoða allt vel og vandlega núna og gá hvað þarna er að finna, fara í gönguferðir og njóta náttúrunnar.“

*emilia@frettabladid.is*

Auglýsingasími
512 5401




Allt sem þú þarft...



Dúnmjúkar brúðargjafir
Úrval brúðargjafa á tilboði
Sængurfatnaðurinn er ofinn úr gæða bómullardamask.
Yfir 30 tegundir af sængurfatnaði til brúðargjafa.
Íslensk hönnun á góðu verði.
Lín DESIGN
Lín Design - gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 - Sími 533 2220 - www.lindesign.is

**SKÍRNARFATIÐ** í Reynivallakirkju er nátengt sögu byggðar í Kjós. Séra Gunnar Kristjánsson sóknarprestur flytur erindi um uppruna og sögu fatsins í dag klukkan fjögur.



Esju - Einingar

Við byggjum betra Ísland

www.eei.is

Esju-Einingar ehf. framleiða forsteypt viðhaldsfrí einingarhús í öllum stærðum og gerðum

- Einbýlishús
- Parhús /raðhús
- Fjölbýlishús
- Iðnaðarhúsnæði
- Hesthús
- Skemmur
- Bekkir, Stigar, Sorpgerði
- Útveggir
- Innveggir
- Sökklar
- Kúluplötur
- Filigranplötur
- Súlur
- Steyptir bitar

Forsteypt einingahús eru örugg, fljótleg í uppsetningu og hagkvæmur kostur

Esju-Einingar ehf. annast alla hönnun sem og burðarþols- og lagnahönnun
Mikið hagræði er að hafa alla hönnun á sama stað
Hafðu samband og leitaðu tilboða hjá okkur

Esju-Einingar ehf - Esjumelar 9 - 116 Reykjavík - sími: 511-6960, 869-2500 - haukur@eei.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ

# Lengi blundað í okkur

**Fyrsta formlega fjallahjólakeppnin á Vestfjörðum verður haldin í dag þegar Vesturgatan – fjallahjólreiðakeppni Höfrungs verður farin. Leiðin liggur eftir slóðum og malarvegum upp í fimm hundruð metra hæð.**

„Það hefur ekki verið haldin svona formleg hjólreiðakeppni á Vestfjörðum áður,“ segir Hlynur Guðmundsson, einn af skipuleggjendum Vesturgötunnar – fjallahjólreiðakeppni Höfrungs sem haldin verður í fyrsta sinn í dag. „Það hefur samt lengi blundað í okkur að halda hjólakeppni.“

Hlynur segist ekki vita hvar hugmyndin að hjólreiðakeppninni kviknaði. „Þetta kviknaði líklega í samtölum á milli manna í fyrrasumar að það gæti verið gaman að halda hjólakeppni. En undanfarin ár hefur verið haldin hlaupakeppni þarna sem heitir Vesturgatan,“ segir Hlynur. Hjólreiðakeppnin er hluti af hlaupahátíð á Vestfjörðum sem stendur yfir um helgina. Óshlíðarhlaupið var þreytt í gær og á morgun verður Vesturgatan hlaupin.

Leiðin sem hjóluð verður er 55 kílómetrar. Byrjað er við sundlaugina á Þingeyri. „Hjólað er frá Þingeyri, inn að Kirkjubólsdal og upp á Álftamýrarheiði,“ útskýrir Hlynur og heldur áfram: „Farið er upp í rúmlega fimm hundruð metra hæð þannig að það er talsvert klifur á þessari leið. Fyrstu fjórtán kílómetrarnir fara í það að koma sér upp í þessa hæð. Svo liggur leiðin beint niður að sjávarmáli aftur. Hjólað verður meðfram ströndinni, bæði upp og niður.“ Leiðin liggur fyrir Sléttanes og þaðan eftir ýtuvegi Elísar Kjaran inn Dýrafjörð að flugvellinum þaðan sem farið er aftur að sundlauginni á Þingeyri.



„Leiðin liggur eftir slóða og malarvegi,“ segir Hlynur. MYND/ÚR EINKASAFNI



Hlynur segist hafa hjólað Vesturgötuna nokkrum sinnum. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Leiðin er eftir slóða og malarvegi,“ segir Hlynur sem tekur fram að slóðarnir séu misjafnir. „Síðan er farið niður í fjöru og hjólað í fjörugrjóti en á heildina litið er þetta nokkuð góð leið og gott að hjóla hana.“

Hlynur segir leiðina vinsæla meðal hjólreiðamanna. „Ég hef hjólað þessa leið nokkrum sinnum og hljóp hana í fyrsta skipti í fyrra. Það er mjög vinsælt að fara í dagshjólaferðir þangað.“

Hægt er að skrá sig í keppnina á keppnisstað á milli níu og tíu en ræst verður klukkan tíu.

*martaf@frettabladid.is*



## Framkvæmdastjóri bíóteks/ Rekstraraðili kaffihúss og bíóbúðar í Regnboganum

Félag um bíótek í Regnboganum óskar eftir framkvæmdastjóra. Einnig er óskað eftir samstarfi við rekstraraðila kaffihúss og bíóbúðar í húsinu. Viðkomandi þurfa að geta tekið fljótlega til starfa.

Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí 2010.

Nánari upplýsingar má finna á www.producers.is/biotek.

## STÖRF Í BOÐI

Tölvulistinn leitar að öflugu fólki í eftirfarandi stöður:

Við leitum að fólki sem býr yfir eftirfarandi eiginleikum

- Brennandi áhuga á þekkingu á tölvum og tækni
- Ríkri þjónustulund og jákvæðni
- Frumkvæði og áræðni
- Sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- Reynslu af sambærilegum störfum

**Verslunarstjóri Tölvulistans á Selfossi - framtíðarstarf**
Umsjón með öllum daglegum rekstri verslunarinnar, birgða- og starfsmannahaldi, sölu og þjónustu við viðskiptavini og öðrum tilfallandi verkefnum. Góð þekking á tölvum og öðrum tæknibúnaði æskileg ásamt reynslu af svipuðum störfum.

**Móttökufulltrúi á verkstæði - framtíðarstarf**
Móttaka viðskiptavina á verkstæði sem og önnur tilfallandi verkefni. Umsækjendur þurfa að búa yfir miklum hæfileikum í mannlegum samskiptum og þjónustulund. Yfirgripsmikil þekking á tölvum og tengdum búnaði er skilyrði.

TÖLVULISTINN TL.IS www.tolvulistinn.is

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd skulu sendast á starf@tolvulistinn.is
Tekið skal fram hvaða stöðu sótt er um.

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 |

## VÍS leitar að öflugum þjónustufulltrúum

Við óskum eftir að ráða þjónustufulltrúa með ríka þjónustulund í framtíðarstörf. Um tvö störf er að ræða.

### Þjónustufulltrúi á þjónustuskrifstofu VÍS í Reykjavík

**Starfssvið**
- Alhliða þjónusta við viðskiptavini VÍS
- Ráðgjöf um tryggingavernd og sala trygginga
- Ráðgjöf og úrvinnsla vegna tjóna og innheimtu iðgjalda

### Þjónustufulltrúi í söluþjónustu VÍS í Reykjavík

**Starfssvið**
- Þjónusta við samstarfsaðila VÍS í sölumálum
- Ráðgjöf um tryggingavernd
- Tilboðsgerð
- Skráning og vinnsla sölugagna



**Menntun og hæfniskröfur**
Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum með framúrskarandi þjónustulund. Umsækjendur þurfa að hafa stúdentspróf, afburðahæfni í samskiptum og reynslu og þekkingu á vátryggingastarfsemi.

Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með **25. júlí** nk. og skulu umsækjendur sækja um á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Í samræmi við stefnu VÍS um jafnréttismál eru konur, jafnt sem karlar, hvattar til að sækja um störfin.

capacent

VÍS er nútímalegt þjónustufyrirtæki með 42 þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Fíton/SÍA

Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

VÍS

→ flugfelag.is

# Flugvirkjar og nemar í flugvirkjun




Flugfélag Íslands áformar að ráða flugvirkja og flugvirkjanema til starfa í viðhaldsstöð félagsins á Reykjavíkurflugvelli.

**Starfið:**

» Öll störf sem að starfsgreininni lúta og heyra undir viðhaldsdeild félagsins.
» Nemar vinna undir handleiðslu flugvirkja í samræmi við nemasamninga.

**Hæfniskröfur:**

» Flugvirkjar; hafa lokið námi í flugvirkjun frá viðurkenndum skóla.
» Flugvirkjanemar; hafa lokið undirbúningsnámi í flugvirkjun frá viðurkenndum skóla.
» Heiðarleiki og metnaður til að skila góðu verki.
» Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt hugarfar.
» Dugnaður og áhugi á að takast á fjölbreytt starf og krefjandi verkefni.

*Flugfélag Íslands er arðbært, markaðsdrifið þjónustufyrirtæki, leiðandi í farþega- og fraktflutningum, og þjónar flugrekendum og aðilum í ferðaiðnaði.*

*Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfum og liprum liðsmönnum sem sýna frumkvæði og hafa jákvætt viðhorf.*

*Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 230 manns sem allir gegna lykilhlutverki í starfsemi þess.*

**Umsóknir og umsóknarfrestur:**
Umsóknarfrestur er til 8. ágúst 2010. Einungis er tekið við umsóknum á heimsíðu félagsins **www.flugfelag.is**, á þar til gerðu eyðublaði.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 50888 07/10

## Hjúkrunarfræðingar Sjúkraliðar Snyrtifræðingar

50% framtíðarflexstöður hjá lækningafyrirtæki. Sjálfstætt reyklaust starf m.a. með börn. Mennta-, starfs- og veikindaskrá í tímaröð ásamt tölvureynslu, persónuhögum, meðmælum, launakröfum og hvers vegna starfið henti óskast á starfsumsokn@gmail.com. ALGJÖR trúnaður.

Húseigendafélagið STOFNAÐ - 1923

# Skrifstofustarf

**Húseigendafélagið vill ráða öflugan og fjölhæfan skrifstofumann.**

**Í starfinu felst:** Bókhald, gjaldkerastörf, umsjón með félagaskrá og innheimtu, launauppgjör, samskipti við banka, vsk-uppgjör, innkaup, bréfritun, umsjón með heimasíðu og húsfundaþjónustu, ritun fundargerða, upplýsingamiðlun, kynningarstarf, samskipti við félagsmenn, öflun gagna og upplýsinga, símsvörun og móttaka o.fl.

**Mjög góð** bókhaldskunnátta(TOK), tölufærni og íslenskukunnátta (í ræðu og riti) eru áskildir kostir. Sömuleiðis dugnaður, frumkvæði, sjálfstæði, samviskusemi, háttvísi og mikil færni og lipurð í mannlegum samskiptum.

**Miðað er við ráðningu frá 1. september n.k. eða skv. samkomulagi. Umsóknarfrestur er til 25. júlí n.k.**

Húseigendafélagið, Síðumúla 29, 108 Reykjavík, netfang shg@huso.is



# ERTU TIL Í GUFUNA?

**Gufa ehf. óskar eftir að ráða verkefnastjóra við nýtt gufubað sem byggt verður ofan á náttúrulegum gufuhver við Laugarvatn.** Gufubaðið er merk nýjung í heilsu- og náttúrutengdri ferðaþjónustu á Íslandi og opnar næsta sumar. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi, fullum af áhuga og eldmóði, sem tekur þátt í stefnumótun og vöruþróun fyrirtækisins af krafti.

Verkefnastjóri er ráðinn frá og með 15. ágúst 2010 eða skv. samkomulagi. Um er að ræða tímabundna ráðningu, að lágmarki 6 mánuði, en með möguleika á framlengingu.

Verkefni felast m.a. í:

- Að vinna að vöruframboði Gufu ehf.
- Að sinna áætlanagerð um sölu og rekstur í samstarfi við stjórn.
- Að koma upp öflugri heimasíðu og leiða vinnu við hönnun vörumerkis.
- Að sinna samskiptum, samningagerð, svörun og allri þjónustu við viðskiptavini.
- Að taka þátt í verðlagningu á þjónustu Gufu ehf.
- Að setja saman áhugaverð tilboð og nýjungar.
- Að bera ábyrgð á samskiptum, samningagerð, svörun og allri þjónustu við viðskiptavini Gufu ehf.

Umsóknir óskast sendar á tryggvi@icehotels.is, merktar „verkefnisstjóri", fyrir 28. júlí 2010.

Víðtæk reynsla og menntun í markaðsmálum æskileg, sem og sjálfstæð vinnubrögð, lipurð í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar og þekking á ferðaþjónustu.

GUFUBAÐIÐ LAUGARVATNI Geothermal Steam Bath

# LANGANESBYGGÐ

## Grunnskólakennarar

**Lausar eru eftirtaldar stöður við Grunnskólann á Bakkafirði frá og með 1. ágúst nk.**

**Umsóknarfrestur er til föstudagsins 30. júlí nk.**

Kennara vantar í almenna kennslu.

Grunnskólinn á Bakkafirði er einsetinn lítill skóli með 15 - 20 nemendum þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel og að allir fái nám við sitt hæfi. Á Bakkafirði búa um 100 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Á staðnum er verslun. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Í boði er mjög spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi, þar sem starfsaðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar í alla staði, í mjög barnvænu samfélagi.

**Upplýsingar gefa María Guðmundsdóttir, skólastjóri í símum 473 1618 og 847 6742, maria@langanesbyggd.is**

STOÐ Við höfum stutt Íslendinga í 25 ár

# VÖRUSTJÓRI

Stoð hf. stoðtækjafyrirtæki er fyrirtæki sem framleiðir og flytur inn og stoð- og hjálpartæki. Hjá Stoð starfar nú 30 manna samhentur hópur í skemmtilegu og gefandi starfsumhverfi.

**Verkefni:**

- Umsjón með innkaupum og lager
- Vörustjórnun
- Verðútreikningar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði vörustjórnunnar
- Skipulögð, öguð og metnaðarfull vinnubrögð
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af Navision mikill kostur
- Stjórnunarhæfileikar sem og hæfni til að starfa í hóp
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða mjög sjálfstætt starf sem gefur starfsmanni mikla möguleika á starfsþróun í framtíðinni.

**Skriflegar umsóknir berist Stoð fyrir 30. júlí 2010 merktar "Vörustjóri"**
**Stoð hf - Trönuhrauni 8 - 220 Hafnarfirði**

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# Ráðgjöf og sala í verslun

Við leitum að áhugasömum og duglegum starfsmanni til móttöku og afgreiðslu í verslun okkar. Reynsla af sölustörfum er æskileg og lögð er áhersla á að um framtíðarstarf er að ræða.

**Starfssvið**

- Móttaka og símvarsla
- Kynning og ráðgjöf
- Sala og afgreiðsla
- Vinnutími er frá kl 13 til 18

**Eiginleikar**

- Reynsla af sölu- og verslunarstörfum
- Hæfileikar til kynningar- og sölustarfa
- Jákvætt viðmót og þjónustulund
- Reyklaus starfsmaður

Nánari upplýsingar eru veittar á www.eirberg.is
Áhugasamir sendi umsókn og stutta ferilskrá á netfangið ahj@eirberg.is

**Umsóknarfrestur er til 4. ágúst.**

*Eirberg ehf. er vaxandi innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Við leggjum metnað okkar í að veita heilbrigðisstofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum ráðgjöf og góða þjónustu.*

Eirberg

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • www.eirberg.is

# Kerfisstjóri óskast

Vegna aukinna verkefna þurfum við að bæta kerfisstjóra í hópinn. Umsækjendur þurfa að uppfylla neðangreindar hæfniskröfur, vera jákvæðir og áreiðanlegir og vera tilbúnir að ferðast erlendis á vegum fyrirtæksins.

- Góð þekking og reynsla af uppsetningu og rekstri á Microsoft þjónum og lausnum.
- Reynsla af rekstri á Linux netþjónum.
- Þekking á Cisco er kostur.
- Microsoft gráða er kostur.

Áhugasamir sendi póst á umsokn@kerfisthroun.is
**www.kerfisthroun.is**

*Kerfisþróun Ísland ehf þróar og þjónustar viðskiptalausnir sem einu nafni nefnast Stólpi. Einnig rekur félagið hýsingaraðstöðu og rekstrarþjónustu fyrir fyrirtæki. Félagið þjónustar yfir 3000 Íslensk fyrirtæki en stærsti vaxtarbroddurinn er erlendis sem stendur.*

STÓLPI Kerfisþróun

# Starfsmenn óskast

Nýsprautun ehf, Reykjanesbæ óskar eftir bílamálara, bifreiðasmið og bifvélavirkja til starfa sem fyrst.

Áhugasamir sendi umsókn með tölvupósti á netfangið nysprautun@nysprautun.is

## Hótel - Næturvarsla í gestamóttöku

Hótel á höfuðborgarsvæðinu auglýsir eftir starfsmanni í næturvörslu/gestamóttöku. Um er að ræða vaktavinnu. Reynsla æskileg. **Umsóknir sendist á box@frett.is merkt "Hótel-Næturvarsla"**

# Vefstjóri

## Vefstjóri óskast til vinnu hjá Netviðskiptum Íslandsbanka í Markaðsdeild

Við leitum að kraftmiklum, frumlegum og metnaðarfullum einstaklingi með víðtæka þekkingu og reynslu af netmálum.

Vefstjóri er stór partur af litlu og öflugu teymi Netviðskipta í Markaðsdeild þar sem mikil áhersla er lögð á nýjar og gagnlegar lausnir fyrir notendur. Netviðskipti bera ábyrgð á öllum vefjum bankans, Innraneti, Netbönkum og öðrum tilfallandi verkefnum. Starfið er mjög fjölbreytt og teygir sig til allra deilda bankans. Hjá okkur er mikið að gerast, góður starfsandi og ávallt stutt í léttleikann.

**Helstu verkefni:**

- Vöruþróun – greina tækifæri og nýjungar tengdar Netinu
- Verkefnastjórnun í stærri og smærri verkefnum vegna www.islandsbanki.is, Innranets og annarra vefja bankans
- Virk þátttaka í stefnumótun, þróun og markaðssetningu vegna netafurða bankans
- Almenn verkefnavinna

**Æskilegt er að viðkomandi þekki og/eða hafi reynslu af:**

- Vefstjórnun
- Vefmælingum með Google Analytics eða sambærilegum mælingatækjum
- Vefforritun HTML/CSS/JS
- Viðmótshönnun og vefhönnun
- SEO

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, tölvunarfræði eða sambærilegum greinum er kostur en ekki skilyrði
- Góð enskukunnátta
- Vilji og geta til að vinna undir álagi og skila verkefnum innan tímamarka
- Góð þekking á markaðssetningu á Netinu
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Vilhjálmur Alvar Halldórsson deildarstjóri Netviðskipta Íslandsbanka í síma 844 4610. Umsóknir skulu fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 4. ágúst nk. Tengiliður á Mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir í síma 440 4172 eða sigrun.olafs@islandsbanki.is

Íslandsbanki býður alhliða bankaþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta. Hjá bankanum starfa um 930 starfsmenn. Utan Íslands byggir Íslandsbanki fyrst og fremst á þeirri sérþekkingu og viðskiptasamböndum sem bankinn býr yfir í sjávarútvegi og jarðhita.

Íslandsbanki sækist eftir starfsfólki sem býr yfir yfirburðaþekkingu og reynslu, er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Markaðs- og sölufulltrúi

**Iceland Express auglýsir eftir markaðs- og sölufulltrúa fyrir meginland Evrópu**

**Starfið felur í sér að:**

- Þjónusta samstarfsaðila Iceland Express í Mið-Evrópu
- Afla nýrra samstarfsaðila á svæðinu
- Fylgjast vel með nýjum sölutækifærum og bregðast við þeim
- Taka þátt í almannatengslastarfi Iceland Express í Mið-Evrópu

Starfsmaðurinn þarf að geta haft aðsetur á skrifstofu Iceland Express í Reykjavík eða miðsvæðis á meginlandi Evrópu.

**Hæfniskröfur**

- Þarf að hafa góð tök á talaðri og ritaðri ensku og þýsku
- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða ferðaþjónustu æskileg
- Góð þekking á íslenskri ferðaþjónustu
- Reynsla af samstarfi við erlendar ferðaskrifstofur og smásöluaðila í ferðaþjónustu æskileg
- Rík þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð

**Umsóknir sendist í tölvupósti á job@icelandexpress.is fyrir 23. júlí. Nánari upplýsingar er að finna á www.icelandexpress.is/job**

Iceland Express með ánægju

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

# Tónverk til flutnings við opnun Hörpu

**Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa og Sinfóníuhljómsveit Íslands efna til samkeppni um nýtt tónverk sem frumflutt verður við opnunarhátíð Hörpu í maí 2011.**

Miðað er við að tónverkið sé 5-10 mínútur að lengd og skal það samið fyrir sinfóníuhljómsveit (að hámarki 3.3.3.3. 4.3.3.1, 3 slv. + pákur, píanó/selesta, harpa, strengir). Verkið skal hæfa tilefninu og er mælst til þess að höfundar notfæri sér hin ýmsu fjölbreyttu litbrigði sinfóníuhljómsveitarinnar. **Verðlaunafé er 1.000.000 kr**.

Raddskrám skal skila í fimm eintökum á skrifstofu Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Háskólabíói við Hagatorg, í síðasta lagi klukkan 12 á hádegi föstudaginn 7. janúar 2011, merkt „Tónsmíðasamkeppni". Verk sem ekki hafa borist fyrir tilskilinn skilafrest eru ekki gjaldgeng í keppnina. Raddskrár skulu einungis merktar með dulnefni. Nafn höfundar skal fylgja með í lokuðu umslagi, merktu dulnefninu.

Fimm manna dómnefnd er skipuð fulltrúum listráðs Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Tónskáldafélags Íslands, Félags tónskálda og textahöfunda og Félags íslenskra hljómlistarmanna og velur hún verkið sem ber sigur úr býtum. Úrslit verða kunngerð á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á Myrkum músíkdögum, 27. janúar 2011.

Sigurvegari keppninnar skuldbindur sig jafnframt til að skila öllum hljóðfæraröddum fullfrágengnum til skrifstofu SÍ eigi síðar en 15. mars 2011.

Reglur keppninnar er hægt að nálgast á heimasíðum Hörpu og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, **www.harpa.is** og **www.sinfonia.is**.

# mmmm ... mixaðu!




**yoyo** er ný og skemmtileg ísbúð þar sem áhersla er lögð á ferskan, bragðgóðan og hollan jógúrtís.
Við bjóðum upp á stórkostlegt úrval ferskra ávaxta, allskyns sælgæti, íssósur og annað meðlæti.
Viðskiptavinir útbúa sjálfir sinn ís nákvæmlega eins og þeim finnst hann bestur.

## Við leitum að duglegu og jákvæðu starfsfólki:

### Verslunarstjóri

Um fullt starf er að ræða og viðkomandi þarf að geta hafið störf um næstu mánaðarmót.

**Hæfniskröfur:**
- Þekking á matvælafræðum, mjólkurafurðum og/eða reynsla af svipuðu starfi æskileg
- Skipulagshæfileikar, stundvísi og jákvæðni
- Góð samskiptafærni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- 25 ára eða eldri

### Starfsfólk í afgreiðslu og sal

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf um næstu mánaðarmót.

**Hæfniskröfur:**
- Fáguð og jákvæð framkoma
- Rík þjónustulund og stundvísi
- Snyrtimennska og starfsgleði
- Góð íslenskukunnátta
- 18 ára eða eldri

**Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á yoyo@yoyo.is fyrir 21. júlí 2010**

yoyo ferskur jógúrtís®

Nýbýlavegi 18 200 Kópavogi yoyo@yoyo.is www.yoyo.is

*Okkar rannsóknir – allra hagur*



matís

## *Vilt þú vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem góður starfsandi ríkir?*

Matís ohf. óskar eftir að ráða aðstoðarmann í 50% stöðu í mötuneyti starfsmanna að Vínlandsleið 12 í Reykjavík en þar starfa u.þ.b. 80 manns.

**Um starfið**
Ábyrgðarsvið starfsmanns er almennur frágangur í mötuneyti, uppþvottur og þrif ásamt því að aðstoða matreiðslumann við undirbúning og framleiðslu ef þörf krefur.

**Nánari upplýsingar veita**
Þórir H. Bergsson matreiðslumaður í síma 858 5145 og Jón H. Arnarson mannauðsstjóri í síma 858 5076.

Umsóknir, ásamt ferilskrá sendist til Jóns H. Arnarsonar, á póstfangið jon.h.arnarson@matis.is fyrir 30. júlí.

Matís ohf. Vínlandsleið 12 113 Reykjavík 422 5000 www.matis.is

HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS

# VERKEFNASTJÓRI

Háskólafélag Suðurlands ehf. óskar eftir að ráða verkefnastjóra í metnaðarfullt starf Háskólafélagsins til þess að halda utan um og afla verkefna í samræmi við samþykkta stefnu, framtíðarsýn og fjárhagsáætlun stjórnar, sjá nánari upplýsingar um félagið á www.hfsu.is.

Verkefnastjóri þarf að hafa háskólapróf sem nýtist í starfi, góða tungumálakunnáttu og reynslu af verkefnastjórnun og jákvæðu samstarfi.

Við leitum að einstaklingi sem hefur yfir að búa framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi og góðu tengslaneti inn í atvinnulífið á Suðurlandi ásamt öflugri innsýn inn í háskólaumhverfið og samkeppnissjóði.

Boðið er uppá krefjandi starf, fjölbreytt og spennandi verkefni og tækifæri til að hafa mótandi áhrif á uppbyggingu háskólastarfs á Suðurlandi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. september 2010 en það er þó samningsatriði. Um er að ræða tímabundna ráðningu til eins árs, með möguleika á framlengingu.

Á móti umsóknum tekur Sigurður Sigursveinsson, sigurdur@hfsu.is , framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands, og Steingerður Hreinsdóttir, steingerdur@sudur.is, formaður stjórnar Háskólafélags Suðurlands, og þau veita einnig frekari upplýsingar. Umsóknarfrestur er til 9. ágúst 2010.

Háskólafélag Suðurlands ehf er í eigu sveitarfélaganna á Suðurlandi. Félagið myndar þekkingarnet á Suðurlandi og er tilgangur þess að auka menntunarstig og búsetugæði á svæðinu, með uppbyggingu þekkingarsamfélags, betra aðgengi að háskólanámi, auknum rannsóknum og fjölbreyttari atvinnutækifærum.

HfSu stefnir að því að vera framúrskarandi í sérhæfðri þekkingarþróun og rannsóknum á náttúru, mannlífi, atvinnu og menningu á Suðurlandi og aðlaðandi valkostur hvað varðar val á vettvangi náms, hvort sem um er að ræða staðbundið nám eða fjarnám.

# Vantar þig starfsmann?

## - við leysum málið.

**Nánari upplýsingar hjá Vinna.is**

vinna.is
sími: 511 1144

# Framtíðarstarf

## Umsjón með Ævintýralandi Kringlunnar og Stjörnutorgi

**Helstu starfsþættir:**

- -Daglegur rekstur
- -Starfsmannahald
- -Gerð vaktaplans
- -Innkaup og birgðahald
- -Umsjón með öryggismálum



Vinnutími er frá 11:00 - 19:00 fimm daga vikunnar. Einnig er umsjón með helgarvinnu.

Leikskóla- eða kennaramenntun og reynsla af uppeldisstörfum æskileg.

**Starfsmaður þarf að geta hafið störf strax.**

**Tekið er á móti umsóknum merkt "Ævintýraland" á skrifstofu ISS Ísland ehf., Austurhraun 7, 210 Garðabæ. Umsóknarfrestur er til 23. júlí n.k., einnig á heimasíðu fyrirtækisins www.iss.is**

ISS er leiðandi fyrirtæki á sviði Fasteignaumsjónar og veitir þjónustu á sviði fasteignaumsýslu, umsjón mötuneyta, ræstinga og annari stoðþjónustu. Ræstingarsvið ISS Ísland er með norrænu umhverfisvottunina Svaninn.

Hringiðan Internetþjónusta

# Kerfisstjóri

**óskast til starfa við Internetþjónustu.**

Æskileg menntun og reynsla:

MCSA,MCSE eða sambærileg próf

Reynsla af rekstri á Linux, Windows 2003 & 2008 þjóna
Reynsla af rekstri á IIS og Apache vefþjónum
Reynsla af rekstri tölvupóstþjóna (Exchange ofl.)
Reynsla og þekking á rekstri DNS þjóna og gagnagrunna
Reynsla af Microsoft og VMWare sýndarþjónum
Kunnátta á ASPX og PHP er æskileg

Góðir samskiptahæfileikar og hæfni í íslensku og ensku
Æskileg reynsla af kerfissumsjón

Áhugasamir sendi umsókn á: atvinna@vortex.is

Hringiðan ehf. er ein elsta internetþjónusta á Ísland. Hringiðan ehf. leitar að metnaðarfullum einstaklingi með mikinn áhuga á tölvum og upplýsingatækni til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

www.hringidan.is


## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


# LANGANESBYGGÐ

## Grunnskólakennarar

**LAUSAR KENNARASTÖÐUR Í LANGANESBYGGÐ**

Lausar eru eftirtaldar stöður við Grunnskólann á Þórshöfn frá og með 1. ágúst nk.

**Umsóknarfrestur er til föstudagsins 23. júlí nk.**

Kennara vantar til almennrar kennslu.

Grunnskólinn á Þórshöfn er einsetinn skóli með um 80 nemendum í hæfilega stórum bekkjardeildum. Á Þórshöfn búa um 400 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Á staðnum er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Samgöngur eru góðar, m.a. er flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri.

Upplýsingar gefa Arnfríður Aðalsteinsdóttir skólastjóri í símum 899-3480 og Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri í síma 468- 1220 og sveitarstjori@langanesbyggd.is

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is


Auglýsingasími 512 54 01

Allt sem þú þarft...

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**
**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330




# Verkefnastjóri á dagskrársviði

## - 365 miðlar óska eftir að ráða einstakling með ódrepandi áhuga á fjölmiðlum og afþreyingarefni, sem verkefnastjóra á dagskrársviði.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Umsjón með Stöð 2 Fjölvarpi, erlendum rásum 365 miðla
- Samskipti við erlenda birgja
- Verkefnastjórnun
- Ábyrgð á upplýsingagjöf um dagskrá
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum



**Sótt er um á vef 365 miðla, http://365midlar.is/storf-hja-365. Umsóknarfrestur er til 6. ágúst.**
**Frekari upplýsingar veitir Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri dagskrársviðs, palmi@365.is.**

365

## Útboð

**HÚSFÉLAGIÐ AÐ DÚFNAHÓLUM 2 Í REYKJAVÍK**

### ÓSKAR EFTIR TILBOÐUM

Óskað er eftir tilboðum í endurnýjun á rennum og niðurföllum. Þá þarf að koma í veg fyrir leka við þakkant.

Tilboðin skulu vera sundurliðuð og innihalda nákvæma lýsingu á verkinu. Tilboðum skal skilað í síðasta lagi mánudaginn **26. júlí. Frekari upplýsingar veitir Guðlaugur í síma 893-9940.**

### ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Hraðahindrandi aðgerðir 30 km hverfi 2010.***
Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 2.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með þriðjudeginum 20. júní.
Opnun tilboða: 5. ágúst 2010, kl. 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12473
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

### ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Lýðræðisverkefni 2010 - Útboð II.***
Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 2.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með þriðjudeginum 20. júní.

Opnun tilboða: 4. ágúst 2010, kl. 11:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12463

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Forval vegna hjúkrunarheimilis á Völlum 7.

Hafnarfjarðarbær óskar eftir umsóknum „sjálfseignastofnunar eða félags með staðfesta skipulagsskrá", til að sjá um hönnun, byggingu og reksturs hjúkrunarheimilis á Völlum 7.

Forvalsgögn verða afhent frá mánudeginum 12. júlí 2010 hjá Þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Skilafrestur forvalsgagna og upplýsingar um umsækjendur, skulu berast til Þjónustuvers Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, eigi síðar en þriðjudaginn 24. ágúst kl. 12.00.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### ÚTBOÐ

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið: Vesturgata við Norðurbakka 1-3 yfirborðsfrágangur**

Þ.e. fullnaðar yfirborðsfrágangur með öllu tilheyrandi á um 1800 m² svæði.

Útboðsgögn verða afhent frá og með þriðjudeginum 20. júlí 2010, kl. 12:00.
**a)** Annars vegar án endurgjalds á útboðsvef Strendings ehf verkfræðiþjónustu, www.strendingur.is
**b)** Hins vegar í pappírsformi hjá Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar, Norðurhellu 2 Hafnarfirði, gegn 10.000 kr. greiðslu.

Verklok eru 10. október 2010

Opnun tilboða fer fram miðvikudaginn 28. Júlí kl. 14:00 hjá Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar, Norðurhellu 2 Hafnarfirði.

### The US Embassy, Reykjavik

**Seeks quotations for daily cleaning services for it´s premises.**
The work must be performed between 8:00 and 12:00, on work days. The "Request for Qoutations' package is in English and on the Embassy´s homepage.
The Web site is: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html.
The RFQ package shall be turned in to the Embassy before close of business, Wednesday, August 4, 2010.

### Sendiráð Bandaríkjanna, Reykjavík

**Óskar eftir tilboðum í daglegar ræstingar á skrifstofuhúsnæði.**
Ræsting þarf að vera framkvæmd á tímanum frá 8:00 til 12:00 virka daga. Tilboðsgögnin eru á ensku á heimasíðu sendiráðsins.
Netfang er:. http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html.
Tilboðum skal skilað í afgreiðslu sendiráðsins fyrir kl. 17:00 miðvikudaginn 4. ágúst, 2010.

## Tilkynningar

VEGAGERÐIN

### Áætlunarakstur á Íslandi

Í framhaldi af auglýsingu Vegagerðarinnar, 22. maí sl., eftir aðilum sem hefðu áhuga á að taka að sér áætlunarakstur án styrkja og fundi með rekstraraðilum í greininni þann 7. júlí sl. er hér með gefinn lokafrestur til þátttöku í samkeppni um akstur án styrkja á þeim leiðum sem fram koma í fyrrgreindri auglýsingu.

Í ljós kom áhugi rekstraraðila á að taka að sér akstur án greiðslu á mörgum leiðum og þ.a.l. ljóst að velja þarf á milli rekstraraðila.

Frestur til þess að lýsa yfir áhuga á þátttöku rennur út 30. júlí nk. Eftir þann tíma verður ekki hægt að bætast í hóp þeirra aðila sem vilja taka að sér áætlunarakstur á framangreindum forsendum.

Upplýsingar um hvaða leiðir viðkomandi rekstraraðili hefur áhuga á, tíðni ferða og gjaldskrá óskast sendar til Hagdeildar Vegagerðarinnar, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík eða á netfangið hagdeild@vegagerdin.is

Áður innsendar upplýsingar þarf ekki að endurnýja.

## Fasteignir

MIKLABORG - *ÖRUGG SALA* - MIKLABORG - *ÖRUGG SALA*

F A S T E I G N A S A L A N

### MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is



**Kleppsvegur – Útsýnisíbúð**

**Björt og fallega uppgerð 2ja herbergja útsýnisíbúð á 5. hæð við Kleppsveg í Reykjavík. Eignin er 64,3 fm að stærð ásamt sérgeymslu í kjallara. Íbúðin hefur öll verið gerð upp á mjög smekklegan máta. Um er að ræða lyftuhús. v. 17,9**

### Byggðastofnun

**Ártorgi 1 • 550 Sauðárkróki**
**Sími 455 5400 • Bréfsími 455 5499**

### SUNDSTRÆTI 45, ÍSAFIRÐI



Sundstræti 45, um er að ræða 3ja hæða hús, samtals um 1745 m2, á góðum stað á Eyrinni á Ísafirði. Í húsinu var áður fiskvinnsla en skipulagi lóðarinnar hefur verið breytt þannig að þarna er nú gert ráð fyrir íbúðar- og þjónustuhúsnæði, sbr. auglýsingu nr. 611/2006. Fastanúmer hjá FMR er 212-0614

### SINDRAGATA 27, ÍSAFIRÐI



Fullbúin steypustöð í góðu standi. Byggðastofnun auglýsir eftir tilboðum í iðnaðarhúsnæðið að Sindragötu 27. heildareignin skiptist í þrjá hluta Iðnaður/Steypustöð/Geymsla samtals 659,6m², eignin var byggð árið 2005. Fastanúmer hjá FMR 228-0628

**Tilboð skulu send Tryggva Guðmundssyni hdl. Hafnarstræti 19, 400 Ísafirði eða tryggvig@pacta.is**

**Byggðastofnun áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.**
**Sjá einnig fleiri auglýstar eignir á heimasíðu Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is**


Til hamingju sölufulltrúar!
Hannes á RE/MAX Lind
2. sæti á einstaklingslista
Páll á RE/MAX Lind
3. sæti á einstaklingslista
Benedikt á RE/MAX Lind
1. sæti á einstaklingslista
Söluhæstir á einstaklingslista árið 2009


Framúrskarandi árangur
á ögrandi tímum
Snorri á RE/MAX Bæ
2. sæti á teymislista
Magnús á RE/MAX Bæ
2. sæti á teymislista
Ástþór Reynir á RE/MAX Senter
1. sæti á teymislista
Gunnar Sverrir á RE/MAX Senter
1. sæti á teymislista
Söluhæstir á teymislista árið 2009



Ósk Ómarsdóttir og Martin Sappia göldruðu fram hvern girnilega réttinn á fætur öðrum ásamt Bjarka Gunnlaugssyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## LAMB MEÐ SANFAÍNA

**6- 800 G LAMBAKJÖT**

**SANFAÍNA**
**1 eggaldin**
**1 laukur**
**1 rauðlaukur**
**1 kúrbítur**
**1 paprika**
**1 sæt kartafla**



**ROMESCO-SÓSA**
**2 dósir niðursoðnir tómatar**
**1 laukur**
**1 rauð paprika, smátt skorin**
**2 hvítlauksgeirar**
**1 msk. timjan**
**1 msk. oreganó**
**1 tsk. paprikuduft**
**1 tening af kjúklingakrafti**

*Skerið allt grænmetið niður í strimla, sráið smá salti og pipar yfir og bakið í ofni í 15-20 mínútur á 180 gráðum, eða þar til grænmetið er orðið mjúkt. Hellið romesco sósunni yfir og og hrærið allt saman og bakið í 10 mínútur til viðbótar.*

*Þræðið lambalundina svo upp á spjót og steikið á pönnu eða úti á grilli, með salti, pipar, hvítlauk og öðrum kryddum eftir smekk. Berið fram saman.*

*Sanfaínan er reyndar fínasta grænmetismeðlæti með nánast hverju sem er, hvort sem það er með annars konar kjöti eða fiski. Hún er líka góð ein og sér.*



## KENGÚRA MEÐ PLÓMURAGÚ

**600 G KENGÚRA**

**6-7 plómur**
**1 rauðlaukur**
**1 ferskt chilli, skorið smátt**
**1 msk. grófkorna sinnep**

**HVÍTVÍNS-INFUSE**
**2 stk. stjörnuanís**
**1 msk. rósapipar**
**1 grein rósmarín**
**1 stk. kardimomma**
**1 tsk. svartur pipar**
**200 ml hvítvín**

*Gott er að byrja á hvítvíns-infuse; allt kryddið og hvítvínið er sett í pott og soðið niður um helming. Saxið plómur og rauðlauk gróflega niður og svitið á pönnu. Bætið sinnepi og chili við og látið það malla í 1-2 mínútur. Sigtið „infuse-ið“ og eldið á lágum hita þar til blandan er orðin þykk.*

*Steikið kengúru á pönnu eða grillið með salti, pipar og hvítlauk. Best er að hafa hana meðal-*



## CRÈME CATALANA

**FYRIR 8**

**250 gr eggjarauður**
**0,5 dl mjólk (370gr)**
**7,5 dl rjómi (700gr)**
**140 g sykur**
**1 msk. vanillusíróp**

*Sjóðið saman mjólk, rjóma, vanillu og sykur og kælið aðeins. Hrærið eggjarauður rösklega saman við. Hellið blöndunni í 8-9 katalana skálar og bakið í ofni í 40 mínútur á 110 gráðum. Áður en þetta er borið fram er þunnu lagi af hrásykri dreift yfir og hann svo brendur með litlu logsoðutæki svo hann bráðni og myndi stökka húð.*




# Óþreytandi
## – engin áhöld um það




5 Year RÖSLE Warranty

» Það er ekki að ástæðulausu að þeytarinn og önnur áhöld frá Rösle eru með fimm ára ábyrgð – þau eru einfaldlega óþreytandi. Þetta gróna þýska fyrirtæki hefur framleitt hágæða eldhúsáhöld úr stáli í nær hundrað ár og er reynslunni ríkara. Rösle leggur mikla áherslu á gæði og stílhreina hönnun.

kokka laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

NORDICPHOTOS/GETTY



Fyllt epli upp á danskan máta.

## BÖKUÐ EPLI MEÐ BRIE

**4 epli**
**¼ bolli saxaðar valhnetur**
**¼ bolli brie ostur**
**2 msk. bráðið smjör**
**4 tsk. hunang**

*Holið eplin. Hrærið saman brie, smjöri, hunangi og hnetum. Fyllið eplin og grillið þar til fyllingin bráðnar.*

E





Svalandi berjasorbet er tilvalinn eftirréttur á heitum degi.

## BERJASORBET

**2 bollar frosin bláber**
**2 bollar frosin hindber**
**½ bolli vatn**

*Setjið í blandara og hrærið þar til mjúkt. Frystið í 4 tíma, berið fram í kúlum.*

E

## JÓGÚRTFRAPPÓ MEÐ MINTU

**3 msk. sykur leystar upp í ¼ bolla af heitu vatni og kælt**
**1 tsk. vanilludropar**
**3 msk. rjómi**
**1 bolli frosin vanillujógúrt**
**3 msk. neskaffi**
**5 fersk mintulauf, kramin**

*Hrært í blandara þar til mjúkt.*

E D





Hressandi jógúrtfrappó.

# Á eftir AÐALRÉTTI

Eftirréttir eru ekki síður mikilvægir en aðalrétturinn og gaman að leita til annarra landa eftir hugmyndum.

Ítalskt berjasorbet eða amerísk bláberjabaka renna ljúflega niður á sumarkvöldum og fyllt epli upp á danskan máta krauma ilmandi á grillinu meðan aðalrétturinn er snæddur. Ískaldur kaffihristingur minnir á suðlægar slóðir sé hans neytt í hengirúmi. - rat



Amerísk bláberjakaka með rjóma.

## ILMANDI BLÁBERJAKAKA

E

**BLÁBERJAKAKA**
**Botninn:**
**1½ bolli hveiti**
**½ bolli sykur**
**90 g smjör**
**1 eggjarauða**
**2 matskeiðar kalt vatn**

**Fylling:**
**500 g bláber**
**½ dl sykur**
**1 msk. maizenamjöl**

*Hráefninu í botninn er blandað saman í skál og hnoðað vel. Vatninu bætt smám saman út í. Látið deigið bíða klukkustund áður en því er þjappað í form. Þjappið upp með brúnunum og geymið smávegis til að leggja ofan á berin.*

*Berjunum, sykrinum og maizenamjölinu blandað saman og hellt í botninn í forminu. Bakað í 15 mínútur, við 180 gráður. Ef kakan dökknar hratt má setja álpappír yfir síðustu mínúturnar.*



*margt smátt*



**TYRKJAKAFFI** Tyrkneskur málsháttur segir að kaffi skuli vera: „Svart sem helvíti, sterkt sem dauðinn og sætt sem ástin." Tyrkir fara eftir þessu spakmæli við kaffidrykkju sína. Baunirnar eru fínmalaðar, settar út í vatn og það soðið þrisvar sinnum í tyrkneskum kaffikatli með löngu látúnshandfangi sem kallaður er ibrik. Sykri er því næst bætt við og stundum líka kardimommum.



**ÍTALSKUR ESPRESSÓ** Á Ítalíu er kaffi oft drukkið standandi. Ítalir geta drukkið svartan espressó allan daginn en hins vegar er cappuccino ekki drukkið eftir hádegi vegna þess að þetta er mjólkurdrykkur og þess vegna álitið of þungt í maga eftir máltíðir.



**CA PHE SUA DA** vinsæll og þjóðlegur kaffidrykkur í víetnam er ca phe sua da. Það sem til þarf er miðlungsmalað kaffi, niðursoðin mjólk, víetnömsk pressukanna og klakar. Byrjað er að setja tvær teskeiðar af niðursoðinni mjólk í glas. Næst eru settar tvær teskeiðar af miðlungsmöluðu kaffi í pressukönnuna og hellt sjóðandi heitu vatni yfir þannig að fari yfir mjólkina. Hrært er í og hellt í glas með klökum.

**KAFFI JAPANA** Japanskt kaffi er vanalega brennt í litlum skömmtum sem leiðir til þess að kaffið verður dekkra og sterkara. Japanir hella vanalega upp á í kaffisogpípum sem búnar eru til úr tveimur kúlum, hitara og bambussleif. Vatninu er hellt í neðra hólfið þar sem það er soðið með hitaranum og vegna þrýstings fer vatnið að lokum upp í efra hólfið þar sem það blandast kaffinu.









## VIÐ MÆLUM MEÐ...




**...YOGI TE** sem fæst í hinum ýmsu bragðtegundum.



**...ENGIFERI** en ótrúlega gott er að setja smá bita af því í safapressuna með nokkrum grænum eplum. Engifer er líka ómissandi í gulrótarsúpuna.



**...BARNA-PRJÓNUM** úr Ranimosk. Það getur nefnilega verið erfitt fyrir litlar hendur að ná tökum á hefðbundnum matprjónum.




**...LÍFRÆNU SÚKKULAÐI** frá Green & Black´s. Súkkulaðið fæst til dæmis í Vínberinu og hjá Manni lifandi.

**...MANGO LASSI** á Shalimar. Svolítið öðruvísi eftirréttur.







# Eru liðverkir að hækka forgjöfina?

Láttu ekki liðverki aftra árangri þínum í golfinu.
Minnkaðu liðverkina og vonandi forgjöfina í kjölfarið með hjálp Nutrilenk.

Nutrilenk er náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Nutrilenk hefur hjálpað þúsundum Íslendinga að öðlast betri liðheilsu.

NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, stærri Hagkaupsverslunum, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum**



512 Auglýsingasími 54 01




Allt sem þú þarft...



Golden retriever hvolpar til sölu undan innfl. foreldrum HD/AD frí Heilsuf.skoðuð og ættbókarfærð hjá íshundum www.123.is/madda S: 863 8596.

**Hundagalleríið auglýsir**
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með leyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro



Weimaraner hvolpur til sölu Einn hvolpur er á lausu. Sjá nánar www.weimaraner.is ,GSM 895 0484

Smáhundablöndur til sölu. Uppl. í s. 650 6701.

Tveir fallegir kettlingar fást gefins á góð heimili. Uppl. í síma 696 9560.

Yndislegir A.cocker spaniel hvolpar til sölu með ættb. frá hrfi. Morgundaggar. bloggar.is eða 865 7830.

## Húsgögn

Til sölu borðstofuborð frá HP, ásamt 6 stólum. Stækkanlegt til beggja enda, samstæður skenkur, allt í svörtu. Verð tilboð. S. 898 3161

## Antík



Til sölu, mávastell, kaffi og matar 136 hl. Einnig postulín, listmunir, styttur B&G, KP og borðst.sett massiv eik, 8 bólstraðir stólar, og 2 skenkir, byrjun 20aldar. Uppl. í S. 843 0305

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn



**TILBOÐ-TILBOÐ**
Í stjóstöng og grill, aðeins 4.990,- á mann Uppl. í s: 865 6200 eða andrea. seatours@hotmail.com

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LMH.IS**
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Búseturéttaríbúðir - Leiguíbúðir
Sími 520 5788 · Veffang: www.buseti.is
BÚSETI
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

2herb. kjallaraíb. til leigu í KÓP. Sérinngangur. Reglus. og skilvísi. 2mán fyrirfram. Laus. Áhugasamir skil inn nafni og uppl. til FBL. merkt „K-200"

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Glæsileg 160fm íb. í tvíbýli í HFJ ásamt 24fm bílskúr. Frábært útsýni. Leigist frá 1. ág. á 175þ. Uppl. 821 4958

Herbergi í 101 Rvk. til leigu. 35þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., sér wc, frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Til leigu. Uppl. í S. 866 7511.

Mjög góð 4ra herb. 126 fm.íbúð á Kristnibraut til leigu frá 1. ágúst. Verð 145þ.á mán. m.hita og hússj. Stutt í skóla og verslanir. Langtímaleiga. Uppl. í síma 896-2440

Til leigu 85fm 4ja herb. íbúð í 108 með geymslu. Laus 1.ágúst. 125þús. 693 4532.

Snyrtileg og björt 2.herb íbúð 62,5 fm til leigu í 112 RVK. Uppl í S. 659 6118

Til leigu gott forstofuherbergi í kjallara að Búðargerði. Uppl. 6934161.

3 herb., 98 fm íbúð til leigu. Langtíma leiga. Á völlum í Hf. Engin gæludýr leyfð. Uppl. í síma 893 9777.

5 herb. hæð í 109 til leigu m/ bílskúr. Laus frá 1. ág. Nánari uppl. í S. 695 1603.

**3 herbergja íbúð í Hraunbæ**
Glæsileg 3ja herb. 92 fm íbúð á besta stað í Hraunbænum. Rúmgóð stofa, suðursvalir, snyrtileg sameign m/ geymslu. Möguleiki á auka herbergi. Stutt í alla þjónustu. Verð 135þús á mán. Uppl. s. 697 8515 og 848 4235

## Húsnæði óskast

**Reykjavík-Gran Canary**
100 m2 fullbúin íbúð á svæði 110 Reykjavík í skiptum fyrir sambærilegt húsnæði á Cran Canary. Tímabil frá 1 sept. n.k. til 1 april 2011 eða eftir samkomulagi. Frekari uppl. dan@islandia.is eða 892-1474.

Reglusömum, reyklausum leigjanda vantar 3.herb. íbúð á höfuðb. sv. Langtíma. Uppl. 866 8800.

Mæðgin óska eftir 3ja herb.íbúð á sv. 101 eða 105. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 616 8008 Lovísa

Reglusömum, reyklausum leigjanda vantar 3.herb. íbúð á höfuðb. sv. Langtíma. Uppl. 866 8800.

Karlmaður á miðjum aldri óskar eftir einstaklings- eða 2ja herbergja íbúð til leigu. Er reyklaus og reglusamur. Löggiltur húsaleigusamningur. Upplýsingar í síma 661 4251.

Til leigu 2 herb studio íbúð í Garðabæ með sér inngang og sér verönd uppl í síma 824-5244

5 manna fjölsk. sem er að flytja frá Danmörku ó.e. að leigja 5 herb. íbúð frá 1. sept. Reyklaus og reglusöm, öruggar greiðslur. Uppl. s. 891-7292 eða krjon@visir.is

21 árs stúlka óskar eftir einstaklings/stúdíó íbúð til leigu í nágrenni við Háskóla Íslands. Verðhugmynd ca 50 þús. Reglusemi og góðri umgengni heitið. S. 694 9424.

24 ára stúlku utan af landi vantar stúdíó/herb skilvirkum greiðslum heitið 868 0060.

Óska eftir stúdíóíbúð nálægt iðnskólanum í Hafnarfirði Greiðslugeti 50þ. á mánuði skilvísi og snyrtimensku heitið. s. 866 0560.

## Húsnæði til sölu



**Blönduós**
4 herb. nýupp. einb. ásamt 43 fm bílsk. til sölu. Vil skipta á íbúð eða húsi á Höfuðbsv. Ýmis skipti koma til greina. S. 893 3475.



120 m² ferðþjónustuhús til sölu , áður Kaffi Grindavík, gæti einnig hentað sem sumarh.,verslun, aðstöðuh. eða m.fl.. 300 m² sólp.. Hús sem er auðvelt að flytja. Gott verð. Uppl. í s: 8976302

## Sumarbústaðir



Til sölu Sumarhús 85fm. Milliloft 55fm. Ásett verð 12,5m. Tilbúið til flutnings, seljandi tekur þátt við kostnað flutnings . Uppl í S. 868 3002, haffihar@simnet.is / hafgolan@gmail.com



Sumarhús/gestahús tilbúið til flutnings 30 fm2 sveinnae@mi.is eða 894-2926.



Til sölu 36fm,sumarhús m/svefnloft í Eyrarskói, leigulóð. Skúr fylgir. Verð 7.9 m. Góð staðsetning. S .865 1349

Eignalóðir til sölu í Grímsnesi. Við Kiðjabergsveg gegnt Hraunborgum rís frístundabyggðin Langholt. Öll þjónusta í næsta nágrenni og hinn glæsilegi golfvöllur á Kiðjabergi. Uppl. í s 822 4200 og thorsteinng@simnet.is

Sumarhús á Seyðisfirði til leigu. Viku í senn, hægt að sjá nánar á facebook- sumarhús á Seyðisfirði. Laust í júlí. Uppl. 895 4948 & 846 1206.

Sumarhús - Hestajörð til sölu í Hagalandi í Holtum, við Gíslholtsvatn. hitaveita. úrvalsbeitiland sem hægt er að kaupa með getur verið allt frá 1- 80 ha. Uppl. í s. 89-21270

Sumarhus.com Smíðum sumarhús, allar gerðir, áratuga reynsla, gerum tilboð. S. 615 2500.

## Atvinnuhúsnæði



Góð skrifstofuhæð við Ármúla til leigu. Skiptist í 13 skrifstofur, fundaherbergi, eldhús og gott og bjart almennt vinnurými. Hús í góðu ástandi og vel við haldið. Góðar tölvulagnir til staðar. Uppl. hjá armuli40@gmail.com.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Bílskúr

Ó.E bílskúr sv.112. Uppl í S. 862 8400

Til leigu bílskúr að Móhellu í Hafnarfirði. Verð 32þ/mán. gudnido@yahoo.com

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## ATVINNA

## Atvinna í boði

N1

**Liðsmenn óskast.**
**N1 er eitt stærsta þjónustufyrirtæki landsins með þjónustunet sem telur á um annað hundrað afgreiðslustaði um allt land. Við leitum nú að starfsfólki á þjónustustöðvar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Kynntu þér málið og sæktu um á www.n1.is.**

Eld Smiðjan ENGIN LÍKI

**Eldsmiðjan á Laugavegi**
Ert þú orðin/n 25 ára, með mjög góða ensku- eða íslenskukunnáttu, getur unnið undir álagi og ert að leita að framtíðarstarfi? Eldsmiðjan á Laugavegi er að leita að vaktstjóra í eldhúsi. Reynsla af bakstri er æskileg, kunnátta á eldofn ekki nauðsynleg. Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is

Réttingarmaður óskast. Það er kostur að geta sprautað líka. Uppl. í S. 898 9667

**Piri Piri restraunt**
Erum að leita að vaktstjóra í starf í sal. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl í S. 659 3366

Vefforritari / hönnuður óskast. Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að bæta við okkur einum snilling. Hér er um ræða mjög spennandi tækifæri fyrir skapandi einstakling með góða þekkingu á vefforritun og nægt auga fyrir útliti og vefviðmóta. Hæfniskröfur: Photoshop, PHP/MySQL, CSS, X/HTML. Umsóknir sendist á hafsteinn@tikkt-akk.is

energia veitingastaður Smáralind. Er ekki einhver hörkuduglegur þarna úti að leita sér að vinnu? Okkur vantar starfsmann sem er áreiðanlegur,heilsuhraustur,útsjónarsamur,á auðvelt með að vinna með öðrum,hefur áhuga á matargerð og getur m.a. aðstoðað í eldhúsi, þjónað í sal og á kaffibar, einhver reynsla æskileg, aldur-ekki undir 20, íslenska skilyrði. Um er að ræða hluta og afl.starf til að byrja með. Umsóknir sendist á energia@energia.is

**Skipstjóri strandveiða**
skipstjóra vantar á strandveiðibát. Gerð bátar Sómi 800 báturinn er útbúinn með 4 gnd tölvurúllum veiðisvæði svæði b. (skagaströnd) skipstjórnarréttindi smábáta ákskilinn. uppl. S:843 4904

## Atvinna óskast

25 ára óskar eftir vinnu, talar lítið ensku. Allar vinnur koma til greina. Uppl. í S. 618 7829

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Vildarpunktar**
Óska eftir vildarpunktum til kaups. S. 777 2333

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Afþreyging

**Cafe Catalina**
**Í kvöld spilar hljómsveitin Vanir menn**
*Kíkjið á www.catalina.is*
**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**
**Hádegismatur alla virka daga**
Boltinn í beinni!
Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166

**IRISH PUB**
DYSKOTEKA • DJ-JARO
ZAPRASZMY
NA DYSKOTEKE
OD-22:00–DO-03:00

## Atvinna

**Stálnaust**

**Óskum eftir að ráða járnsmiði, vönum ryðfrírri smíði. Kunnátta í rennismíði æskileg.**

Stálnaust sérhæfir sig í smíðum á færiböndum og ýmsum lausnum fyrir matvælaiðnaðinn, ásamt því að annast alla aðra smíði úr ryðfríu stáli og áli.

Upplýsingar gefur Þorsteinn í síma 892-9566.

# Óborganlegur skilmisingur

Að syngja með þekktum dægurlögum er eitthvað sem flestir hafa stundað. En stundum svíkur eyrað heilann og textinn hljómar ekki alveg eins og textahöfundurinn hafði hugsað hann. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* fékk nokkra Íslendinga til að rifja upp hvaða dægurlagatexta þeir hefðu misskilið.



## HALTU ÞIG FJARRI!

Ég hélt að „Stairway to heaven" væri sungið „Stay away from heaven" og söng það alltaf þannig – hástöfum.
*Andrés Jónsson almannatengill.*



## NAUTUM FYRIRGEFIÐ

Lengi vel fór ég þannig með Faðir vorið að í stað þess að ég lofaði að fyrirgefa vorum skuldunautum, sagði ég „svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldugu nautum."
*Jóna Ingibjörg kyn- og hjúkrunarfræðingur.*

## ÞREYTULEGAR GRÆNMETISÆTUR

Ég hélt alltaf að Paul og félagar í Wings væru að syngja „I'm looking tired" og fannst það fullkomlega eðlilegt. Þetta var einhvern veginn þannig lag og Paul og Linda náttúrlega bæði grænmetisætur, sem mér finnst einmitt oft líta frekar þreytulega út. Síðar komst ég að því að þau sungu víst Mull of Kintyre.
*Nanna Rögnvaldardóttir matgæðingur.*



## ÞVÆLDIST HÉR INN

Ég man ekki sjálf eftir að hafa misskilið texta en góður vinur minn var trúbador um tíma og tók gjarnan lagið Blindsker. „Ég sest niður með kaffið, set Bowie á fóninn. Þitt uppáhaldslag var „Wild is the Wind" varð í hans meðförum: „Þitt uppáhaldslag var „Þvældist hér inn."
*Sigrún Ósk Kristjánsdóttir sjónvarpskona.*





## KOMDU KALL

Ég man ekki eftir neinum dægurlagatextum sem ég misskildi en hins vegar einn sem tengist sálmi. Gömul kona sagði eitt sinn við mig: „Þegar ég dey, þá vil ég láta syngja yfir mér: Kallinn er kominn." Hún átti auðvitað við útfararsálminn fallega, Kallið er komið. Þetta var samt ekki út í hött hjá þeirri gömlu því líklega var hún að hugsa um manninn með ljáinn!
*Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur.*

## GEKK UM LÓUGIL

Ég hef misskilið alveg haug af textum í gegnum tíðina. Ég hélt alltaf að „Ó, María, mig langar heim" væri í raun og veru kvenmannsnafnið „Ómaría" alveg eins og Ómar. Í laginu „Ég er á leiðinni" er til dæmis sungið: „Mér gengur nógu illa að skilja sjálfan mig." Ég söng alltaf: „Ég geng um Lóugil til að skilja sjálfan mig!" Hvar ætli þetta Lóugil sé á landinu?
*Freyr Eyjólfsson útvarpsmaður.*



## MINNTI Á BRENNIVÍN

Ég söng með laginu Vertu ekki að plata mig: „Ég sá hana í horninu á Mánabar, hún minnti mig á brennivín." Réttur er textinn auðvitað: „hún minnti mig á Brendu Lee."
*Regína Ósk söngkona.*



## LEIKUR Í HANGANDI RÓSUM

Í laginu Vor í Vaglaskógi er þessi hending: „Leikur í ljósum lokkum og angandi rósum." Ég skipti laginu þannig að ég söng „Leikur í ljósum, lokkum og hangandi rósum" og hélt að þetta væri einhvers konar dans innandyra í ljósum og gat þess vegna ekki skilið hvað þetta með lokkum og hangandi rósum þýddi. Jú, svo sem með hangandi rósir, en lokka einhvern til sín eða?
*Örn Árnason leikari.*



## ➜ ALGENG DÆMI

| LAG | ALGENGUR MISSKILNINGUR: | RÉTT TEXTABROT: |
|---|---|---|
| Purple Haze með Jimmy Hendrix. | „Excuse me while I kiss this guy." | „Excuse me while I Kiss the sky." |
| Beast of Burden, Rolling Stones. | „I'll never leave your pizza burning." | „I'll Never Be Your Beast of Burden." |
| Killing me Softly, Lauryn Hill. | „Strummin' my brain with his fingers." | „Strummin' my pain with his fingers." |
| Smoke on the Water, Deep Purple. | „Slow talking Walter, the fire-engine guy" | „Smoke on the Water, Fire in the Sky." |
| I'm a Believer, Monkees | „When I needed sunshine on my brain." | „When I needed sunshine I got rain." |
| Summer of 69, Bryan Adams. | „I got my first real sex dream." | „I got my first real six string:" (Sungið um gítar) |

## DJÖFULL Á HIMNUM

Þegar ég var krakki heyrði ég oft lagið „Devil in Disguise" með Elvis Presley í útvarpinu. Mér heyrðist hann vera að synga "You're the Devil in the Sky, Oh yes you are" í viðlaginu. Af einhverjum ástæðum leiðréttist þessi misskilningur ekki fyrr en ég var að nálgast þrítugt.
*Ágúst Borgþór Sverrisson rithöfundur.*




# Rockwood fellihýsi fyrir Íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G 12 fet.



m/ útdraganlegri hlið.

Verð: 2.998.000kr

Rockwood Premier 1904 10 fet.



Verð: 2.698.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet.



Verð: 2.798.000kr

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- **Galvaníseruð grind**
- **Evrópskar þrýstibremsur**
- **Upphitaðar 12 cm springdýnur**
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.

- **upphækkað á 15" dekkjum**
- **sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.**

Opnunartími:
Mán - Föst. kl: 10-18
Laug - Sun. kl: 12-16

Útilegu maðurinn®

Fosshals 5-7 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600 • utilegumadurinn.is

# VINSÆL HEIMILISTÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.

## Melissa
**Töfrasproti**
646068
- 200w
- Ryðfríir hnífar
- 2 hraðar
- 700ml skál fylgir

**2.990 kr**
GOTT VERÐ





exido
## Vöfflujárn
243062
- Einfalt vöfflujárn
- Gerir fimm hjartalaga vöfflur
- Aðgerðar ljós
- Hitar bæði járnin
- Stöðugur hiti

**6.990 kr**
GOTT VERÐ

## Melissa
**Hraðsuðuketill**
645116
- 2200w
- 1,7 lítra
- Litur: Svört

**3.490 kr**
GOTT VERÐ



## Melissa
**Kaffivél**
645112
- 800w kaffivél
- 1,2 lítra - 10 Bollar
- Dropastoppari
- Litur: Hvít

**2.990 kr**
GOTT VERÐ



## Melissa
**Brauðrist**
643070
- 800w
- 2ja sneiða brauðrist
- Grind ofaná fyrir lítil brauð
- 7 tímastillingar
- Mylsnubakki
- Litur: Hvítur

**2.990 kr**
GOTT VERÐ



## Melissa
**Handþeytari**
646078
- 200w
- 5 hraðastillingar með Túrbó
- Litur: Hvítur

**3.490 kr**
GOTT VERÐ





## UNITED
**Örbylgjuofn**
MWO9100
- 800w
- 5 stillingar
- 20 lítrar
- Snúningsdiskur
- Afþýðingarmöguleiki
- Litur: Hvítur

**9.990 kr**
GOTT VERÐ



exido
## Eldhúsvog
246030
- Mælir frá 10g að 5.000g
- Stór skjár
- Slekkur sjálfvirkt á sér
- Lætur vita þegar lítið er eftir af rafhlöðu
- Tekur 2xCR2032 rafhlöður (fylgja)
- Snertitakkar
- Stærð í cm (bxdxh): 23x17x3,5
- Þyngd: 0,7kg
- Litur: Svart gler

**3.990 kr**
GOTT VERÐ




KENWOOD
## Ryksuga
VC2790
- Lítil og nett ryksuga 1800w
- Hepa sía
- Notar Kenwood 4036 poka
- Litur: Rauður

**9.990 kr**
GOTT VERÐ

Gildir til 22. júlí á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

GUÐMUNDUR FINNBOGASON HEIMSPEKINGUR LÉST ÞENNAN DAG.

*„Að hugsa er fyrst og fremst að spyrja og leita að svari við spurningum.“*

***Guðmundur Finnbogason (1873-1944) var prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands og rektor í eitt ár. Hann var landsbókavörður frá 1924 til 1943.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 17. JÚLÍ 1932

## *Stytta af Leifi heppna afhjúpuð*

Á Skólavörðuholti í Reykjavík var afhjúpuð stytta af Leifi heppna Eiríkssyni þennan mánaðardag árið 1932. Styttan var gjöf Bandaríkjamanna til Íslendinga í tilefni af þúsund ára afmæli Alþingis Íslendinga árið 1930 og það var sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, mr. Coleman sem afhenti hana.

Með gjöfinni vildu Bandaríkin tengja saman og minnast tveggja sögulegra viðburða. Annars vegar landafundar Íslendingsins Leifs Eiríkssonar sem fyrstur hvítra manna fann Ameríku árið 1000 og hins vegar stofnunar Alþingis Íslendinga sem er elsta löggjafarþings heims.



Ásgeir Ásgeirsson, sem þá var forsætisráðherra, þakkaði gjöfina og bað sendiherrann að flytja þjóð sinni bestu kveðjur þeirrar íslensku.

Um kvöldið var efnt til veislu á Hótel Borg af þessu tilefni en Borgin var einmitt byggð fyrir Alþingishátíðina svo hægt væri að taka þar á móti tignum gestum.

## MERKISATBURÐIR

**1751** Hlutafélag um eflingu iðnaðar á Íslandi, Innréttingarnar, er stofnað á Þingvöllum að frumkvæði Skúla Magnússonar fógeta.

**1930** Þýska loftskipið Graf Zeppelin kemur til Íslands og flýgur yfir suðurströnd landsins.

**1946** Íslendingar leika sinn fyrsta landsleik í knattspyrnu - við Dani sem sigra, 3-0.

**1989** Langferðabíll með 27 farþega hrapar niður í 40 metra djúpt gil á Möðrudalsöræfum. Farþegarnir sleppa flestir lítt meiddir.

# Í fótspor Þórbergs

Ný bók um gönguleiðir í Suðursveit er komin út hjá Máli og menningu. Hún nefnist In the Footsteps of a Storyteller: A Literary Walk with Þórbergur Þórðarson. Þar er lesendum boðið að feta í fótspor stílsnillingsins frá Hala í Suðursveit og kynnast bernskuslóðum Þórbergs Þórðarsonar af eigin raun. Göngubók þessi er rúmar 60 síður að lengd og er á ensku og þýsku.

Bókin inniheldur brot úr bók Þórbergs, Í Suðursveit, þar sem hann lýsir náttúrufari og umhverfi æskuslóðanna og einnig ljósmyndir af helstu kennileitum svæðisins. Gengið er frá minnisvarðanum á Hala, í vestur- og austurátt.

Markmið bókarinnar er þríþætt: að varða skemmtilega gönguleið, kynna náttúrufar og sögu og gefa erlendum gestum tækifæri til að lesa bráðskemmtilega texta Þórbergs. Hún er gefin út með styrk frá Menningarráði Austurlands og Atvinnu- og rannsóknarsjóði Hornafjarðar. Ritun formála og myndaval annaðist Þorbjörg Arnórsdóttir á Hala. **- gun**



**MEISTARINN** Bókin inniheldur brot úr textum hans.

**TUI HIRV:** SYNGUR VIÐ ALMENNA GUÐSÞJÓNUSTU Í DÓMKIRKJUNNI Á MORGUN

# Tónlistin alþjóðlegt tungumál

Hljómmikil rödd eistnesku söngkonunnar Tui Hirv mun setja svip á almenna messu í Dómkirkjunni á morgun. Það er reyndar í annað sinn sem hún heyrist þar því fyrir mánuði flutti Hirv þar Ave Mariu eftir Schubert við skírn hennar sjálfrar og sonarins Eiríks. „Eftir þá athöfn stakk séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur upp á að ég mundi syngja síðar við messu og nú er komið að því,“ segir hún brosandi. „Sem betur fer er tónlistin alþjóðlegt tungumál. Ég er náttúrlega ekki með neinar af nótunum mínum hér en fór bara á internetið og fann þar nótur eftir Bach og Schubert sem ég mætti með til organistans Kára Þormar. Við tókum eina æfingu nú á fimmtudagskvöldið og ætlum að hittast aftur fyrir messuna,“ segir hún og lýkur lofsorði á bæði klerk og organista fyrir þann metnað sem þeir leggi í tónlistarlíf kirkjunnar.

Tui Hirv býr í Tallinn en er í sumarheimsókn á Íslandi með sambýlismanninum, Páli Ragnari Pálssyni tónsmið og syninum unga. Áður en Eiríkur fæddist hafði hún atvinnu af því að syngja með Fílharmóníukór Eistlands og hún fær launað frí til að annast litla manninn. En hvað kom til að hún lét skíra sig hér á landi um leið og soninn? „Þegar ég fæddist 1984 var Eistland partur af Sovétríkjunum og þá voru skírnir og aðrar trúarlegar athafnir bannaðar. Þegar Eistland fékk sjálfstæði 1991 létu sumir foreldrar skíra börnin sín en það var ekki gert í mínu tilfelli. Margir vina minna hafa gert það síðar að eigin frumkvæði því Eistland er Lútherstrúarland. Þegar ég sagði föður mínum að þetta stæði til núna sagði hann: „Já, því skyldir þú ekki vera í sömu kirkju og afgangurinn af fjölskyldu þinni?“

Þegar Páll Ragnar er spurður hvort hann hafi fundið Tui Hirv í Tallinn svarar hann kankvís: „Við fundum hvort annað!“ Hann kveðst hafa flutt út fyrir þremur árum til að taka master í tónsmíðum og nú vera byrjaður í doktorsnámi. „Í Tallinn er iðkuð mikil tónlist og maður kemst í snertingu við gömlu evrópsku hefðina sem er ekki alveg inngróin í okkur Íslendinga. Þetta opnar því nýja vídd hjá mér og ég er ánægður með kennarann. Svo hafa aðstæður mínar breyst mikið frá því að ég flutti út og því fannst mér upplagt að halda áfram námi þar, þó auðvitað sakni ég Íslands.“ Þegar efnahagsástandið ber á góma kveðst hann ekki vilja gera lítið úr kreppunni hér en segir ástandið enn alvarlegra í Eistlandi því undirstöðurnar hafi verið svo veikar fyrir.

Þetta er þriðja Íslandsheimsókn Tui Hirv og hún telur bæði Eistland og Ísland verða parta af hennar lífi í framtíðinni en væntanlega muni fjölskyldan færa pólinn hingað á ákveðnum tímapunkti enda séu aðstæður til að starfa sem listamaður á Íslandi betri en í mörgum öðrum löndum.

**gun@frettabladid.is**



**TUI HIRV MEÐ PÁLI RAGNARI OG EIRÍKI LITLA** „Ég er náttúrlega ekki með neinar af nótunum mínum hér en fór bara á netið og fann þar nótur eftir Bach og Schubert.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# 75 ára afmæli

**Trausti Ólafsson,**

**fyrrverandi forstjóri, Hlaðbæ 16, Reykjavík verður 75 ára þann 19. júlí 2010.**





†

*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Lára Böðvarsdóttir,**

frá Laugarvatni, Barmahlíð 54, Reykjavík,

lést mánudaginn 12. júlí á Hrafnistu í Reykjavík.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 29. júlí kl. 15.00.

**Eggert Hauksson,**
**Ágústa Hauksdóttir,** **Jónas Ingimundarson,**
**Ása Guðmundsdóttir**



GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

*Frí áletrun*

*Fallegir legsteinar á einstöku verði*



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com





**Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699



**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511


# …og tilbiður guð sinn sem deyr

Myndlistarsýning verður opnuð í Verksmiðjunni í Djúpavík á Ströndum í dag klukkan 14 og allir eru velkomnir. Hún er hluti af þríleik þeirra Hlyns Hallssonar og Jónu Hlífar Halldórsdóttur sem fer fram í Reykjavík, Djúpavík og í Berlín í sumar og haust. Undirtitill hennar er „…og tilbiður guð sinn sem deyr“.

Þetta er í fyrsta sinn sem þau Hlynur og Jóna samvinna sýningarröð. Þau hófu leikinn í Listasafni ASÍ með undirtitlinum Innantóm slagorð og þriðja sýningin verður opnuð 2. september í Berlín. Undirtitill hennar er Byltingin er rétt að byrja.

Hlynur og Jóna vinna bæði með marga ólíka miðla svo sem ljósmyndir, vídeó, texta, gjörninga og innsetningar.

Sýningin í Verksmiðjunni í Djúpavík stendur til 28. ágúst 2010. **- gun**



**MYNDLISTA4MENN** Jóna Hlíf og Hlynur. MYND/ÚR EINKASAFNI



UNTIL DEATH DO US PART MYND/BRAGI J. INGIBERGSSON



DRIFTING MYND MYND/SKARPHÉÐINN ÞRÁINSSON



BOVINES MYND/BRAGI J.INGIBERGSSON

# Unnu alþjóðlega ljósmyndakeppni

Hópur íslenskra ljósmyndara bar á dögunum sigur úr býtum í alþjóðlegri ljósmyndakeppni sem haldin var á vegum hinnar virtu ljósmyndavefsíðu DPChallenge.

Íslenska liðið, sem keppti undir heitinu Imagio Iceland, er skipað tíu áhugaljósmyndurum. Að sögn eins þeirra, Ragnheiðar Arngrímsdóttur, var frábær upplifun að sigra. „Þetta er náttúrulega mikill heiður og stór sigur fyrir okkur sem erum að fást við ljósmyndun.“

Keppnin hófst þann 3. apríl og síðan þá hafa keppendur skilað inn ljósmyndum vikulega á ljósmyndasíðunni DPChallenge.com, þar sem notendur gátu gefið þeim stig. Í byrjun tóku þátt 48 lið skipuð ljósmyndurum alls staðar að úr heiminum og var þeim skipt í riðla. Íslenska liðið sigraði í sínum riðli og fór svo í gegnum úrslitakeppnirnar með áðurgreindum árangri.

„Ég viðurkenni að þetta var orðið ansi erfitt undir lokin þar sem skila þurfti inn tveimur ljósmyndum á viku auk þess sem ýmsir flottir ljósmyndarar börðust við okkur um fyrsta sætið,“ segir Ragnheiður.

En hvað tekur við? „Við höldum bara okkar striki, höldum áfram að hittast og fara saman í skipulagðar ljósmyndaferðir. Annað er ekki planað, að minnsta kosti ekki eins og er.“ - rve



VOGUE MYND/RAGNHEIDUR HRONN BJÖRNSDOTTIR

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ólafs Jakobs Helgasonar**
Hrafnistu í Reykjavík,
áður til heimilis á Patreksfirði.

**Veronika Pétursdóttir**
**Kristín Ólafsdóttir** **Sigurður Guðjónsson**
**Pétur Ólafsson**
**Bjarki Ólafsson**
**Sigþrúður Ólafsdóttir** **Björn J. Hannesson**
**Guðrún Ólafsdóttir** **Vignir Richardsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir/stjúpfaðir okkar, afi, bróðir og sonur,*

**Tómas Ragnarsson**
er látinn.

**Alfa Regína Jóhannsdóttir,**
**Ellý Tómasdóttir, Ragnar Tómasson, Rúna Tómasdóttir,**
**Ragnar Arnórsson,**
**Svanhildur Steinarrsdóttir, Ólafur Jóhann Steinarrsson,**
**Ragna Þóra Ragnarsdóttir, Dagný Ragnarsdóttir, Arnar Ragnarsson,**
**Dagný Gísladóttir, Ragnar Tómasson.**

---



*Elskulegur sonur, bróðir og barnabarn*

**Stefán H. Skúlason,**
Hólmasundi 2,

lést að morgni 12. júlí sl. á Landspítala, Fossvogi. Útför verður gerð frá Víðistaðakirkju, Hafnarfirði, mánudaginn 19. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast Stefáns er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**Katrín Árnadóttir** **Páll E. Winkel**
**Guðný Kristín Winkel**
**Katrín Pála Winkel**
**Guðný Sigurðardóttir** **Árni Hreiðar Þorsteinsson**

---



*Hjartkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi*

**Guðmundur Ingimundarson**
verslunarmaður, Bogahlíð 8, Reykjavík

lést þriðjudaginn 13. júlí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 21. júlí kl 13.

**Jóhanna M. Guðjónsdóttir**
**Guðjón Ingi Guðmundsson** **Ruth Guðmundsdóttir**
**Elsa Guðmundsdóttir** **Björgólfur Thorsteinsson**
**og barnabörn.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma*

**Jóna Björg Halldórsdóttir**
frá Húsavík, lengst af til heimilis að Keldulandi 11,

lést á Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð þann 4. júlí.

Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 19. júlí klukkan 13.

**Guðrún Birna Hannesdóttir**
**Halldór Ingi Hannesson** **Edda Óskarsdóttir**
**Helga Heiður Hannesdóttir**
**Hannes Jón Hannesson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Rósa Daney Willjamsdóttir**
Hjúkrunarheimilinu Eir
áður til heimilis að Þórðarsveig 1

lést fimmtudaginn 15. júlí á hjúkrunarheimilinu Eir.

**Gunnar Skagfjörð Sæmundsson**
**William** **Sigrún**
**Sæmundur** **Inga**
**Margrét** **Halldór**
**Gunnar** **Guðrún**
**Anna** **Sigurður**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Þór Jónsson**
flugstjóri,

lést fimmtudaginn 15. júlí á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útför verður auglýst síðar.

**Brynjar Freyr Stefánsson** **Harpa Harðardóttir**
**Haukur Fjalar Stefánsson**
**Sigríður Stefánsdóttir**
**María Stefánsdóttir**
**Auður Stefánsdóttir**
**og afabörn.**

---



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Stefáns Eiríkssonar**
fyrrverandi aðstoðarslökkviliðsstjóra á Keflavíkurflugvelli.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Skógarbæjar og hljóðbókardeild Blindrabókasafnsins fyrir einstaka alúð, þjónustu og umönnun.

**Guðmundur Már Stefánsson** **Auður Margrét Möller**
**Helga Björk Stefánsdóttir** **Jóhann Jóhannsson**
**Stefán Hrafn Stefánsson** **Ásta Hrönn Kolbeinsdóttir**
**Ásta Hrönn Stefánsdóttir** **Jón Dan Einarsson**
**Hrefna Stefánsdóttir**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**







# Útrýming mannkyns

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Hrikalega fögur vinkona mín sagði um daginn að vinkonur hennar væru í auknum mæli byrjaðar að sækja í yngri karlmenn. Á meðan ég fylgdist agndofa með sagði hún algengt að stelpur sem væru komnar um eða yfir miðjan þrítugsaldurinn skömmuðust sín ekkert fyrir að eiga rétt tæplega tvítuga kærasta og sneru þannig aldagömlum gildum á hvolf – gildum sem hafa viðhaldið lífi á jörðinni frá örófi alda.

**FRÉTTIRNAR** komu mér að sjálfsögðu í opna skjöldu og röskuðu einhverju jafnvægi innra með mér. Ég þekki varla annað en að karlmenn eigi einkaleyfi á því að næla sér í yngri maka og finnst framandi að hugsa til þess að 25 ára stelpur láti sjá sig í stúdentsveislum hjá kærustunum sínum sem eru mjóróma og óöruggir eins og aðrir unglingar. Það sló mig einnig að stelpurnar eru miklu yngri en hinar svokölluðu fjallaljónynjur (e.þ. Cougars) sem sitja um miklu yngri menn og veiða þá með hjálp óaðfinnanlegra leðurstígvéla og farsæls ferils í fasteignasölu.

**VINKONA** mín staðfesti semsagt að fjallaljónynjur geta verið miklu yngri en áður var talið. Við nánari eftirgrennslan komst ég að því að þessi nýja kynslóð kallast *púmur* (e.þ. Puma) eða fjallaljónynjur í þjálfun. Þær leita ekkert sérstaklega langt niður fyrir sig í aldri – kannski fimm til sex ár og sleppa þannig við að vera kallaðar vögguræningjar (e.þ. Craddle robbers) sem er slanguryrði yfir þá eða þær sem leita til *miklu* yngra fólks í leit að losta og/eða ást – en þó innan ramma laganna.

**VIÐ** skulum vona að guð hjálpi okkur því þessi þróun gæti leitt til útrýmingar silungsins (e.þ. Trout). Silungur er karlmaður sem sækir í yngri stelpur og hefur viðhaldið lífi á jörðinni frá upphafi. Afleiðingarnar gætu jafnvel orðið alvarlegri, enda á mannkynið allt undir eldgömlum karlgörmum sem áttu í ástarsamböndum við yngri konur. Júlíus Cesar var til dæmis 52 ára þegar hann kynntist hinni 21 árs gömlu Kleópötru um 47 fyrir Krist.

**EF PÚMUR** éta karlmannsstofninn upp til agna áður en þeir ná að verða silungar verður ekkert æti eftir fyrir fjallaljónynjurnar. Ef þessari þróun verður ekki snúið við er tortíming mannkyns yfirvofandi.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Bóksalar velja Fréttablaðið

Reyndir auglýsendur eru meðvitaðir um þá staðreynd að 95% dagblaðalesenda lesa Fréttablaðið. Þeir vita líka að Morgunblaðið bætir einungis 5% við þann hóp. Auglýsingaféð nýtist því betur þegar Fréttablaðið er valið – og það skilar árangri!

| | FRÉTTABLAÐIÐ | MORGUNBLAÐIÐ |
|---|---|---|
| PENNINN EYMUNDSSON | 88% | 12% |
| EDDA | 30% | 70% |
| JPV/FORLAGIÐ | 93% | 7% |
| MÁL OG MENNING | 90% | 10% |
| BÓKAMARKAÐUR PERLUNNAR | 83% | 17% |

Heimild: Gagnagrunnurinn „Auglýsingamarkaðurinn í tölum" frá Capacent Gallup 2010.

Fyrirtækin sem eru nefnd að ofan eru meðal 200 auglýsenda sem birta mest af auglýsingum í dagblöðum talið í dálksentimetrum.

## Auglýsing í Fréttablaðinu er allt sem þarf

**95%**

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 95% lesenda blaðanna




Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. – Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.

## > AFTUR TIL FORTÍÐAR

Skinny-jeans, kærastabuxur, útvíðar gallabuxur, og rifnar rokkaragallabuxur eru út! Í gallabuxnatískunni er horft aftur til fortíðar og er gamla Levi's 501 sniðið farið að ryðja sér aftur til rúms. Klassískar, beinsniðnar buxur eru sem sagt það sem koma skal.



# stíll

utlit@frettabladid.is



Röndóttan klút sem fæst í versluninni Sautján í Kringlunni.



Hippalegt leðurarmband, færi vel við blómakjólana sem eru svo vinsælir. Fæst í Warehouse.

## OKKUR LANGAR Í ...



Flottan kjól í anda tíunda áratugarins, flottur við hvaða tilefni sem er. Fæst í Warehouse.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
SARA MCMAHON

# *Útsölur fyrir andlega heilsu*

Leggi fólk leið sína í Kringluna, Smáralind eða á gamla, góða Laugaveginn þessa dagana mun það reka augun í lokkandi plaköt í búðargluggum sem auglýsa útsölur. Ég hef afskaplega gaman af útsölum því sé vel leitað má oftast finna sitthvað skemmtilegt á góðum prís.

Ég hef þó veitt því eftirtekt að ég á það til að ráfa óvart í þann hluta verslunarinnar sem geymir „nýju vörurnar" í stað þess að halda mér í „útsölu" hlutanum eins og til stóð. „Nýju vörurnar" hafa jafn mikið aðdráttarafl og útsölu-plakötin í búðargluggunum og ég virðist dragast að þessu sem mý að mykjuskán.

Reynslan hefur sýnt að þó ég fari gagngert í bæinn til að kaupa eitthvað á útsölu þá læðist oftast eitthvað nýrra og dýrara með ofan í pokann. Ég réttlæti kaupin á dýrari flíkinni með því að segja við sjálfa mig að fyrst ég sparaði gríðarlegan pening á útsölukaupunum má ég verðlauna mig með einni „nýrri" flík. Svo geng ég út úr versluninni, gef mér eins og eitt gott klapp á bakið fyrir að hafa sparað á útsölukaupunum og held létt í spori heim á leið.

Í mínum augum eru útsölur afskaplega gefandi því bæði fara þær vel með pyngjuna og maður verður svo hræðilega hreykinn af sjálfum sér fyrir að hafa fæðst með þetta mikla peningavit.




Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál




REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



**EINS OG KVIKMYNDASTJARNA** Samfestingur í anda gömlu kvikmyndastjarnanna, skreyttur með perlum og hvítum kraga.

NORDICPHOTOS/GETTY



**BLÁTT HÁR** Fyrirsæta klæðist blárri kápu og með hár í stíl.

## Á MILLI ÞESS FÁGAÐA OG ÞESS ÓÚTREIKNANLEGA:

# FRAMSÆKIN FRÖNSK HÖNNUN

**Sumarlínan 2010 frá franska hönnuðinum Alexis Mabille vakti nokkra athygli fyrir skemmtilegar línur og snið. Mabille starfaði áður sem hönnuður hjá Dior og vann þá fyrir hönnuðinn John Galliano. Mabille frumsýndi fyrstu línuna undir eigin nafni árið 2005 og vakti hún rífandi lukku meðal tískuspekúlanta.**



**FLOTTUR JAKKI** Þessi fallegi jakki er úr vor- og sumarlínunni 2010.



**FRÁ TOPPI TIL TÁAR** Flottur bleikur skyrtukjóll með skemmtilegri slaufu um hálsinn.



**ÍBURÐUR** Æðislegur kjóll með íburðarmiklu hálsmáli frá Mabille.



**KVENLEGT** Þessi kvenlegi kjóll dregur fram línurnar á smekklegan hátt.

# NÆLDU ÞÉR Í SHREK 1, 2, og 3 Á FRÁBÆRU VERÐI!




Gildir til 23. júlí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > GERIR VAMPÍRUMYND

Framleiðsla á vampírumyndinni Dark Shadows í leikstjórn Tims Burton hefst í janúar á næsta ári. Myndin er byggð á samnefndri sápuóperu frá sjöunda áratugnum. **Johnny Depp** fer með hlutverk Barnabas Collins í aðalhlutverkinu og segir að þar með sé æskudraumur sinn að rætast.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Cera gerir grín að Apatow

Leikarinn Michael Cera sem gerði garðinn frægan sem George Michael í sjónvarpsþáttunum Arrested Development sat fyrir svörum hjá tímaritinu Playboy. Í viðtalinu viðurkennir Cera að hann vaði alls ekki í kvenfólki þrátt fyrir frægðina. „Þegar ég fer til dæmis út að borða á veitingastað veit ég að hverja einustu stúlku þar inni langar að koma til mín, heilsa upp á mig og vera svolítið kynferðisleg aggressív, en þær eru allar svo feimnar að þær þora það ekki. Í sumum tilfellum eru þær meira að segja svo feimnar að þær þora ekki einu sinni að líta í áttina til mín," sagði hinn gamansami leikari sem er aðeins 22 ára gamall.

Hann sagðist einnig kunna illa við ummæli leikstjórans Judd Apatow sem í gríni kallaði Cera eitt sinn pirrandi. „Ég er of fágaður til að svara þessum ummælum hans þrátt fyrir að hann sé það ófágaður að hann geri gys að mér opinberlega. En á milli okkar, þá kom hann oft á tökustað og hrækti framan í tökuliðið, stundum setti hann einnig salatsósu í kaffið og átti það jafnvel til að grípa í fólk og kyssa það harkalega á munninn. Það eina sem ég gæti hafa gert sem gæti kallast pirrandi var að hafa hent skó í einn aðstoðarmanninn og strax er ég gerður að skúrkinum."



**GAMANSAMUR** Michael Cera gerði mikið grín í nýlegu viðtali við Playboy. NORDICPHOTOS/GETTY

# Trúbatrixur leita að konum

Tónlistarhópurinn Trúbatrixur er kominn á kreik eftir góða tónleikaferð til Bretlands í vor.

Trúbatrixur leita nú að nýjum og spennandi íslenskum tónlistarkonum til að taka þátt í tónleikaferð um Ísland í ágúst í samvinnu við tónlistarsjóðinn Kraum. Einnig taka þær þátt í safnplötunni Trúbatrix Taka 2 sem verður gerð skömmu síðar. Skilyrðin eru þau að stúlkurnar flytji frumsamda tónlist og eigi auðvelt með að koma fram. Almenningur er einnig hvattur til að benda á efnilegar tónlistarkonur.

Hægt er að senda upplýsingar á netfangið trubatrix@gmail.com.



**ELÍZA GEIRSDÓTTIR** Trúbatrixur leita að nýjum og spennandi íslenskum tónlistarkonum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ÞORVALDUR KRISTINSSON** Kaupfélagið er það fyrsta sem fólk verður vart við þegar hátíðin fer að nálgast.

# Hinsegin kaupfélag með regnbogavörur

„Þetta er hluti af fjáröflun okkar þar sem hátíðin kostar sitt. Þetta er einnig kjörinn vettvangur fyrir fólk til að verða sér úti um það sem þarf fyrir hátíðina," segir Þorvaldur Kristinsson, forseti Hinsegin daga.

Í dag verður opnað Kaupfélag Hinsegin daga sem er verslun með varning, aðgöngumiða og VIP kort ásamt fleiri nauðsynjum fyrir hátíðina. Kaupfélagið er í versluninni IÐU við Lækjargötu og verður opið alla daga fram að hátíð. Þetta er fastur liður í fjáröflun Hinsegin daga og er verslunin jafnframt það fyrsta sem fólk verður vart við þegar hátíð fer að nálgast.

„Þarna getur fólk fundið regnbogabönd, regnbogafána, regnbogafjaðrir og í raun nánast allt regnboga- sem það vill. Á hverju ári er einnig gerður bolur hátíðarinnar og í ár er það Davíð Terrazaz sem hannar hann. Bolurinn verður til sölu í Kaupfélaginu en fylgir þó frítt með ef keypt er VIP-kort," segir Þorvaldur.

Að hátíðinni kemur fjöldinn allur af sjálfboðaliðum og má nefna að um tíu sjálfboðaliðar sjá um Kaupfélag Hinsegin daga en fá aðstoð 50 sjálfboðaliða sem selja varning á hátíðardaginn í göngunni sjálfri.

„Undirbúningurinn gengur mjög vel og allt er samkvæmt áætlun, enda erum við með fólk í margra ára æfingu þar sem þetta er í 12. skipti sem hátíðin er haldin. Það er öllum velkomið að vera með í göngunni. Það eina sem fólk þarf að gera er að tilkynna sig til göngustjóra með upplýsingar um atriðið sitt," segir Þorvaldur, spenntur fyrir hátíðinni í ár. - ls






# Snýr aftur

**Popparinn Robbie Williams ætlar að taka upp nýja plötu með fyrrum félögum sínum í strákabandinu Take That. Hún er væntanleg í nóvember. Robbie hætti í Take That árið 1995 og hóf vel heppnaðan sólóferil. Robbie og Take That ætla að starfa saman í eitt ár og fara í tónleikaferð til að fylgja plötunni eftir. „Ég verð ótrúlega spenntur þegar við fimm erum saman í herbergi. Mér líður eins og ég sé kominn heim,“ sagði Robbie. Hann söng síðast með sveitinni í útgáfu hennar á lagi REM, Evereybody Hurts, til styrktar fórnarlömbum jarðskjálftans á Haítí.**



**ROBBIE WILLIAMS** Popparinn ætlar að taka upp nýja plötu með fyrrum félögum sínum í strákabandinu Take That.

# Fyrrverandi fékk einkadans

Fyrrum kærasta rapparans Kanye West, fatafellan Amer Rose, sást daðra við ruðningskappann Reggie Bush, sem er fyrrum kærasti raunveruleikastjörnunnar Kim Kardashian, en fréttirnar eiga að hafa komið sérstaklega illa við Kardashian.

Rose hitti Bush í veislu sem haldin var af íþróttastöðinni ESPN og á stúlkan að hafa gengið beint upp að kappanum og gefið honum lítinn einkadans. Að sögn viðstaddra vakti þetta mikla lukku hjá Bush sem að dansinum loknum leiddi stúlkuna á burt með sér. Kardashian og Bush hafa átt í stormasömu sambandi síðastliðið ár og að sögn slúðurtímarita vestra mun stúlkan enn halda í vonina um að þau taki aftur saman að lokum. Þetta litla atvik ætti þó að setja strik í reikninginn hjá Kardashian.



**ÓSÁTT** Fyrrum kærasti Kim Kardashian er nú að slá sér upp með fyrrum kærustu Kanye West. NORDICPHOTOS/GETTY

# Bloggar úr fangelsi

Rapparinn Lil´ Wayne er byrjaður að blogga úr Rikers Island-fangelsinu í New York þar sem hann afplánar eins árs dóm fyrir að vera með hlaðna byssu í tónleikarútu sinni. Miðað við bloggið virðist Wayne lifa hinu ljúfa lífi í fangelsinu. „Ég vakna 11 á morgnana, fæ mér kaffi og hringi í börnin og mína yndislegu móður. Síðan fer ég í sturtu, svara pósti frá aðdáendum, fer í hádegismat og svo í símann aftur. Svo les ég bók eða skrifa hugsanir mínar niður,“ skrifar rapparinn. Hann á eftir að afplána yfir eitt hundrað daga af dómnum og kemst ekki hjá því að fylgjast vel með dagatalinu. „Tel niður dagana með bros á vör,“ skrifar hann. „Flest þessi bros koma eftir að ég hef heyrt í börnunum mínum.“



**LIL´WAYNE** Rapparinn er byrjaður að blogga úr Rikers Island-fangelsinu í New York.


BRÚÐUHEIMAR
Opið í Borgarnesi alla daga frá 10:00 til 22:00



LEIKSÝNING
á sunnudaginn kl 14:00
Leikbrúðusafn - Brúðuleikhús
Veitingar - Gjafavara
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000
BRÚÐUHEIMAR Center for Puppetry Arts



OPIÐ Í DAG 11-15
í Lágmúla 8 og Síðumúla 9
HEIMILISTÆKI HLJÓMTÆKJADEILD

AEG ELDHÚSPAKKI
OFN [B-3051-5-M] · HELLUBORÐ [634000-XB] · VIFTA [DS70-M]
AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
AEG TILBOÐSVERÐ: 179.900,-
LISTAVERÐ: 263.700,-
ÞÚ SPARAR 83.800,- kr.

DRAUMARYKSUGAN ER FRÁ AEG
ÞÆR GERAST EKKI BETRI!
NÝ SENDING
FJÖLBREYTT ÚRVAL
20% afsláttur

AEG ÞURRKARI
LAVATHERM-T55460
AEG TILBOÐSVERÐ: 99.900,-
LISTAVERÐ: 119.900,-
ÞÚ SPARAR 20.000,- kr.

Allar nánari upplýsingar: www.ormsson.is

TAKTU FLOTTAR MYNDIR Á FRÁBÆRAR MYNDAVÉLAR

OLYMPUS
FE-4030
Stafræn myndavél
14 milljón pixlar
4x aðdráttarlinsa
(26-105 mm)
Verð kr: 24.900,-
Til í tveimur litum: Brún og hvít

SAMSUNG
EC-ES55
10. milljón pixlar
2,5"skjár · 3x Optical Zoom
DIS (Digital Image Stabilization)
Face detection
Verð: 22.900 kr.

CASIO
EX-Z35
Stafræn myndavél
12.1 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa
(35,5-106,5mm)
Verð: 22.900 kr.
Til í tveimur litum: Svört og silfur

GÆÐI OG GOTT VERÐ FARA ALLTAF SAMAN HJÁ
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800



80%



80% málarameistara* velja útimálningu frá Málningu fyrir íslenskar aðstæður
Notaðu sumarið til að búa í haginn fyrir veturinn.




*Hlutfall málarameistara sem eru í viðskiptum við Málningu hf.

Málning - fyrir íslenskar aðstæður
Þeir sem til þekkja nota Steinvara 2000 eða Steintex á steinsteypu og múrverk utanhúss. Íslenskt veðurfar, íslensk vöruþróun, íslensk útimálning.

málning
-það segir sig sjálft-

# Haffi Haff og Páll Óskar stilla saman strengi sína

**Einn ástsælasti söngvari landsins, Páll Óskar Hjálmtýsson, og sá frumlegasti í bransanum, Haffi Haff, eru með sameiginlega tónleika í kvöld. Páll Óskar lofar miklu stuði en hann telur Haffa vera rísandi stjörnu sem eigi að koma sér út fyrir landsteinana.**



**TVÆR STJÖRNUR** Páll Óskar og Haffi Haff ætla að koma saman fram í fyrsta sinn á skemmtistaðnum Nasa í kvöld. FRÆETTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég skellti mér á útgáfutónleika Haffa fyrir nokkru og varð alveg heillaður. Þetta voru flottustu útgáfutónleikar sem ég hef upplifað á Íslandi, ég meina það," segir Páll Óskar en hann vill meina að Haffi Haff hafi brotið blað í íslenskri popptónlistarsögu með tónleikunum.

Honum fannst hann því þurfa að kynna og sýna fleirum hvað Haffi Haff er að gera en fyrsta plata hans, Freak, kom út fyrir stuttu. „Þetta er í fyrsta sinn sem við erum að vinna saman en við höfum lent í því að troða upp á sömu tónleikunum og erum með svipaðan aðdáendahóp. Núna er það bara ég sem er að hita upp fyrir Haffa," segir Páll Óskar en hann segir að enginn aðdáandi popptónlistar megi láta sýninguna hans Haffa framhjá sér fara. Tónleikarnir eru meiri sviðssýning og Páll Óskar líkir Haffa Haff við poppstjörnuna Lady GaGa. „Allt er geðveikt. Dansarnir, búningarnir og svo finnst mér tónlistin hans frábær. Vel dansvæn," segir hann og bætir við að hann telji að Haffi eigi möguleika á því að gera það gott úti í hinum stóra heimi. „Haffi á að fara út til New York eða Los Angeles og gerast hommastjarna. Hommarnir myndu éta hann þarna úti."

Páll segir að þeir félagarnir verði hvor með sitt prógrammið en að þeir muni líka taka eitt eða fleiri lög saman. „Haffi bað sérstaklega um að fá að syngja lagið mitt, Sama hver þú ert, með mér, hann hefur víst mikið dálæti á því lagi. Við erum búnir að æfa það saman og svo er aldrei að vita nema við tökum fleiri," segir Páll Óskar spenntur fyrir góðu kvöldi.

Tónleikarnir eru sem fyrr segir á skemmtistaðnum Nasa og húsið verður opnað á miðnætti. Miðaverð er 1.000 krónur og seljast við innganginn.

alfrun@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| PREDATORS LÚXUS | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 1 (950kr.) - 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 1 (650kr.) - 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 1 (950kr.) - 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| KILLERS | kl. 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 -10.20 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 10.30 | L |
| THE A TEAM | kl. 8 | 12 |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 8 - 10 kraftsýning | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10 | 12 |
| KILLERS | kl. 4 - 6 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 2(900kr), 4, 6 og 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 2(600kr) og 4 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 2(900kr), 4 og 6 | L |
| PREDATORS | 8 og 10 (POWER) | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| THE A - TEAM | 10.10 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl. Tali kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D ensku Tali | kl. 8 - 10:10 | L |
| BOÐBERI | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:40 - 8:10 - 10:40 | 12 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 3 - 5:40 - 8:10 - 10:40 | VIP |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
